
Fornleifaskráning Seyðisfjarðar

Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009 - 2029

Seyðisfirði • Haustmánuðum 2009.



Mynd á forsíðu er af Fjarðaröldu í Seyðisfirði um 1880.
Úr einkasafni.

Bjarki Borgþórsson, fornleifafræðingur.
Ólafur Örn Pétursson, landfræðingur.

Skálanessetur ehf
Hafnargata 42
710 Seyðisfirði

Sími 861-7008
Tölvupóstfang skalanes@skalanes.com

Efnisyfirlit

Fornleifaskráning Seyðisfjarðarkaupstaðar er lögbundið ferli í aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins sem fyrirhugað er að klára á vormánuðum 2010.

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Framkvæmd skráningar	6
Minjaflokkar	7
Tegund	7
Hlutverk.	9
Ágrip af sögu Seyðisfjarðarkaupstaðar	15
Fornleifaskrá	18
Hnitsettar minjar	18
Langahlið í Vestdal	18
Fjörður	42
Fjarðarsel og Sunnan Fjarðarár Inn að Þorpi.	49
Ýmsar minjar í kaupstaðnum	67
Búðareyri	79
Óhnitsettar Minjar	99
Samantekt og Niðurlag	109
Samantekt	109
Niðurlag	111
Skrár og Töflur	112
Myndaskrá	112
Teikningaskrá	115
Hnitatafla	116
Heimildaskrá	123

Inngangur

Á haustmánuðum 2009 hófust þeir Bjarki Borgþórsson fornleifafræðingur og Ólafur Örn Pétursson landfræðingur handa við að undirbúa skráningu á öllum minjum innan fyrirhugaðra skipulagsreita nýs aðalskipulags Seyðisfjarðar 2009-2029. Strax í upphafi var það ljóst að skráningin yrði umfangsmikil enda má segja til einföldunar að fornleifar séu bygging eða eitthvert mannanna verk eldra en hundrað ára auk minja frá seinni styrjaldarárunum. Þar sem skráningarsvæðið spannar þorp í mikilli uppbyggingu fyrir og eftir aldamótin í bland við hefðbundinn landbúnað að þá er bæði þéttni og fjölbreytileiki minja mikill. Sá listi sem Fornleifavernd ríkisins gefur út til leiðbeiningar um tegundir minja á bágð með að ná yfir það minjalandslag sem er til staðar í Seyðisfjarðarkaupstað, þá sér í lagi þær minjar sem tengjast sjósókn erlendra athafnamanna. Töluverðar framkvæmdir og rask hefur átt sér stað innan svæðisins á síðari hluta 20. aldar og eru minjar horfnar eða verið raskað af þeim sökum. Má þar nefna þegar útbúin voru síldaplön við sjávarsíðuna, landfyllingar, túnagerð og svæði sem rudd voru fyrir síldarbræðslur.

Skráningarsvæðið í norðanverðum Seyðisfirði nær frá Lönguhlíð í Vestdal og inn að nýju virkjunarhúsi í Fjarðarsel. Sunnanmegin nær svæðið frá Grenistanga og inn í Þórsmörk en skipulagi var frestað á fyrirhuguðum íbúðarhverfum inn með Fjarðará. Svæðið var kannað í októbermánuði en snjór og haustrigningar töfðu þó nokkuð fyrir framkvæmdinni. Allar minjar sem skráðar voru í felti voru mældar, lýst, hnitsettar, teiknaðar og eða ljósmyndaðar.

Eftirfarandi skýrsla inniheldur þær fornleifar sem fundust í rituðum heimildum, á loftmyndum, túnakortum, mælingakortum og við vettvangsvinnu.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Í Þjóðminjalögunum eru allar fornleifar verndaðar fyrir öllu raski en samkvæmt 10. grein má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta fornleifum ekki heldur hylja, laga, aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þessi ákvæði ná yfir allar fornleifar sama hvort þær njóti friðlýsingar eða ekki. Allar óþekktar fornleifar sem koma í ljós ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins. Í 14. gr segir;

„Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.”

Eitt helsta markmið fornleifaskráningar er að komast hjá því að minjar verði fyrir skemmdum að óþörfu eða vegna gáleysis. Fornleifaskráning er stór þáttur í skipulagðri minjavörslu og megin

forsenda þess að hægt sé að taka ákvörðun um verndun á einstökum minjasvæðum.

Fornleifaskráning getur einnig komið að gagni við rannsóknir og við ýmsar kynningar.

Mikilvægt er að framkvæmdaraðilar hafi greiðan aðgang að yfirliti um fornleifar á því svæði sem framkvæmdir eiga sé stað. Þannig er hægt að taka tillit til fornleifa við skipulagsvinnu og aðlaga framkvæmdir að því minjalandslagi sem fyrir er. Það minnkar einnig líkur á því að komið sé óvænt niður á minjar sem þörf er á að rannsaka með öllum þeim tögum og kostnaði sem því fylgir.

Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni allra hvort sem það er frá sjónarmiði framkvæmdaraðila eða fornleifafræðinnar.¹

Framkvæmd skráningar

Kannaðar eru helstu heimildir eins og örnefnaskrár, jarðabækur, loftmyndir og túnakort sem geta gefið vísbendingar um fornleifar á svæðinu. Þegar allar hugsanlegar heimildir hafa verið kannaðar er skráningasvæðið gengið á skipulagðan hátt þar sem allar minjar eru skráðar, mældar, teiknaðar og myndaðar. Allar upplýsingar fara svo inn í gagnagrunn og skilað inn í stafrænu formi til

Fornleifaverndar ríkisins sem hefur yfirumsjón með öllum fornleifum á landinu. Í gagnagrunninum eru fornleifarnar flokkaðar eftir þeim jörðum sem þær eru að finna á og er þá notast við

jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.²

Jarðirnar eru vanalega flokkaðar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum en það fyrra er frá Fasteignamati ríkisins og síðara er samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847). Jörðin Fjörður er ekki lengur skráð bújörð heldur er hún orðin hluti af bæjarlandi Seyðisfjarðarkaupstaðar því verður einungis notast við númer jarðarinnar frá 1847 í skýrslunni sem er 249 í þessu tilviki.

Fornleifaskráin sjálf er þannig uppbyggð að allar bera minjarnar heiti eins og NM-249-001 en NM stendur fyrir N-Múlasýsla, 249 er jarðanúmerið eins og komið var að áðan og 001 er raðnúmer. Sumar minjarnar fá sérheiti eins og til dæmis hús sem báru nafn. Minjarnar fá síðan hnit ef hægt var að staðsetja þær og reynt er að tilgreina tegund og hlutverk þeirra. Gert er grein fyrir ástandi minjanna og hvort hætta sé á raski vegna hinna ýmsu þátta í framtíðinni. Síðast er fjallað um staðhætti og lýsingu á minjunum bæði eins og þær koma fyrir sjónir skrásetjara og einnig hvernig þeim er lýst í heimildum ef einhverjar eru.

¹ Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. 2007.

² Johnsen, J. 1847

Minjaflokkar

Hér á eftir verður farið yfir þá minjaflokka sem koma fyrir í skýrslunni annars vegar þær tegundir minja sem skráðar voru og hinsvegar hvaða hlutverki minjarnar hugsanlega þjónuðu. Síðari flokkurinn er þó oft á tíðum einungis mat skrásetjara á vettfangi sem gerir þann lið engan veginn bindandi. Eftirfarandi flokkar eru samkvæmt skráningastöðlum frá Fornleifavernd ríkisins sem gefnir voru út árið 2008. Sífellt aukin vitneskja á menningararfi Íslendinga gerir það þó að verkum að skilgreiningin á tegund og hlutverki er ávallt í endurskoðun.

Tegund

frásögn kv.

[skilgr.] Munnleg heimild um fornleifar.

[skýr.] Hluti af fornleifaskráningu er að leita upplýsinga um fornleifar hjá staðkunnugum.

[enska] narrative.

garðlag hk.

[sh.] garður

[skilgr.] Hverskyns garðhleðsla úr torfi eða grjóti sem ekki er veggur í húsi eða tóft.

[skýr.] Garðlög hafa verið hlaðin í ýmsum tilgangi en þó oftast til að hafa stjórn á skepnum eða til að afmarka svæði, t.d. landareign.

[enska] wall.³

gata kv.

[skilgr.] Rásir eða troðningar sem myndast hafa af endurtekinni umferð manna og hrossa.

[enska] path.⁴

heimild kv.

[skilgr.] Rituð heimild um fornleifar.

[skýr.] Hluti af fornleifaskráningu er að leita upplýsinga um fornleifar í rituðum heimildum.

[enska] written sources, documents.

hleðsla kv.

[skilgr.] Torf og eða grjót sem er hlaðið upp í lögum hvort ofan á öðru.

[skýr.] Oft er um að ræða lítinn stakan vegg eða veggjarbrot.

[enska] stack or small wall made of stones and/or turf.

hóll kk.

[skilgr.] Lítil ávöl hæð sem sker sig úr úmhverfinu.

[skýr.] Bæjarhólar og öskuhólar/-haugar eru dæmi um manngerða hóla sem myndast á löngum tíma. Bæjarhólar myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf- og sorplögum en öskuhaugar úr ösku, beinum og öðrum úrgangi. Þá hafa sagnir oft bent á hóla sem haug, þ.e. legstað

³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴ Orri Vésteinsson, Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskráning, skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir.

heiðins manns.

[enska] mound.⁵

jarðræktarsvæði hv.

[skilgr.] Svæði sem hefur verið unnið með einhverjum hætti (plægt, herfað, sléttað, upp stungið) til að yrkja/rækta jörðina.

[skýr.] Dæmi um jarðræktarsvæði eru gömul tún, akrar og sumum tilfellum matjurðagarðar.

[enska] cultivated land/area.⁶

niðurgröftur kk.

[skilgr.] Hver sú eind sem hefur verið grafin niður, t.d. gryfjur, holur og rennur.

[enska] dig, cut, ditch, hole.

niðurgröftur með hleðslu

[skilgr.] Hver sú eind sem hefur verið grafin niður og styrkt að innan með hleðslu.

[skýr.] Hér getur verið um að ræða brunna og í sumum tilvikum húsagrunnar.

[enska] dig / ditch /hole strengthen with stone or turf wall.

rutt svæði hv.

[skilgr.] Svæði sem hefur verið rýmkað, t.d. hreinsað af grjóti.

[skýr.] Dæmi um rutt svæði geta verið lendingar þar sem grjót hefur verið fjarlæggt til að auðvelda aðkomu skipa/báta.

[enska] cleared area.

steinsteypa kv.

[skilgr.] Mannvirki gert úr steinsteypu.

[skýr.] Upp úr 1880 fóru Íslendingar að veita steinsteypunni athygli og árið 1895 reis fyrsta svokallaða steinsteypuhús að Sveinatungu í Borgarfirði en áður höfðu menn gert tilraunir með steypusteinahús.

[enska] concrete.⁷

tóft kv.

[skilgr.] Tóft er (oft vallgrónar) leifar af hrundu mannvirki sem hefur verið hlaðið úr torfi og/eða grjóti.

[enska] ruin.³¹

þúst kv.

[skilgr.] Ójafna eða þúfa/-ur sem skrásetjari á vettvangi telur að sé einhvers konar mannvirki.

[enska] formless/indistinct ruin.⁸

⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/. Sjá umfjöllun um bæjarhóla og öskuhauga í orðasafni. - *Íslensk orðabók A-L*, 631.

⁶ *Íslensk orðabók A-L*, 730-731.

⁷ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleið I*, 319.

⁸ *Íslensk orðabók A-L*, 1844. - Orri Vésteinsson, Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskráning, skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir*.

Hlutverk.

beitarhús hk.

[skilgr.] Fjárhús utan túns, oft fjarri bæ, sem miðuðu að því að nýta útbeit eða fjörubeit.

[skýr.] Hugtakið var oft notað í fleirtölu og var talað um „að hafa fé á beitarhúsum“. Annað hugtak sem stundum var notað yfir beitarhús er „hagahús“.

[enska] sheephouse in the outfield.⁹

brunnhús hk.

[skilgr.] Hús eða kofi sem var byggður annaðhvort yfir brunn eða læk.

[enska] well house.¹⁰

bryggja kv.

[skilgr.] Garður eða pallur sem skip lágu við í höfn.

[skýr.] Bryggjusporður eða bryggjuhaus var fremsti hluti bryggjunnar en bryggjupallurinn hvíldi á bryggjustaurum eða –stólpum.

[enska] dock.¹¹

bæjarhóll kk.

[skilgr.] Hóll sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf- og sorplögum þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaraðir.

[skýr.] Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkurra metra þykkir.

[enska] farm mound.¹²

fiskreitir kk.

[skilgr.] Afmarkaður staður, stundum sléttaður eða hellulagður, þar sem saltfiskur var breiddur út til þurrkunar.

[enska] paved fish drying area.¹³

fjárborg kv.

[skilgr.] Hringlaga byrgi ætlað til skjóls fyrir fé, einkum útigangsfé.

[skýr.] Af heimildum að dæma hafa verið til tvenns konar fjárborgir: Annarsvegar borghlaðnar upp í topp og hinsvegar opnar að ofanverðu.

[enska] round sheep shelter.¹⁴

fjárhús hk.

[skilgr.] Hús undir sauðfé, yfirleitt í eða við tún.

[skýr.] Stærð fjárhústófta er breytileg en oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla upp við útveggi undir jötur. Þá má oft sjá merki þess að hlaða eða heytóft hafi verið áföst fjárhúsunum.

⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹¹ Íslensk orðabók A-L, 181.

¹² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[enska] sheep house.¹⁵

fjárskýli hk.

[skilgr.] Hvers kyns skýli fyrir fé, annað en fjárhús.

[skýr.] Fjárskýli gat t.d. verið fjárhellir eða fjárborg. [enska] sheep shelter.¹⁶

framræsla kv.

[skilgr.] Skurðir eða rásir til að ræsa fram land, yfirleitt mýrar.

[skýr.] Tilgangur framræslu var að losna við laust vatn af yfirborði jarðvegs, auka frjósemi landsins og breyta gróðurfari. Þetta var gert til að búa til tún eða auka haga. Framræsla var annars vegar gerð með opnum skurðum og hins vegar með lokræsum til að fá stærri samfelldar túnspildur. Fyrstu lokræsin voru gerð upp úr 1900. Fyrsta skurðgrafan kom ekki til landsins fyrr en árið 1922. Árið 1929 voru fyrstu kíplógarnir reyndir á Íslandi en sú framræsluaðferð náði lítilli útbreiðslu fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld. Mesta framræslan fór fram fram á árunum 1940-1970 og var í hámarki á sjöunda áratugnum.

[enska] drainage ditch.¹⁷

herminjar kv.

[skilgr.] Allar minjar sem eru til vitnis um setu og umsvif hersins.

[skýr.] Á Íslandi eru flestar ef ekki allar herminjar frá því um og eftir síðari heimsstyrjöld, t.d. skotbyrgi, braggar, varðturnar, radarstöðvar og kamrar.

[enska] military remains.¹⁸

heygarður kk.

[skilgr.] Staður þar sem hlaðið var um hey til geymslu, ýmist heim við bæ eða úti á engjum.

[skýr.] Á Suðurlandi höfðu menn oft heygarða í stað hlaðna allt fram til upphafs 20. aldar. Heygarðurinn var þá hluti af bæjarsamstæðunni, að húsabaki.

[enska] hay rick, hey store.¹⁹

híbýli hv.

[skilgr.] Heimili, bústaður.

[skýr.] Á Íslandi voru menn og dýr yfirleitt ekki undir sama þaki þó þekkast nokkrar undantekningar. Til dæmis þekktust fjósbaðstofur og götubaðstofur þar sem fjósið var á neðri hæðinni og ívera fólksins á efri hæðinni en þannig nýttist hitinn frá skepnunum. Híbýlin samanstóðu yfirleitt af nokkrum herbergjum eða húsum með mismunandi hlutverk,

¹⁵ Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga: Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, *Bakki og Skarð*, 7.

¹⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁷ Jónas Jónsson: "Landbúnaður á Íslandi", *Rafræn útgáfa*. Sjá <http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/fbdc911b0ee259d500256cbb005789b4?OpenDocument&Highlight=0,framr%C3%A6sla>. Árni Snæbjörnsson: "Framræsla lands – kílræsi", 27-30. – Borgþór Magnússon, Sturla Friðriksson: "Framræsla mýra", 141-159. – Magnús Óskarsson: "Þættir úr sögu túnræktar", 57-83.

¹⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

t.d. baðstofa, búr, eldhús, stofa og skemma.

[enska] home, residence, dwelling.

[undirfl.] burstabær, gangnabær, skáli.²⁰

kennimark hv.

[skilgr.] Einkenni, merki og tákn.

[skýr.] Kennimörk geta verið landamerki, leiðarvísar, eyktarmark, minningarmörk og þess háttar. Kennimörk geta verið náttúrumínjar ýmis konar, svo sem steinar, klettar, lækir og ár en einnig manngerð mannvirki, svo sem vörður og áletraðir steinar og tré.

[enska] marker.

[undirfl.] landamerki, eyktarmark, minningarmörk.

kirkja

[skilgr.] Guðshús kristinna manna, allt frá heimiliskirkju til sóknarkirkju. Kirkjurnar var yfirleitt að finna nálægt bæjarstæðum.

[skýr.] Á alkirkjum – höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og voru þær prestsskyldar, þ.e. höfðu sinn eigin prest. Á hálfkirkjum, þriðjungs- og fjórðungskirkjum var messað annan, þriðja eða fjórða hvern helgan dag eins og nöfnin benda til. Þessar kirkjur heyrðu undir alkirkjuna og kölluðust útkirkjur eða annexíur. Á miðöldum virðast kirkjur hafa verið byggðar úr torfi eða úr timbri og þá reistar að fyrirmynd norsku stafkirknanna. Eftir siðbreytingu var torfið megin-byggingarefnið og í kringum 1700 voru um 30 timburkirkjur eftir í landinu. Á 18. öld voru torfkirkjurnar nær allsráðandi en á 19. öld fara Íslendingar að byggja aftur kirkjur sínar úr timbri, nú með nýjum hætti. Nokkrar kirkjur hafa verið rannsakaðar með fornleifauppgreftri. Ein sú elsta var grafin 1998-1999 að Neðra-Ási í Skagafirði. Er hún talin vera frá því um 1000.

[enska] church.²¹

kirkjugarður kk.

[skilgr.] Kristinn grafreitur, oftast girtur af, yfirleitt umhverfis bænhus eða kirkju.

[enska] christian cemetery.²²

landamerki hk.

[skilgr.] Hvers kyns kennimark sem notað er til að afmarka landareignir manna.

[skýr.] Landamerki geta verið náttúruleg, t.d. ár og lækir og stundum gildir sjónlína milli sýnilegra kennileita, náttúrlegra eða manngerðra, t.d. steina, þúfna, hóla eða tjarna. Landamerki geta einnig verið manngerð að öllu leyti, t.d. garðlög og skurðir og í seinni tíð girðingar.

[enska] boundary marker.²³

matjurtagarður kk.

²⁰ Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins.

²¹ Hjalti Hugason: "Kristnir trúarhættir", 100-114. – Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir: *Sauðá í Borgarsveit*, 6.

²² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skilgr.] Afgirt svæði eða gerði, stungið upp og borið á, þar sem matjurtir voru ræktaðar, t.d. kartöflur og rófur.

[skýr.] Kálgarðar urðu ekki algengir á Íslandi fyrr en á 19. öld. Frumkvöðull í íslenskri kálgarðarækt var Gísli Magnússon, kallaður Vísi-Gísli, sýslumaður í Rangárvallsýslu á 17. öld.

[enska] vegetable patch.²⁴

mógröf kv.

[sh.] svarðargröf.

[skilgr.] Gryfja eftir mótekju. Mór var notaður til eldsneytis allt fram á síðari hluta 19. aldar og jafnvel lengur, t.d. í heimsstyrjöldinni síðari.

Víða sjást ummerki eftir mótekjuna, mógrafir. Móhnausar voru stungnir upp og þurrkaðir, síðan oft raðað upp í móhrauka. Íslenskur mór er einkum gerður úr stara- og mosaleifum.

[skýr.] Mógrafir eru nær alltaf í mýrum. Sjá einnig mór.

[enska] peat mine.²⁵

mókofi kk.

[skilgr.] Kofi til að þurrka og geyma mó.

[enska] peat storage.

mylla kv.

[skilgr.] Mannvirki sem korn er malað í.

[skýr.] Í myllum eru myllusteinar, knúnir áfram ýmist af vindi eða vatni. Á Íslandi urðu myllur býsna algengar á 19. öld, yfirleitt vatnsmyllur. Stundum hafa þær verið reistar á lækjarbökkum en einnig þekkt að mjóir skurðir hafi verið grafnir úr lækjum og þannig veitt vatni á mylluhjólíð. Þetta var gert til að auka fallhæð vatnsins og fá þannig aukið afl í mylluna.

[enska] mill.²⁶

[undirfl.] vatnsmylla, vindmylla.

naust hk.

[skilgr.] Mannvirki, með eða án þaks, sem skip og bátar voru geymd í milli róðra eða vertíða.

[skýr.] Naust eru oft bátslaga, niðurgrafnar tóftir í sjávar- og vatnsbökkum sem skip eða bátar voru dregin í. Stundum eru naust kölluð hróf.

[enska] docking shed, boathouse.²⁷

óþekkt

[skilgr.] Notkun ekki þekkt.

[enska] function unknown.

skip hv.

[skilgr.] Fljótandi farkostur, fley, bátur.

[skýr.] Skip eru yfirleitt ekki skráð sem fornleifar nema um sé að ræða skipsflak.

²⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[enska] vessel, boat.²⁸

torftökustaður kk.

[skilgr.] Staður þar sem torf var rist eða stungið.

[skýr.] Torf var helsta byggingarefnið á Íslandi fram á 20. öld. Torf er hið seiga, grófa rôtarkerfi mýrarplantna sem myndar þetta rótarflækju og er ýmist stungið upp með skóflu (hnausar) eða rist með ljá (torfur og strengir). Helstu torftökustaði er að finna í mýrum (mýrartorf) og í þétt grónu og rôtarmiklu gömlu túni (grundartorf).

[enska] turf cutting place.²⁹

[yfirfl.] náma.

tún hk.

[skilgr.] Grasvöllur umhverfis bæ, fjárhús eða jafnvel stekk sem borið hefur verið á og sleginn.

[skýr.] Stundum hafa tún verið afmörkuð með hlöðnum garði, túngarði. Tún umhverfis býli nefnast heimatún.

[enska] hayfield.³⁰

túngarður kk.

[skilgr.] Garðlag umhverfis tún að hluta eða öllu leyti.

[enska] homefield boundary.³¹

uppsátur hk.

[skilgr.] Staður þar sem hægt er að setja skip (bát) á land.

[skýr.] Nokkurs konar samheiti yfir landingar, stöð, höfn og vör. Nálægt uppsátur er yfirleitt að finna naust eða hróf, þ.e. skýli fyrir bátana.

[enska] landing place.³²

útihús hk.

[skilgr.] Hvert það hús sem er aðskilið frá bæjarhúsum.

[skýr.] Útihús getur t.d. verið skemma, fjárhús eða smiðja. Orðið er yfirleitt ekki notað um mannvirki í úthögum, s.s. beitarhús.

[enska] outhouse.³³

vað hk.

[skilgr.] Staður á vatnsfalli þar sem fært er yfir, ríðandi eða gangandi.

[enska] ford.³⁴

vatnsból hk.

[skilgr.] Staður þar sem (neyslu) vatn er tekið.

[skýr.] Víða var neysluvatnið tekið úr lækjum sem nálægt voru, efndir

²⁸ Íslensk orðabók M-Ö, 1326.

²⁹ Sigríður Sigurðardóttir: *Torf til bygginga*, 3-8, 23.

³⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³² Íslensk orðabók M-Ö, 2002, 1658. - Lúðvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir* III, 67-89, 444.

³³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

bæjarlækir en einnig voru lindar nýttar sem vatnsbók. Þar sem illt var um vatn voru grafnar brunnar, sjá einnig brunnur.

[enska] spring.³⁵

[undirfl.] brunnur.

öskuhaugur kk.

[sh.] öskuhóll, ruslahaugur.

[skilgr.] Haugur sem myndast þar sem ösku, beinum og öðrum úrgangi er kastað að jafnaði.

[skýr.] Öskuhaugar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þar má finna vísbendingar um lífsviðurværi fólks og oft gripi.

[enska] midden, rubbish dump.³⁶

³⁵ Íslensk orðabók M-Ö, 1702. - Jónas Jónasson: *Íslenzkir þjóðhættir*, 475.

³⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

Ágrip af sögu Seyðisfjarðarkaupstaðar

Seyðisfjörður er langur bugðóttur fjörður sem gengur vest suðvestur úr Seyðisfjarðarflóa milli Skálaness að sunnan og Borganess að norðan. Fjörðurinn er umkringdur háum bröttum fjöllum sem flest eru um 1000m há og eru engir fjallvegir undir 600m hæð. Undirlendi er lítið en nokkuð gott beitarland er í firðinum og hefur bændum búnast nokkuð vel á svæðinu. Fjörðurinn er gott skipalægi af náttúrunnar hendi en fjörðurinn mjókkar smásaman eftir því sem innar dregur en úr botni fjarðarins sést ekki til hafs.³⁷ Seyðisfjarðarkaupstaður sem er í botni Seyðisfjarðar er blómlegur og fallegur bær sem byggðist upp í kringum aldamótin 1900 á síldveiðum og vinnslu sjávarafurða. Bærinn hefur að geyma fjöldan allann af húsum frá þessum uppvaxtarárum sínum sem eru honum mikil prýði. Saga bæjarins er merkileg á margan hátt og markast hún af framfara- og umbótasinnuðu samfélagi sem blómstraði hratt. Stórhuga menn hafa sett mark sitt á sögu og þróun bæjarins en þar má fyrstan telja Otto Wathne norskan athafnamann sem hóf veiðar og vinnslu á síld í bænum seint á 19. öld.

Um Seyðisfjörð eru fornar heimildir frekar fáorðar en þó er smá klausa í Landnámu sem segir „*Bjólfrur fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan og bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttir sína Áni einum ramma, og fylgdi henni heiman öll en nyrðri strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólfur hét sonur Bjólfs, er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir.*”³⁸

Almennt hefur verið talið að fyrstu landnámsmenn Seyðisfjarðar hafi valið sér bæjarstæði í botni Seyðisfjarðar og hafi sú jörð borið nafn fjarðarins en síðar breyst í tímana rás í Fjörð. Hvernig Seyðisfjörður fékk nafn sitt er þó ekki með góðu mót hægt að fullyrða en líklegt er að núverandi nafn sé ekki það upprunalega. Í málðaga frá árinu 1367 er fjörðurinn kallaður Seyðarfjörður en í gömlum sögnum er hann einnig nefndur Sauðarfjörður. Í þessu samhengi má nefna að í færeysku þýðir seyður sauður upp á íslensku. Þær fyrstu heimildir sem taka má mark á með góðu móti eru kirkjumálðagar frá 14. öld en þar er talað um tíu bæi sem byggja fjörðinn og eru fimm þeirra nefndir á nafn: Dvergasteinn, Kolstaðir, Brimnes, Seyðarfjörður og Þórarinsstaðir. Hérist þessi tala býla í Seyðisfirði óbreytt fram á 18 öld en í byrjun þeirrar aldar árið 1703, kemur í fyrsta sinn nokkuð áræðanleg heimild um íbúatal í Seyðisfirði. Þá eru íbúar fjarðarins 134 á fjórtán bæjum og hjáleigum. Íbúum fjarðarins fer síðan fækkandi á 18. öldinni, eru um 156 árið 1840, sem þrefaldast síðan á 40 árum þegar umsvif í firðinum fara að aukast.³⁹ Þegar þarna er komið við sögu hefur risið

³⁷ Ármann Halldórsson. Sveitir og jarðir, bindi 2. Bls 470.

³⁸ Landnáma. Bls. 306.

³⁹ Kristján Róbertsson. Byggðarsaga Seyðisfjarðar. Bls 45-58.

verulegur byggðarkjarni á fjórum stöðum í firðinum á Vestdalseyri, Fjarðaröldu, Búðareyri og Þórarinsstaðaeysum, en einnig var töluvert samfélag út á Brimnesi þar sem Færeyingar stunduðu útræði. Þessa uppbyggingu á fjörðurinn einkum auknum umsvifum útlendinga í firðinum að þakka og aukinni sjósókn heimamanna. Árið 1895 fékk staðurinn viðurkenningu stjórnvalda hvað varðar verslun, þjónustu og atvinnusköpun þegar stofnaður var Seyðisfjarðarkaupstaður við botn fjarðarins. Það má segja að þannig hafi verið til hagað að kaupstaðurinn var nánast settur ofan á búskaparland þar sem fyrir voru ein fimm býli en sú þróun hafði byrjað um háfri öld fyrr. Það má því segja að þessir tveir „menningarheimar“ kaupstaðurinn og bújörðin hafi lifað samlífi í nær heila öld og allt fram til vorra tíma þegar sjálfsþurftarbúskapur lagðist af.⁴⁰ Í dag er byggðin fyrir botni fjarðarins í landi Fjarðar. Samkvæmt algengri skilgreiningu á jarðarmörkum Fjarðarlandins nær það yfir allan fjarðarbotninn að Vestdalsá í norðri og að Borgartanga í Suðri. Kaupstaðurinn eignaðist Fjarðarlandið í smá skömmum á 20. öldinni og er nú öll jörðin komin inn í kaupstaðarlandið. Tvö þekkt afbýli voru frá Firði, annað er í dalbotninum og nefndist Fjarðarsel, en það býli hefur verið í eyði nær alla síðustu öld. Örnefnið Fjarðarsel er mörgum kunnugt af þeim sökum að þar er riðstraumsvirkjun sú elsta starfandi á landinu, Fjarðarselsbærinn var þó öllu norðar en stöðvarhúsið. Heimildir eru til um annað býli sem flokkast undir afbýli frá Fjarðarbænum, sem kallast Oddi. Það er á huldu hvar það býli stóð en þó er til örnefnið Oddi niður undan Firði á Öldunni svonefndu. Þar hefur verið kaupstaðarbyggð lengur en elstu menn muna. Þrátt fyrir að Fjarðarsel hafi heyrt undir Fjarðarbýlið þá virðist sem að á ákveðnum tímapunkti taki selið meiripartinn af landi Fjarðar undir sig og vaxi höfuðbólinu yfir höfuð.⁴¹ Kaupstaðurinn sjálfur óx hratt og varð blómlegur og þótti aðkomumönnum eftirsóknarvert að heimsækja hann. Í mörgum sveitum landsins var oft talað um að fara til Paradísar þegar halda átti til Seyðisfjarðar en þó töluðu Héraðsmenn aftut á móti um að það væri aðeins einn staður á milli sín og heljar en það væri Seyðisfjörður. Seyðfirðingar áttu að talsverðu leyti einni fisktegund að þakka þennan blóma, en það var hin velskapaði fiskur síldin, sem í hátíðlegri tali er oft nefnd silfur hafsins. Norðmenn voru duglegir að reisa sér verbúðir og fiskverkanir í firðinum til að nýta þessa auðlind sem Íslendingar litu ekki á sem mannamat. Íslendingar voru þó fljótir að fá þefinn af peningum Norðmanna þegar þeir hófu umsvif sín á landinu. Tveir menn að nafni Jacobsen og Lund áttu hvað drýgstan þátt í að leggja grunninn að þessari atvinnustarfsemi í firðinum á 8. áratug 19. aldarinnar sem aðrir landar þeirra nutu síðar góðs af. Vorið 1880 kemur síðan ungur maður sem átti eina misheppnaða tilraun að baki um áratug áður

⁴⁰ Hjalti Þórisson. Horft af Bæjarbrún. Bls. 9.

⁴¹ Hjalti Þórisson. Horft af Bæjarbrún. Bls 11-12.

við að koma upp atvinnustarfsemi í plássinnu. Hann hétt Otto Wathne.⁴² Hófst Ottó strax handa við að reisa sér söltunarhús, bryggjur og íbúðarhús sem síðar varð að stórfelldum atvinnurekstri. Þar með voru örlög hans og Seyðisfjarðar samofin en hann hvílir nú á sérstökum heiðursstað í nýjasta kirkjugarði bæjarins. Enn standa mörg af þeim húsum sem reist voru á þessum árum af Otto Wathne og öðrum athafnamönnum og eru þau minnismerki um þetta blómaskeið bæjarins.


Stríðsrekstur stórveldanna í seinni heimsstyrjöldinni snerti Seyðfirðinga jafnt sem aðra jarðarbúa og voru Bandamenn með töluverðan liðsafnað í firðinum. Fjörðurinn þótti ákjósanlegt skipalægi fyrir stríðið á N-Atlandshafi og voru skip Bandamanna tíðir gestir í firðinum. Herliðið kom upp fjölda mannvirkja víðsvegar um fjörðinn og má sjá leifar þeirra víða. Rétt eftir miðja 20. öldina hófst svo annað síldaræði á Seyðisfirði sem varð til þess að fjörðurinn fylltist aftur af erlendum sjómönnum. Ólíkt síldarævintýrinu í lok 19. aldar þá voru flestar söltunarstöðvarnar í eigu heimamanna. Á Seyðisfirði tóku við miklar framkvæmdir við ströndina þar sem land var rutt fyrir síldarsöltunarmannvirki en minjar um fyrri búsetu og athafnir manna hurfu fyrir nýjum tímum.

Þegar nær dregur samtíma verður hæpnara að hægt sé að draga breiðar línur í sögulegu samhengi en á síðustu þrjátíu árum má segja að atvinnugreinum í iðnaði og frumframleiðslu hafi hnignað ásamt því að fólki hafi fækkað nokkuð í bæjarfélaginu. Þessi þróun er þekkt í alþjóðlegu samhengi a.m.k. þegar horft er til vestrænna landa en þar hefur fólki og störfum í þéttbýli fjölgað á kostnað jaðarsvæða. Aftur á móti þá má segja að áherslur atvinnuvega samfélagsins í firðinum hafi breyst nokkuð í átt að þjónustu og ýmsum stoðgreinum. Eins hefur aukin áhugi á menningararfi staðarins aukist og skilningur á mikilvægi menningarminja s.s. byggingararfleið að sama marki aukist. Hefur það verið ásýnd bæjarfélagsins til mikilla bóta á síðustu árum.

⁴² Kristján Róbertsson. Byggðarsaga Seyðisfjarðar. Bls 62-63.

Fornleifaskrá

Hnitsettar minjar



Mynd 1

Langahlið í Vestdal

Þrátt fyrir að í Landnámu segi að Vestdalsá hafi verið landamark býlanna Fjarðar og Vestdals eru síðari tíma heimildir ekki einhuga um slíka skiptingu. Sumar segja að landamörk hafi alla tíð verið við Vestdalsá en aðrar að ábúendur Vestdalsbæjarins hafi nýtt allan dalinn upp í eggjar og að landamörkin séu á ótilgreindum stað í brekkum Bjólfs innan við Hrutahjalla.⁴³ Af þeim sökum má segja að þó að skráning hafi verið framkvæmd á hluta þess svæðis sem áður tilheyrði Firði þá sé það minjalandslag sem þar má finna hugsanlega frekar í ætt við daglegt amstur og búskap Vestdalsbænda. Taka ber sérstaklega fram að einungis lítill hluti svæðisins sem í daglegu tali er nefnt Vestdalur var skráður, eða einungis þar sem sumarhúsabyggð er að rísa. Aftur á móti er svæðið mjög ríkt af minjum og sést það vel á meðfylgjandi mynd sem er dæmigerð fyrir þéttleika skráða svæðisins. Sökum þess að skrásetjarar voru aðeins með drög af aðalskipulagi þá fór fram skráning á landnýtingareit sem síðar í ferlinu var fjarlægður úr aðalskipulagi. Reitur þessi er fyrir ofan sumarhúsabyggð í Lönguhlíðinni en það svæði var einnig hugsað sem sumarhúsasvæði.

⁴³ Hjálmar Vilhjálmsson. Bændatal í Seyðisfjarðarhreppi. Bls 122

Heiti: NM-249-1

Hnit: 65.16.848 14.00.321

Hlutverk: Útihús/Geymsla.


Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Í túni undir Hrútahjalla.

Lýsing: Tóftin er skeifulaga með útgangi mót suðri 4.5m x 5m, hæð hleðslu 50cm. Tóftin er vel gróin en sjá má nokkra steina í inngangi sem hafa hugsanlega fallið úr vegghleðslu.



Teikning 1

Heiti: NM-249-2

Hnit: 65.16.872 14.00.298

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Í suðurjaðri túns undir Hrútahjalla.

Lýsing: Mjög sokkinn garður sjáanlegur að hluta í kringum tún undir Hrútahjalla, hefur sumstaðar verið rofinn vegna lagningu rafmagnsstaura, vegagerðar og sléttunar túns.

Heiti: NM-249-3

Hnit: 65.16.864 14.00.202

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Stendur við enda garðlags NM-249-2 til austurs.

Lýsing: Tóftin er 10m x 13m að ummáli og eru veggir hæstir um 0,7m. Hugsanlega fjárhús frá miðri 20. öld því veggir eru enn mjög heillegir og hefur líklega verið timburbygging ofan á grjóthlöðnum veggjum. Veggir nokkuð grónir en grjót mjög sýnilegt í vesturhluta tóftarinnar.



Teikning 2

Heiti: NM-249-4
Hnit: 65.16.926 13.59.863
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Hleðslan liggur austanmegin á grjótmel efst í Lönguhlíð.




Mynd 2

Lýsing: Frekar fábrotin bogalaga hleðsla, um 3m löng, 1,5m breið og 0,3m há. Líklega mannvirki frá breska hernum sem var með töluverða aðstöðu í Vestdalnum á stríðsárunum. Hleðslan hefur af öllum líkindum verið undirstaða fyrir sandpokavirki sem notað hefur verið til eftirlits út fjörðinn. Útsýni er mjög gott frá staðnum.

Heiti: NM-249-5
Hnit: 65.16.927 13.59.832
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin liggur í vesturenda í allstórri lægð sem er efst í Lönguhlíð.


Lýsing: Tóftin er byggð inn í hlíð og er hún 10m á lengd, 6m á breidd og 0,5m há. Veggirnir eru um 2m á breidd. Þar sem byggingin hefur verið byggð inn í hlíðina er vesturveggurinn hlíðin sjálf. Norður- og suðurveggir eru mjög sýnilegir en austurveggurinn er sokkinn niður í blautan svörðinn og er því ill sýnilegur. Tóftin er öll lyngi og mosavaxin. Það virðist móta fyrir inngangi á suðurenda tóftarinnar



Teikning 3

Heiti: NM-249-6
Hnit: 65.16.974 13.59.646
Hlutverk: Heygeymsla, hrútakofi.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin stendur stök og grösug í nokkuð rýru landi sunnan megin á bakka mýrarflóka.



Teikning 4

Lýsing: Tóftin er perulaga og er 9,5m löng, 6m breið og eru veggirnir um 0,5m hár. Inngangur virðist vera á suðvesturhlið. Þak sem fallið hefur inn í tóftina er enn sýnilegt en mikil jarðvegsþykknun hefur átt sér stað austanmegin í tóftinni hugsanlega vegna sauðfés sem leitað hefur þar skjóls.

Heiti: NM-249-7

Hnit: 65.16.983 13.59.622


Hlutverk: Mókofi.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin stendur sunnan við mýrina sem liggur efst ofan við Lönguhlíð. **Lýsing:** Tóftin er 4,5m á lengd, 4 m á breidd og eru veggir um 0,5m á hæð. Tóftin er ein af 5 keimlíkum tóftum sem standa með stuttu millibili á um 200m svæði í kringum mýrarflóa. Í mýrinni eru mógrafir.



Teikning 5

Heiti: NM-249-8

Hnit: 65.16.980 13.59.600


Hlutverk: Útihús.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin stendur sunnanmegin við mýrina sem liggur efst ofan við Lönguhlíð.




Teikning 6

Lýsing: Tóftin er 6,5m á lengd, 4m á breidd og um 0,5m á hæð og virðist skiptast í tvö rými. Eitt er minna eða um 1,5m x 4m sem er innangengt úr suðri og eitt stærra eða um 5m x 4m sem er innangengt úr minna herberginu. Tóftin virðist vera samtíða öðrum tóftum sem eru staðsettar við mýrina en er þó öllu veglegri. Tóftin er grösug og sker sig því úr nokkuð rýru landi, sem er þar í kring.

Heiti: NM-249-9
Hnit: 65.16.974 13.59.560
Hlutverk: Mókofi.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin stendur sunnanmegin við mýrina sem liggur efst ofan við Lönguhlíð.




Teikning 7

Lýsing: Hringlaga tóft 4m x 4m og um 0,5m á hæð, með hugsanlegum inngangi úr vestri. Tóftin stendur á bakka mýrinnar og virðist vera samtíða öðrum tóftum þarna á bakkanum. Tóftin er grösug og sker sig úr því rýra landi sem hún stendur á.

Heiti: NM-249-10
Hnit: 65.16.955 13.59.518
Hlutverk: Mókofi, heytóft.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin stendur sunnanmegin við mýrina sem liggur efst ofan við Lönguhlíð.



Teikning 8


Lýsing: Hringlaga tóft 4m x 3m að stærð og 0,5m á hæð.

Ekki er sjáanlegur inngangur á tóftinni sem er öll innfallin og grasi gróin. Tóftin er mjög sýnileg í rýru landi sem liggur umhverfis hana. Tóftin er ein af fimm keimlíkum tóftum sem standa á afmörkuðu svæði við mörk mýrar sem ber merki um mótekju.

Heiti: NM-249-11
Hnit: 65.16.965 13.59.496
Hlutverk: Mókofi, heytóft.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin stendur sunnanmegin við mýrina sem liggur efst ofan við Lönguhlíð.

Lýsing: U laga tóft 4m x 3m á stærð og með um 0,5m háa



Teikning 9

veggi. Skarð í vegg á suðurenda gæti verið inngangur í bygginguna sem er mjög gróin og hefur orðið mikil jarðvegsþykknun í miðju rústarinnar. Hugsanlegt er að þak hafi fallið inn í rústina eða að önnur lífræn uppsöfnun hafi valdið þykknunina.

Heiti: NM-249-12

Hnit: 65.16.991 13.59.617

Hlutverk: Mógröf.

Tegund: Svarðargröf.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 3

Staðhættir: Mógrafir í mýri upp af Lönguhlíð.

Lýsing: Greinilegar ílangar mógrafir í suðurenda þeirrar mýrinnar. Grafirnar eru 40m langar og um 15m breiðar. Grafirnar eru meðfram þeim bakka sem tóftir NM-249-7 til NM-249-11 eru staðsettar við.

Heiti: NM-249-13


Hnit: 65.17.020 13.59.404

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Teikning 10

Staðhættir: Tóftin er staðsett í vesturhlið mels sem er á mótis við mýrina þar sem mógrafir NM-249-12 eru.

Lýsing: Tóftin er 7m x 7m að flatarmáli hlaðin úr grjóti með malarfyllingu. Tóftin er byggð inn í mel sem þjónar tilgangi austurveggjar. Grafið hefur verið innan úr byggingunni og mölin sett í veggina sem fylling en þeir eru á bilinu 1m til 1,5m að þvermáli. Greinilegur inngangur er á vesturhlið en þar má einnig sjá viðbyggingu um 2m x 2m að flatarmáli. Veggir hafa hrunið bæði inn í tóftina og út fyrir hana en þeir eru um 0,4m á hæð en nokkuð útflattir. Tóftin er öll lyngi og mosa vaxin sem bendir til þess að ekki sé um 20. aldar byggingu að ræða.


Heiti: NM-249-14
Hnit: 65.17.042 13.59.443
Hlutverk: Útihús.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinilegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda

Staðhættir: Norðan við mýri sem mógröf NM-249-12 er í.

Lýsing: Tóftin er 9,5m x 4m að flatarmáli og eru veggirnir um 0,8m á hæð. Þeir eru þó sumstaðar ógreinanlegir vegna rofs. Inngangurinn er líklega á vesturenda tóftarinnar, þar eru veggir einnig mjög rofnir.

Ekki er mikið grjót sjáanlegt á þeim stað sem veggirnir hafa rofnað.

Þeir eru mun meiri um sig í austurendanum og þar má sjá grjót standa út úr veggnum. Um 10m frá tóftinni er mógröf sem hugsanlega gæti verið í tengslum við bygginguna.



Teikning 11

Heiti: NM-249-15
Hnit: 65.17.041 13.59.468
Hlutverk: Mógröf.
Tegund: Svarðargröf.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Norðan við mógröf NM-249-12.

Lýsing: Mógröfin er 21m x 10m að flatarmáli er þó öllu mjórri í hvorn endann og liggur hún í stefnu suður-norður.



Mynd 4

Heiti: NM-249-16
Hnit: 65.17.057 13.59.270
Hlutverk: Fjárbyrgi.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Við norðurenda hvalbaks sem gnæfir yfir mýrina upp af Lönguhlíð.

Lýsing: 4,5m x 5m að flatarmáli og er 1m af þykkt og 0,5m á hæð. Veggirnir eru gerðir úr þremur hlöðnum veggjum sem eru að mestu gerðir úr grjóti en einnig má sjá lítilsháttar torf í þeim.



Mynd 5

Mannvirkið hefur verið reist utan í hvalbak sem þjónar tilgangi bakveggjar. Inngangur virðist vera á austurhlið þess en einnig örlar líka fyrir inngangi á vesturhliðinni. Hleðslan er á klöpp og er því rýr jarðvegur og gróður í og við hleðsluna en veggir eru þó lyngi vaxnir.

Heiti: NM-249-17

Hnit: 65.17.080 13.59.238

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Hleðsla.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 6

Staðhættir: Á holti austan við mýrina sem liggur upp af Lönguhlíð.

Lýsing: Nokkuð sokkinn reglulegur grjótbíngur sem er um 5,5m x 6,5m að flatarmáli. Engin sjáanlegur inngangur er á mannvirkinu en í miðju þess mótar fyrir reglulegu rými. Hugsanlegt er að grjóttveggir hafi verið háir og hrunið inn í bygginguna og út fyrir hana. Landið er vel gróið í kringum bínginn en lyng og víðir vex í miðju mannvirkisins.

Heiti: Vörður NM-249-18, NM-249-19, NM-249-20 og NM-249-21

Hnit: 65.17.080 13.59.238, 65.17.016 13.59.235, 65.17.016 13.59.220, 65.17.018 13.59.199

Tegund: Varða.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 7

Staðhættir: Ofan í lægð í austurenda áætlaðs sumarhúsasvæðis.

Lýsing: Vörður með um 10m millibili gerðar úr torfi og grjóti. Þústirnar eru á bilinu 0,5m til 0,7m háar og um 1m að þvermáli. Allar eru þær lyngi vaxnar nema þúst númer NM-249-21 sem er einungis gerð úr grjóti og stendur ofan á stórum steini. Hæpið er að um sé að ræða vörður sem vísa eigi ferðalöngum veginn því þær eru með mjög stuttu millibili og liggja ofan í lægð sem ekki er nálægt neinni þekktri þjóðleið.

Heiti: NM-249-22
Hnit: 65.17.022 13.59.217
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Þúst.
Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Ofan í lægð í austurenda áætlaðs
sumarhúsasvæðis.



Mynd 8

Lýsing: Þúst í mjög þýfðu landi í mjög gróinni og lyngi vaxinni brekku. Tóftin er um 12m x 5m að flatarmáli. Svo virðist sem móti fyrir tveimur herbergjum.

Heiti: NM-249-23
Hnit: 65.17.050 13.59.204
Hlutverk: Tún.
Tegund: Jarðræktarsvæði.
Ástand: Greinanlegar Fornleifar.
Hætta: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Ofan í lægð í austurenda áætlaðs sumarhúsasvæðis.

Lýsing: Grösugur túnblettur í móanum með mikið sokknu garðalagi umhverfis en hann er um 50m x 30m. Nálægt túnbletti þessum eru þústir sem gætu verið af húsum en eru þó mjög ógreinilegar og lyngi vaxnar (NM-249-22).

Heiti: NM-249-24
Hnit: 65.16.953 14.00.024
Hlutverk: Útihús.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rofs.

Staðhættir: Þyrping nokkurra rústa við og undir hvalbaki út af túnum austur af Hrútahjalla

Lýsing: Tóftin er 9.7m x 4.3m að flatarmáli og hæð veggja er 0.5m. Tvö rými, syðst er aflangur klefi með upphækkun í miðju sem hugsanlega er eftir gjafagarð. Norðvestanvert í tóftinni er líklega heygeymslurými 3m x 4m að flatarmáli. Vel gróið af sinu. Nokkurt rof er nyrst í tóftinni.

Heiti: NM-249-25
Hnit: 65 16.955 13 59.928
Hlutverk: Fjárborg.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rofs.

Staðhættir: Þyrping nokkurra rústa við og undir hvalbaki út af túnum austur af Hrútahjalla.




Mynd 9

Lýsing: Tóft með hlaðna vegg á þrjá vegu með þann fjórða upp að klettavegg. Inngangur vísar mót norðvestri, 5.5m x 5.5m að flatarmáli, veggir 0.7m á hæð. Nokkuð gróin nema vegghluti til norðvesturs.

Heiti: NM-249-26
Hnit: 65 16.947 13 59.955
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinilegar fornleifar.
Hættumat: Hætta. Vegna rofs.

Staðhættir: Þyrping nokkurra rústa við og undir hvalbaki út af túnum austur af Hrútahjalla.

Lýsing: Skeifulaga hleðsla úr grjóti um 3m x 4m að flatarmáli og vegg hæð um 0.3m. Hleðslan liggur ofan á




Teikning 12

hvalbaki og er norðurveggur hennar á blábrúninni og hefur töluvert magn grjóts úr hleðslunni hrúnið niður á grasbalann fyrir neðan. Hleðslan er opin til vesturs sem er líklega inngangur. Landið umhverfis er nokkuð rýrt, þar hefur hugsanlega um 1m þykkt jarðlag horfið síðustu árhundruðin vegna rofs. Vegg hleðslan er ógróin en að innan er hún lyngi vaxin.

Heiti: NM-249-27
Hnit: N 65.16.958 V 13.59.926
Hlutverk: Fjárskýli.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Þyrping nokkurra rústa við og undir hvalbaki út af túnum austur af Hrútahjalla



Teikning 13

Lýsing: Tóftin er 5,5m x 2,8m að flatarmáli og liggur upp að

kletti sem þjónar tilgangi suðurveggjar. Veggirnir eru einungis hlaðnir úr grjóti og eru um 0,5m að hæð en ekki er að sjá merki um inngang. Á veggjahleðslum er lítið um gróður, en inni í rústinni er töluvert gróið. Bárujárnsplata liggur hálfgrafin í jarðveginn við austurenda tóftarinnar, þó ólíklegt að hún hafi tilheyrt rústinni.

Heiti: NM-249-28

Hnit: 65.16.963 13.59.805

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna rofs.

Staðhættir: Garðurinn liggur rétt hjá túnnum sem hafa verið sléttuð og ræst með vélum.



Mynd 10

Lýsing: Mjög rofinn og sokkinn túngarður sem sést ekki í grónu landi en er sýnilegur þar sem rof hefur átt sér stað. Sá partur sem er sýnilegur er um 20m langur. Þar er ekkert eftir af garðinum nema neðsta steinaröðin. Garðurinn hefur mestmegnis verið hlaðinn úr torfi með undirstöðum úr grjóti. Þar sem garðurinn er sýnilegur hefur ekki verið vélslettað líkt og víða nærri honum.

Heiti: NM-249-29

Hnit: 65.17.023 13.59.693

Hlutverk: Mógröf.

Tegund: Svarðargröf.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta vegna jarðsils.

Staðhættir: Grafirnar eru í norðurhluta mýrarsvæðis upp og út af Lönguhlíð.



Mynd 11

Lýsing: 12m x 6,5m mógrafir sem eru misdjúpar eða frá 0,3m til 2m.

Heiti: NM-249-30

Hnit: 65.16.974 13.59.761

Hlutverk: Heygeymsla.

Tegund: Tóft.

Ástand: Greinilegar fornleifar.

Hættumat: Hætta. Vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin er í námunda við túngarð NM-249-28 og eru vélsléttuð tún þar örfáa metra til norðurs.

Lýsing: Tóftin er 3m x 6m að flatarmáli með um 0,4m háum veggjum og er hún opin til norðausturs. Tóftin er vel gróin og ekki er að sjá neina steina í hleðslunni.

Heiti: NM-249-31

Hnit: N 65.16.951 V 13.59.553

Hlutverk: Herminjar.

Tegund: Hleðsla.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Liggur upp á hæð ofan við og út af Lönguhlíð.



Mynd 12

Lýsing: Á um 100m kafla eru steinahrúgur með reglulegu millibili og eru inn á milli járnstángir vafðar með gaddavír sem gæti mögulega verið upprunninn frá hernámsliðinu. Vel hugsanlegt að þarna sé um að ræða eina af fjölmörgum girðingum sem settar voru upp á stríðsárunum til að hefta umferð sauðsvarts almúgans um umráðasvæði hersins. Lína á mynd sýnir stefnu girðingar.

Heiti: NM-249-32

Hnit: 65.16.952 13.59.508

Hlutverk: Útihús.


Tegund: Tóft.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rofs.

Staðhættir: Tóftin liggur efst og austast í Lönguhlíð.

Lýsing: Tóftin er 7m x 7m að flatarmáli og er hún grafin inn í barð með greinilegan inngang til suðurs. Smávægileg grjóthleðsla er í austurvegg og eru veggir að jafnaði um 0,4m-0,5m á hæð. Tóftinn liggur í mun meiri halla en aðrar



Teikning 14

tóftir á svæðinu sem gæti verið til að auðvelda flæði vatns úr henni hvort sem það hafi verið til að halda mannvirkinu þurru eða til að ræsa undan húsdýrum.

Heiti: NM-249-33

Hnit: 65.16.947 13.59.496

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Tóft.


Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin er staðsett í litlu gildragi efst og austast í Lönguhlíð á móti tóft NM-249-32.

Lýsing: Tóftin er 6m x 4m að flatarmáli með um 0,6m háum

veggjum og er austurveggur mannvirkisins byggður inn í brekku. Á þeim enda sem vísar inn í hlíðina er sjáanleg hleðsla úr grjóti. Tóftin stendur í töluverðum halla og með inngang í SA.



Teikning 15

Heiti: NM-249-34

Hnit: 65.16.911 13.59.761

Hlutverk: Herminjar.


Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Grunnurinn er staðsettur fyrir miðri Lönguhlíð upp undir brekkunni þar sem jarðýtuslóð er upp á brúnina.

Lýsing: Steyptur en þó mikið gróinn grunnur um 13m x 6,3m að flatarmáli og er veggir frá 0,2m og upp í 1,1m á hæð. Járn standa út úr veggjum á nokkrum stöðum líklega eftir þakboga. Hugsanlegur inngangur er á vesturenda rústarinnar. Líklegt er um skála að ræða frá hernámsliðinu sem líklega hefur verið nýttur af heimamönnum að hernámi loknu.



Teikning 16

Heiti: NM-249-35

Hnit: 65.16.859 13.59.895

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Jarðræktarsvæði.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin liggur rétt austan við sumarbústaði í Lönguhlíð.



Mynd 13

Lýsing: Gróin svæði um 8m x 10m að flatarmáli og er hæð veggja mest um 0,3m en veggir eru ekki greinilegir í austurhorni rústarinnar. Þeir hafa verið notaðir til að aðgreina á milli tegunda í ræktun og til skjóls.

Heiti: NM-249-36

Hnit: 65.16.841 13.59.966

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel sjáanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Rústin er innan við tvö sumarhús sem standa í Lönguhlíð.



Mynd 14

Lýsing: Stór gróin tóft um 15m x 12m að flatarmáli með vegg hæð allt upp í 2m þar sem tóftin hefur verið grafin inn í barðið. Upphlaðnir veggir eru á alla vegu nema á austurhlið þar sem inngangurinn virðist hafa verið. Rústin er líklega frá 20. öldinni en svo virðist sem fleiri fasar af eldri mannvirkjum séu undir og við rústina.

Heiti: NM-249-37

Hnit: 63.16.657 14.00.460

Hlutverk: Matjurtagarðar.


Tegund: Garðalag.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna landbúnaðar.

Staðhættir: Garðarnir eru staðsettir fyrir ofan alifuglahús Andrésar Filippussonar.

Lýsing: Um 30m x 40m svæði sem er hólfað niður með upphlöðnum gördum og er greinilegt að hólfín hafa verið notuð á mismunandi tímabilum. Sjá má leifar af girðingastaurum í sumum af þeim hólfum sem voru í notkun




Teikning 17

sem matjurtargarðar í seinni tíð. Mjög líklegt er að garðarnir séu frá kreppuárunum um og eftir 1920 þegar bæjarbúar voru hvattir af yfirvöldum til að stunda rækt á ýmskonar matjurtum, þá sérstaklega kartöflum.

Heiti: NM-249-38
Hnit: 65.16.590 014.00.439
Hlutverk: Matjurtagarður.
Tegund: Garðalag.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna landbúnaðar og efnistöku.

Staðhættir: Rétt innan við alifuglahús Andrésar Filippussonar.



Teikning 18

Lýsing: Matjurtagarðar með hlöðnum garði umhverfis, skipt niður í fimm hólf. Hvert um 25m x 20m að flatarmáli. Hólfir eru þrjú á efri parti og tvö á neðri parti, en efri og neðri partur skiljast af með áberandi bröttum, bakka sem er að öllum líkindum manngerður. Ofan á görðunum eru leifar af girðingu síðan seinnipart 20. aldar. Mjög líklegt er að garðarnir séu frá kreppuárunum um og eftir 1920, þegar landsmenn voru hvattir af yfirvöldum til að stunda rækt á ýmskonar matjurtum, þá sérstaklega kartöflum.

Heiti: NM-249-155
Hnit: 65.16.998 14.00.124
Tegund: Steinsteypa.
Hlutverk: Herminjar.
Ástand: Vel greinilegar fornleifar.
Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir: Braggabyggð hernámsliðsins sem var staðsett upp í Vestdal rétt við veg sem liggur niður á láglendið í Vestdalnum sunnan Vestdalsár.

Lýsing: Á Vestdalseyrinni og upp í Vestdal voru um 50 skálar frá hernum yfir stríðsárin 1940-1945. Það má enn sjá leifar af nokkrum steiptum grunnum upp í Vestdal.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Fjarðaralda



Mynd 15. Fjarðaralda rétt fyrir aldamótin 1900. Fremst má sjá Liverpool, fjær er m.a. Norska búð, Glasgow og byggðarkjarninn inn við Öldu og á Tanga.

Það má segja að Fjarðaraldan ásamt Búðareyrinni sé upphaf þéttbýlis þess sem nú kallast Seyðisfjarðarbær. Leiran og fjaran öll tilheyrði bænum Firði allt fram undir 20. öldina. Líklega er hjáleigan Oddi sem stóð á svæðinu fyrsta skrefið í átt að þorpsmyndun en búskapur þar dróst hægt og rólega saman í hlutfalli við aukna byggð á svæðinu þegar nálgaðist aldamótin 1900. Síðasti bóndinn er skráður þar til heimilis árið 1882.⁴⁴ Það sem knúði þessa þéttbýlismyndun var samspil nokkurra samofinna þátta svo sem; augin þekking á fiskveiðum og umsvif erlendra athafna- og kaupmanna hafði það í för með sér að fólk fór að flykkjast að sjávarsíðunni í leit að nýjum tækifærum. Það mikla umframvinnuafli sem var til staðar í sveitum landsins dróst að launavinnu og mannlífi sem finna mátti á stöðum eins og Seyðisfirði. Deigla þessi virðist hafa skapað hér aðstæður ásamt enn fleiri samverkandi atriðum sem leiddi til þess að aðdráttarafl staðarins óx og mann- og atvinnulíf blómstraði. Aðstæður þessar hafa vaxið og dvínað í bænum síðasta árhundraðið með tilheyrandi breytingum í íbúafjölda, atvinnu og félagslegri virkni íbúa. Þó er of mikil einföldun að líta aðeins til Seyðisfjarðar sem eigin orlagavaldar, þar sem að hvatar til breytinga eru oft tengdir

⁴⁴ Hjálmar Vilhjálmsson. Bændatal í Seyðisfjarðarhreppi. Bls 121.

ytri aðstæðum í tækni, félagslegum sviptingum og heimssögulegum atburðum. Núverandi útlit Fjarðaröldunnar er um margt breytt frá aldamótunum en stórar landfyllingar hafa verið gerðar og ýmsar nýbyggingar hafa verið reistar á þeim. Snjóflóðið mikla 1885 hjó stórt skarð í ásýnd svæðisins þar sem það braut eða svipti í burtu 14 íbúðarhúsum ásamt ótöldum fjölda hjalla og gripahúsa en í framhaldi af því var fjöldi húsa fluttur í burtu af svæðinu og reist annars staðar í byggðarlaginu. Nokkur fjöldi húsa hefur látið undan síga með tímanum, verið rifin, flutt, brunnið eða ný hús byggð í stað þeirra sem fyrir voru. Þó er á svæðinu ein heildstæðasta þyrping gamalla húsa frá aldamótunum 1900 sem finna má á Íslandi og vert er að varðveita í menningar- og byggingarsögulegu samhengi.

Heiti: NM-249-42

Hnit: 65.16.068 14.00.734

Hlutverk: Híbyli.

Tegund: Hleðsla.

Ástand: Greinilegar fornleifar.

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir: Á Fjarðaröldu, skammt ofan við þar sem húsin Bræðraborg og Hjarðarholt stóðu.



Mynd 16

Lýsing: 11m x 7m tóft með um 1m vegg hæð, sá veggur sem byggður er upp í hlíðina er með vel greinanlegum hleðslum nokkuð, mosavaxnar. Ekki eru greinilegir veggir aðrir en norðan- og austanmegin. Tóftin sjálf er vel gróin en hefur verið raskað þegar tankur var byggður SV við hana á síldarárunum.

Heiti: NM-249-43

Hnit: 65.15.856 14.00.833

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garður.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir: Um 100m garður hálfvalinn í gróðri sem gengur frá fyrsta klettabelti og niður að sjó nokkuð utan við Bylið Jaðar (NM-249-62).

Lýsing: Á loftmynd frá 1965-66 nær garðurinn frá fyrsta klettabelti og langleiðina niður í fjöru. Garðurinn er nú ekki sýnilegur fyrir neðan Ránargötu þar sem hefur verið sléttað fyrir iðnaðarsvæði. Leifar af garðinum má finna fyrir ofan götu ef vel er að gáð.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66

Heiti: NM-249-44

Sérheiti: Norska Búð (Ránargata 5)

Hnit: 65.15.900 14.00.723

Hlutverk: Verslunar og íbúðarhús.

Tegund: Niðurgroftu-hleðsla.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs og sléttunar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 17

Staðhættir: Órækt ofan við Sláturhús (Ránargata 5).

Lýsing: Ekki er greinanlegt á yfirborði hvar húsið stóð, en þar var rífið 1942 og var notað sem efniviður í íbúðarhús á Búðareyri. Húsið byggði I.M. Hansen konsúll árið 1881 undir verslun sína. Hann stoppaði þar stutt, eftirmenn hans sem ráku verslun í húsinu voru meðal annars Thorsten Bryne og Sig. Johansen. Húsinu er lýst í húsavirðingu frá 1898 sem 20,5 álna löngu, 14,5 álna breiðu og 11,5 álna háu byggt úr plönkum með klæðningu úr borðum utan yfir, þakið gert úr tvöföldum borðum. Kjallari var undir öllu húsinu með burðarvegg að endilöngu.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Tutein & Koch (1928). Húsvirðingar frá 1878-1912.

Heiti: NM-249-45

Sérheiti: Skaftabær (Ránargata 6).

Hnit: 65.15.914 14.00.694

Hlutverk: Íbúðarhús.

Tegund: Hús/grunnur.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 18

Staðhættir: Plan utan við Sláturhús (Ránargata 5).

Lýsing: Bærinn var dæmigert þurrabúðarhús byggt árið 1884, 5,25m langt, 4,65m á breidd og 4,5m á hæð. Í fyrstu var húsið með torfveggi að nokkru leyti en að öðru leyti gert úr timbri með kjallara. Síðar voru gerðar töluverðar breytingar og endurbætur á húsinu. Húsið var svo rífið 1987.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Tutein & Koch (1928)

Heiti: NM-249-46
Sérheiti: Liverpool (Ránargata 10).
Hnit: 65.15.975 14.00.703
Hlutverk: Vörugeymsluhús.
Tegund: Hús/grunnur.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.



Mynd 19

Staðhættir: Steypt plata á miðri Haföldu.

Lýsing: Grunnurinn sem er sjáanlegur á yfirborði er seinni tíma viðbót, þegar húsinu var lyft og steypt undir árið 1947 en hann er 26,8m langur, 8,8m breiður. Húsið hefur orðið fyrir miklum breytingum í gegnum tíðina en fyrst var reist hús á grunninum í kringum 1850 og gekk þá undir nafninu Liverpool. Árið 1895 var síðan húsið rifið og flutt út á Vestdalseyrrar til að hýsa starfsemi Gránufélagsins. Árið 1895 var byggt hús á hluta grunnsins. Árið 1907 var húsið byggt sem brann eftir 1995.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-47
Hnit: 65.16.005 14.00.791
Hlutverk: Túngarður.
Tegund: Garðalag.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Er í brekku fyrir neðan veg sem liggur fyrir ofan Hafölduna.

Lýsing: Virðist vera smá hluti af garði sem hefur legið frá Haföldu og upp í fjall. Hann hefur verið eyðilagður í báða enda í seinni tíð.

Heiti: NM-249-48
Hnit: 65.15.049 14.00.717
Hlutverk: Útihús/Geymslur.
Tegund: Grunnur.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Hlaðinn grunnur sem stendur fyrir ofan þar sem húsin Hjarðarholt og Bræðraborg stóðu.

Lýsing: Grunnurinn er hlaðinn og lítið gróinn.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-49

Sérheiti: Hjarðarholt/Sigvaldahús (Ránargata 15).

Hnit: 65.16.047 14.00.696

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Gróinn grunnur fyrir neðan veg rétt utan við núverandi húsapýrpingu á Haföldunni.

Lýsing: Húsið var byggt árið 1882 sem þurrabúð. Gert úr timbri 8 alin langt, 8 alin breitt og 8 alin hátt. Húsið var síðan brennt í kringum árið 1998 og stendur enn grunnur þess vel sjánlegur á yfirborði, mikið gróinn.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1965-66. Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-50

Sérheiti: Bræðraborg (Ránargata 17).

Hnit: 65.16.058 14.00.683

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Tóft.


Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Stendur fyrir neðan veg rétt utan við núverandi húsapýrpingu á Haföldunni.

Lýsing: Húsið var byggt 1878 sem þurrabúð en var brennt ásamt Hjarðarholti í kringum 1998. Eftir stendur mjög sýnilegur og heillegur hlaðinn kjallari 1.5m hár. Inngangur er á suðausturhlið auk glugga. Fyrir ofan húsið að norðvestanverðu er hlaðin tröð. Grunnurinn er að mestu úr hlöðnu grjóti en að suðaustanverðu er 16 cm þykk múrhuð.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1965-66. Tutein & Koch (1928).



Teikning 19

Heiti: NM-249-51

Sérheiti: Neðri Tangi (Öldugata 4).


Hnit: 65.15.707 14.00.393

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Niðurgröftur - Hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, sléttað yfir.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda og breyttrar grunnvatnsstöðu.



Mynd 20

Staðhættir: Er á svokölluðum Tanga eða Framnesi sem

afmarkar Lón í botni Seyðisfjarðar frá sjó. Núna er þarna bílastæði við Prestbústaðinn (Öldugata 2).

Lýsing: Ekki eru til heimildir um byggingarár þessa hús en þó er til á skrá að árið 1897 hafi eigandi þessa hús verið Magnús Sigurðsson en Snorri Wium á undan honum. Á tímabili var þarna öldurhús sem var eitt það rómaðasta í kaupstaðnum en það var bruggmeistarinn og veitingakonan Guðrún Jónsdóttir sem rak það. Í húsvirðingu frá 1897 er því lýst sem 12 álna löngu, 6 álna breiðu og 6.5 álna háu torfhúsi með timburgrind og súð úr borðum. Síðar var rifinn innri torfveggur og byggður skúr úr timbri jafn langur húsinu. Neðri Tangi er hvíta húsið fyrir miðju á meðfylgjandi mynd.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Húsirðing frá 1878-1912. Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-52

Sérheiti: Oddi (Öldugata 10).

Hnit: 65.15.728 14.00.459

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, sléttað yfir.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda, breyttrar grunnvatnsstöðu.



Mynd 21

Staðhættir: Umferðareyja eða grænt svæði norðanmegin við Baldurshagafjósið.

Lýsing: Ekki eru til heimildir um byggingarár hússins en fyrsti skráði eigandinn er Ólafur Sigurðsson bóndi í Fjarðarseli. Á Oddatanga var lengi vel hjáleiga frá Firði. Húsið var einhverri mynd hluti síðustu minja þess búskapar. Í húsirðingu frá 1884 segir að húsið hafi verið 14 álna langt, 7 álna breitt og 7 álna hátt úr timbri með torfvegg á bakhliðinni. Húsið var síðan rífið 1940 eftir bruna. Odda má sjá efst til hægri á meðfylgjandi mynd.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Húsirðing frá 1878-1912. Sigurður Vilhjálmsson (1981).

Heiti: NM-249-53

Sérheiti: 19 Aurora (Öldugata 14).

Hnit: 65.15.744 14.00.496

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna bygginga.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Er staðsett á lóð Ullarvinnslu Frú Láru.

Lýsing: Byggingarár hússins er á huldu, fyrsti skráði eigandinn er Guðmundur frá Hesteyri í Mjóafirði. Húsið var einnig kallað Gamla Vertshúsið en það var byggt í dönskum stíl með lága veggi, hátt ris og ekki portbyggt. Húsið var rifið rétt eftir árið 1971 en var þá um 70m² af flatarmáli.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1966-66. Húsvirðing frá 1878-1912.

Heiti: NM-249-54

Sérheiti: Bóndastaðir (Bjólfsgrata 3).

Hnit: 65.15.715 14.00.500

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna bygginga.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda og breyttrar grunnvatnsstöðu.

Staðhættir: Nú er bílastæði og íbúðarhús þar sem húsið áður stóð.

Lýsing: Hús þetta var fyrst byggt út við Liverpool en var flutt inn í fjarðarbotn eftir snjóflóðið árið 1885 en þá nefndist það Gíslahús. Árið 1881 er húsinu lýst í húsvirðingu sem timburhúsi 8 álna breiðu og 10 álna löngu með kvisti og kjallara. Húsið var síðan rifið í kringum árið 1966.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Húsvirðing frá 1878-1912. Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-55

Sérheiti: Imbuhús, Gamla prentsmiðja. (Bjólfsgrata 5).

Hnit: 65.15.708 14.00.504

Hlutverk: Híbýli.


Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, sléttað yfir.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Plan austanmegin við sýsluskristofu

Seyðisfjarðar.



Mynd 22. Imbuhús nær en einnig sjást Bóndastaðir fjær.

Lýsing: Í brunabótamati frá 1917 er húsinu lýst sem einlyftu með útveggjum úr timbri. Húsið var um 25m² 1974 þegar það var rífið.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1965-66.

Brunabótarmat frá 1916-1944.

Heiti: NM-249-56

Sérheiti: Skildinga/Skálanes (Oddagata 5).

Hnit: 65.15.705 14.00.582

Hlutverk: Híbýli.

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bílastæði sunnan við gamla Landsbanka.



Mynd 23

Lýsing: Í húsvirðingu frá 1897 er húsinu lýst sem 14 álna löngu, 10 álna breiðu og 10 álna háu. 6 álna há viðbygging var við húsið jafn breið og húsið sjálft og undir henni kjallari. Húsið var nánast óbreytt frá þessari lýsingu þegar það var rífið fljótlega eftir 1987.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1965-66.

Húsvirðing frá 1878-1912.

Heiti: NM-249-57

Sérheiti: Fangahús (Oddagata 4).

Hnit: 65.15.718 14.00.597

Hlutverk: Fangahús.

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna jarðrasks.

Staðhættir: Órækt og malarplan austan við gamla Landsbanka.

Lýsing: Sennilegt er að húsið hafi verið byggt rétt í kringum aldamótin 1900. Ekki er vitað hvort húsið hafi upphaflega verið byggt sem fangahús, en líklegt er að svo sé því, ekki hafa fundist aðrir skráðir eigendur að því en íslenska ríkið. Húsið stóð á hlöðnum grjótgrunni.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-58

Sérheiti: Bátasmíðahús (Oddagata 2B)

Hnit: 65.15.756 14.00.607

Hlutverk: Bátasmiðja.

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna jarðrasks.

Staðhættir: Er undir bílplani fyrir brottfararfarþega Norrænu.

Lýsing: Húsið var 20 álna langt, 12 álna breitt og 8 álna hátt þegar það var byggt árið 1905. Þeir Stefán Th. Jónsson og Friðrik Gíslason reistu þetta hús til að hýsa mótorbátasmiðar sem þeir félagar stóðu í. Viðir úr húsinu eru varðveittir undir húsvegg við Tæknimínjasafn Seyðisfjarðar.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-178

Hnit: 65.15.738 14.00.631

Tegund: Steinsteypa.

Hlutverk: Herminjar.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna sléttunnar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á Fjarðaröldu þar sem nú er athafna- og bílastæði fyrir farþega bílferjun Smyril line. í bland við núverandi byggð.

Lýsing: Niður á Öldunni var mjög stórt skálahverfi auk skotstæða til loftvarna. Í dag stendur einn skáli eftir á eyrinni.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977)



Mynd 24. Skálahverfi á Fjarðaröldu. Í baksýn sjást nokkur skip þar á meðal flugmóðurskip og tundurspillir



Mynd 25. Fjarðarbær um aldamótin 1900. Einnig sést Brekka nær og Gestbær fjær.

Fjörður

Fyrir utan stutta klausu í Landnámu er lítið til af heimildum um jörðina Fjörð og er hennar ekki getið aftur fyrr enn árið 1522 í fornbréfum. Var hún þá í byttum manna á milli upp á Fljótsdalshéraði.⁴⁵ Eru svo aftur engar heimildir beint tengdar jörðinni, fyrr en manntöl og kirkjubækur rekja meira og minna samfellda búsetu ýmissa ótengdra aðila. Í þessum samtíningi má oft sjá að fleiri en einn bóndi er skráður í búskap samtímis á jörðinni á árunum 1703 til 1900.⁴⁶ Líkt og áður hefur verið tæpt á í skýrslunni eru landamerki jarðarinnar nokkuð á reiki bæði að norðanverður, inn til lands og loks einnig út að sunnanverðu.⁴⁷ Má því til stuðnings nefna að engin þinglýst mörk eru til fyrir jörðina árið 1904 þegar hún er keypt af kaupstaðnum.⁴⁸ Upp úr 1800 koma systkini frá Straumi í Hróarstungu, Helga og Ólafur fram, sem saman áttu Fjarðarsel og Fjörð þ.e. allt núverandi bæjarlandið utan Vestdals. Í þessu samhengi öllu má nefna að ekki eru til heimildir um búsetu í Fjarðarseli fyrr en 1734.⁴⁹ Telja má með nokkuri vissu að Fjörður hafi verið ein jörð með seli inni í landi sem seinna varð að Fjarðarselsbænum upp úr 1700. Árið 1904 kaupir kaupstaðurinn jörðina Fjörð, verður hún þá hluti bæjarlandsins ásamt Vestdal og landi Fjarðarsels sem þá var orðin mun víðfemara en Fjarðarlandið sjálft. Á Fjarðartorfunni og í nágrenni hennar eru ein fimm hús en þrjú af þeim eru byggð á seinni helmingi 20. aldarinnar en þau tvö elstu sem standa eru frá byrjun 20. aldar. Útséð er með að byggt verði meira á svæðinu vegna ofanflóðahættu og því verða líklega ekki miklar breytingar né rask á núverandi byggð í fyrirsjáanlegri framtíð.

⁴⁵ Hjalti Pórisson. Horft af Bæjarbrún. Bls 12.

⁴⁶ Hjálmar Vilhjálmsson. Bændatal í Seyðisfjarðarhreppi. Bls 103.

⁴⁷ Hjálmar Vilhjálmsson. Bændatal í Seyðisfjarðarhreppi. Bls 103.

⁴⁸ Hjalti Pórisson. Horft af Bæjarbrún. Bls 13.

⁴⁹ Hjálmar Vilhjálmsson. Bændatal í Seyðisfjarðarhreppi. Bls 113.

Heiti: NM-249-59

Hnit: 65.15.778 14.00.884

Hlutverk: Óþekkt.


Tegund: Tóft.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Rétt norðaustan við bæinn Jaðar NM-249-61.

Lýsing: Tóft um 9m x 4,5m að flatarmáli með mjög ógreinilegum veggjum á suðvesturhlið en ekki er að sjá neinn inngang í tóftina. Gæti hugsanlega verið ein af þeim byggingum sem lentu í snjóflóðinu mikla 1885.



Teikning 20

Heiti: NM-249-60

Hnit: 65.15.765 14.00.868

Hlutverk: Brunnur.

Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Heillegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Uppi í hlíð um 150m vestan við áhaldahús Seyðisfjarðarkaupstaðar.



Mynd 26

Lýsing: Steyptur brunnur um 5m x 9m að stærð og um 3m djúpur með þremur opum á toppi, hvert um 0,8m að þvermáli. Enn streymir vatn inn í brunninn í gegnum rör sem liggur inn að sunnanverðu og út að norðanverðu. Þar til gerðar lokur geta svo stjórnað vantshæð í brunninn. Fyrsti byggingarfasi brunnsins er hugsanlega frá 1903.

Heiti: NM-249-184

Hnit: 65.15.737 14.00.856

Tegund: Jarðræktarsvæði.

Hlutverk: Tún.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Í kringum bæinn Jaðar er mjög greinilegt tún á loftmynd frá 1965-66.

Lýsing: Túnið er um 150m x 100m og liggur í kringum rústir bæjarins Jaðars, túnið var enn slegið í kringum 1965-66. Ekki er gott að sjá útlínur þess lengur þar sem að á svæðinu vex nú mjög hásprottinn sina.

Heimildir: Loftmynd frá árinu 1965-66.

Heiti: NM-249-61

Hnit: 65.15.748 14.00.838

Hlutverk: Bæjarhóll.

Tegund: Hóll.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Upp í hlið um 100m vestur af áhaldahúsi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Lýsing: Vel gróinn bæjarhóll um 28m x 20m að flatarmáli en ofan á honum eru greinilegar rústir af bænum Jaðri. Stórt bílastæði hefur sneitt lítinn part af norðurenda hólans og skurðir ætlaðir til drengs hafa einnig raskað svæðinu í kring, þó ekki hólnum sjálfum.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-62

Sérheiti: Jaðar

Hnit: 65.15.746 14.00.844

Hlutverk: Býli.

Tegund: Tóft.


Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Sjáanleg tóft upp á bæjarhól NM-249-61 í hliðinni 100m vestur af áhaldahúsi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Lýsing: Rúst bæjarins Jaðars sem stóð í túnjaðri Fjarðarbænda en hún er um 17,5m x 9m að flatarmáli með um 1m háum veggjum. Tóftin er tvö sjáanleg rými sem þykkur veggur eða um 4m að þvermáli haganlega hlaðinn aðskilur, grjótið í hleðslunni er að hluta tilhöggvið. Nokkuð grjót er sjáanlegt í veggjum þá helst í norðaustan í tóftinni. Fyrir framan hana er upphlaðið plan. Þar gæti timburhluti byggingarinnar staðið. Tóftin er mjög gróin.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66. Jón Jónsson (1943).



Að ofan; Teikning 21 og að neðan mynd 27

Heiti: NM-249-63
Sérheiti: Gestbær.
Hnit: 65.15.723 14.00.751
Hlutverk: Híbýli.
Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.
Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna húsbygginga.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Undir Firði 4.

Lýsing: Byggt árið 1900 úr timbri. Húsinu er lýst sem einlyftu portbyggðu húsi með torfvegg á eina hlið. Nýja húsið þar sem Gestbær stóð var steipt utan um það gamla og það svo rífið innan úr.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Brunabótarmat frá 1917. Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson.

Heiti: NM-249-129
Sérheiti: Brekka.
Hnit: 65.15.713 14.00.729
Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.
Hlutverk: Híbýli.
Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Fyrir sunnan Nýja-Gestbæ í Firði.

Lýsing: Ekki er vitað nákvæmlega um byggingarár Brekku en fyrsti skráði eigandinn af því var Haraldur Guðmundsson bóndi árið 1903. Haraldur fluttist níu ára gamall að Brekku með foreldrum sínum eftir að hús þeirra fór í sjóflóðinu 1885. Húsið var 7,7m x 3,9m timburhús einlyft með porti. Nú hefur verið lagður vegur yfir þar sem að húsið stóð.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995)

Heiti: NM-249-64
Hnit: 65.15.687 13 59.955
Hlutverk: óþekkt.
Tegund: þúst.
Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Staðsett á lóð Fjarðar 1.

Lýsing: Þúst sem er 5m x 5m að flatarmáli og sést ágætlega á loftmynd frá árinu 1965-66. Mikið gróin og er ekkert við útlit hennar sem getur sagt til um hvað um sé að ræða.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-65

Hnit: 65.15.718 14.00.800

Hlutverk: Óþekkt.


Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Niðurgroftur eða hleðsla um 50m fyrir ofan Gestbæ.

Lýsing: L-laga grjóthleðsla um 4m x 4m og um 0,3m að hæð sem greinilega er manngerð, lögun hennar eða útlit gefur þó ekki vísbendingu hvað um sé að ræða.



Teikning 22

Heiti: NM-249-66

Hnit: 65.15.716 14.00.789

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Í hlíð rétt fyrir ofan Gestbæ.

Lýsing: Vel gróin tóft um 8m x 5m að flatarmáli með mjög sokknum og ógreinilegum veggjum. Á tóftinni sunnanverðri er lítil viðbygging um 1,5 x 1,5m að flatarmáli. Eru veggir hennar mjög ógreinilegir en ná þó um 0,4m hæð þar sem þeir eru hæstir. Húsið sést ekki á mælingakorti frá 1925 og hefur líklega verið byggt eftir þann tíma og þjónað sem gripahús.

Heiti: NM-249-67
Sérheiti: Frambær.
Hnit: 65.15.685 14.00.785
Hlutverk: Híbyli.
Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.
Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna rasks.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Rétt fyrir ofan Fjörð 4 í hólnum innan við Þorsteinshús.



Mynd 28

Lýsing: Torfbygging sem var að hluta til fjós og að hluta íbúðarhús en það má sjá móta fyrir húsinu í gamla bæjarhól Fjarðarbæjarins. Síðasti eigandi Fjarðarsels fluttist í húsið eftir að hann seldi Seyðisfjarðarkaupstað land sitt. Miðað við bændatal Fjarðar á 19. öld getur þetta áður hafa verið íbúðarhús einnar af þeim fjölskyldum sem bjuggu samtímis í þar.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson.

Heiti: NM-249-68
Sérheiti: Bæjarhóll Fjarðar.
Hnit: N 65.15.685 V 14.00.804
Hlutverk: Bæjarhóll.
Tegund: Hóll.
Ástand: Greinilegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bæjarhóll Innan við Þorsteinshús og ofan við Fjörð 4.

Lýsing: Bæjarhóllinn er sporöskjulaga um 21m x 32m að flatarmáli en hann hefur verið töluvert stærri áður fyrr. Sneitt hefur verið af honum norðanverðum og einnig að austanverðu. Á ljósmynd af Fjarðarbænum frá aldamótunum 1900 sést greinilega að bæjarhúsin standa norðan við hólinn og líklegt er að núverandi hóll sé aðeins jaðarinn af því sem áður hefur verið mun stærri bæjarhóll. Sá hluti gamla burstabæjarins sem samanstóð af íveru og eldhúsi er nú búið að slétta og stendur hús þar sem byggt var árið 1907 og nefnist það Þorsteinshús. Árið 1998 gerði fornleifafræðingurinn Guðmundur Ólafsson fornleifakönnun á hólnum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Tók hann 5,6m langan skurð í gegnum hólinn sem sýndi samfelda mannvist frá landnámsöld og fram á 20. öld. Í prufuskurði Guðmundar komu fram vísbendingar um byggingar, aðallega torfsneplar og veggjahrun, einn útveggur af byggingu og þunnt gólflag.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66. Guðmundur Ólafsson (1998).

Heiti: NM-249-186

Hnit: 65.15.678 14.00.809

Tegund: Jarðræktarsvæði.

Hlutverk: Tún.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Túnið er fyrir ofan og innan Fjarðartorfuna.

Lýsing: Hluti túnsins sem var í kringum gamla bæinn í Firði er sjáanlegt og er enn í dag heyjað á túninu.



Mynd 29

Heimildir: Loftmynd frá árinu 1965-66.

Heiti: NM-249-173

Hnit: 65.15.693 14.00.726

Tegund: Steinsteypa.

Hlutverk: Herminjar.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Suðvestan við tún í Firði.

Lýsing: Setuliðið taldi brýna nauðsyn að reisa skála við Fjarðartorfuna, þar voru miklar skotæfingar og skotið var upp í fjallið.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Fjarðarsel og Sunnan Fjarðarár Inn að Porpi.



Mynd 30

Skráningarsvæði þetta spannar nokkuð vítt og fjölbreytt svið með tilliti til minja sem þar má finna. Umhverfið var að uppruna gömul slægjulönd en svo seinna með aukinni véltækni verða þau hefðbundin tún með tilheyrandi skurðagreftri. Núverandi landnotkun er blanda af lítt ágengum landbúnaði, kirkjugarður, sorpmóttaka bæjarbúa og golfvöllur. Þegar Fjarðarselsjörðin var seld bænum árið 1904 spannar hún allan dalinn inn í landi upp í eggjar, sunnan út að Sörlastöðum, Ölduna og Tangann út að norðanverðu.⁵⁰ Því er skráningarsvæðið nú aðeins hluti Fjarðarselslands eins og það þekktist um aldamótin 1900. Líkt og við er að búast er mikið af minjum á svæðinu tengt landbúnaði, síðari heimstyrjöldin hafði mikil áhrif á búsetu og ásýnd fjarðarins með byggingum og starfsemi hernámsliðsins. Ekki var undantekning á því í Fjarðarselslandi, þar sem reist var stórt flotasjúkrahús með tilheyrandi raski á túnunum. Mikið af herminjum er því á svæði í bland við hinar hefðbundnari minjar. Athyglisvert er að þrátt fyrir að svo virðist sem Fjarðarselslandið hafi með tímanum eignast mikið af landi Fjarðar þá eru skráð ábúendaskipti mjög tíð. Menn hafa aðeins

⁵⁰ Hjalti Þórisson. Horft af Bæjarbrún. Bls 15.

verið skráðir til heimilis í Fjarðarseli 1-5 ár en mest um 15 ár samfellt.⁵¹ Vekur þetta nokkra umhugsun um kosti jarðarinnar og afkomu með tilliti að því virðist mikilla landakaupa eða einhverskonar skipta milli Fjarðarsels og Fjarðar frá um 1700 til 1900. Sérstaklega er vert að benda á að þó kaflinn beri nafn Fjarðarsels þá er bæjarstæði þess ekki innan skráningarsvæðisins. Jarðamörk Fjarðar og Fjarðarsels hafa greinilega tekið sífelldum breytingum á ofangreindum tíma þar til jarðirnar renna saman í Bæjarlandið. Því er óvarlegt að taka kaflaheiti í skýrslu þessari of bókastaflega þar sem ákveðinn slægjulönd eða tún hafa verið í breytilegu eignarhaldi í gegnum tíðina.

Heiti: NM-249-69

Hnit: 65.15.431 14.01.025

Hlutverk: Kálgarður.

Tegund: Garðlag.


Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á Mylluholti sem staðsett er upp og út frá kirkjugarði bæjarins.

Lýsing: Garðalög um 67m að lengd og 6m að breidd með veggghæð um 0,5m að ofanverðu en engir veggir eru sjánlegir á suðurbrún. Líklega um kálgarða að ræða. Garðurinn skiptist í þrjú hól sem eru mjög svipuð af stærð eða um 23m x 6m. Einu hólfinu er svo deilt í tvö smærri hól.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.



Teikning 23

Heiti: NM-249-70

Sérheiti: Ruslahaugur setuliðsins.

Hnit: 65.15.354 14.00.881

Hlutverk: Herminjar.

Tegund: Öskuhaugur.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Drenskurður í gegnum tún.



Mynd 31

Lýsing: Ruslahaugur sem herlið Bandríkjamanna skildi eftir sig þegar það yfirgaf Seyðisfjörð eftir stríð. Haugurinn er ekki sjáanlegur á yfirborði en sést vel í drenskurði sem grafinn hefur verið í

⁵¹ Hjálmar Vilhjálmsson. Bændatal Seyðisfjarðar. Bls 114-116.

gegnum hann. Ruslið sést á um 35m kafla í skurðinum en þar má sjá ýmislegt dót eins og flöskur, dósir, járnarusl, kamínu, potta og ýmislegt fleira.

Heiti: NM-249-71

Sérheiti: Odda Fornbær.

Hnit: 65.15.291 14.00.919

Hlutverk: Bæjarhóll.

Tegund: Hóll.

Ástand: Greinilegar fornleifa.

Hættumat: Mikil hætta, vegna jarðsetningar.



Mynd 32

Staðhættir: Hóll í miðju kirkjugarði Seyðisfjarðar.

Lýsing: Bæjarhóllinn er um 23m x 17m að flatarmáli en ekki eru sjáanlegar neinar tóftir á honum. Hóllnum hefur verið raskað og sneitt af í kring til að jafna útlits hans. Í heimildum er talað um að á og umhverfis hólinn hafi verið rústir sem kallaðar voru Odda fornþær sem síðar voru sléttaðar þegar kirkjugarðurinn var gerður. Otto Wathne var fyrsti maðurinn sem grafinn var í kirkjugarðinum árið 1898 og er leiði hans á toppi bæjarhólsins. Nú er töluvert magn grafa á og við hólinn.

Heimildir: Jón Jónsson (1943). Sigurður Magnússonar (1981).

Heiti: NM-249-72

Hnit: N 65.15.232 V 14.00.996

Hlutverk: Mógröf.

Tegund: Svarðargröf.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.



Mynd 33

Staðhættir: Vestan við kirkjugarð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Lýsing: Mógrafirnar ná yfir um 45m x 40m svæði en þær eru sérstaklega merktar inn á túnakort Fjarðar og Fjarðarsels frá árinu 1929. Nú eru grafirnar inn á beitarlandi fyrir hross og eru þær því mjög illa farnar af ágangi og er gróður nokkuð rýr á svæðinu.

Heimildir: Túnakort Fjarðarlands (1929).

Heiti: NM-249-193

Sérheiti: Gróf.

Hnit: 65.15.095 14.0.177

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Landamerki.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Lækurinn rennur í gegnum Kúahaga utan við golfvöll og innan við þar sem nú standa hesthús.

Lýsing: Alldjúpur lækjarfarvegur sem er landamerki á milli slægjulanda fram- og út-parts Fjarðar. Menn nýttu Kúahagann sem slægjuland sem síðar var þurkaður og gerður að nýrækt með tilkomu stórvirkari vinnuvéla. Í Grófinni tóku menn mó og enn má sjá merki um mótekju á svæðinu.

Heimildir: Jón Jónsson (1943). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson.

Heiti: NM-249-73

Hnit: 65.15.298 14.01.341

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Niðurgroftur.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Í Kúahaga nálægt áhrifasvæði hernámsliðsins.

Lýsing: Hringlaga niðurgroftið mannvirki um 5m x 8m að flatarmáli með vegg hæð um 1m og er nokkuð djúpt í miðju. Enginn inngangur er sjáanlegur, mannvirkið er vel grasi vaxið. Ein af fjórum holum sem allar eru svipaðar í lögun og stærð.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.



Mynd 34

Heiti: NM-249-74

Hnit: 65.15.318 14.01.325

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Niðurgroftur.

Ástand: Vel greinilegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Í Kúahaga nálægt áhrifasvæði hernámsliðsins.

Lýsing: Hringlaga niðurgroftið mannvirki um 6m x 8m að



Mynd 35

flatarmáli með vegg hæð um 0,3m og er nokkuð djúpt í miðju. Enginn inngangur er sjáanlegur, mannvirkið er vel grasi vaxið. Ein af fjórum holum sem allar eru svipaðar í lögun og stærð.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-75

Hnit: 65.15.303 14.01.360

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Niðurgröftur.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.


Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir: Í Kúahaga nálægt áhrifasvæði hernámsliðsins.

Lýsing: Rústin skiptist í tvö rými annað er 11m x 6m að flatarmáli með vegg hæð um 0,3m-1,0m. Á milli þeirrar tóftar og annarar minni er um 1m breiður veggur. Minni

tóftin er ferhyrnd 8,5m x 4m að flatarmáli og eru engir veggir sjáanlegir aðeins niðurgröftur. Rústin er stærst af fjórum svipuðum rústum sem eru á svæðinu með stuttu millibili.

Heimildir: Loftmynd 1965-66.



Teikning 24

Heiti: NM-249-76

Hnit: 65.15.347 14.01.361

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Niðurgröftur.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hættu.


Staðhættir: Í Kúahaga nálægt áhrifasvæði hernámsliðsins.

Lýsing: Hringlaga niðurgrafið mannvirki um 7m x 7m að flatarmáli með vegg hæð um 0,5m og er nokkuð djúpt í miðju.

Ein af fjórum holum sem allar eru svipaðar í lögun og stærð

og er enginn inngangur sjáanlegur. Mannvirkið er vel grasi vaxið en gróður á þústinni sker sig nokkuð úr frá umhverfinu í kring. Tóft er staðsett ofan á þúst sem gæti hugsanlega verið leifar af eldra mannvirki þó eru ekki sjáanlegar neinar leifar af því.

Heimildir: Loftmynd 1965-66.



Teikning 25

Heiti: NM-249-77
Hnit: 65.15.185 14.01.505
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Niðurgröftur.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Tóftin er ofan á holti í ofanverðum Kúahaga í efri parti athafnasvæði hersins á svæðinu.



Mynd 36

Lýsing: Hringlaga tóft um 6m x 7m að flatarmáli með steypum járnfæti sem notaður var til að festa niður 122mm eða 155mm fallbyssur sem bandaríski herinn kom fyrir á svæðinu, inngangur að tóftinni vísar á móti suðri. Í kringum skotstæðið eru nokkur fjöldi skotgrafa. Ofar í skriðunni eru tvö önnur álíka byssustæði sem eru þó utan skráningasvæðis. Heimildir herma að á svæðinu hafi verið ein stórskotaliðssveit sem telur fjórar fallbyssur og eru skotstæðin í samræmi við það eða fjögur talsins.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-78, NM-249-79 og NM-249-80
Hnit: NM-249-78 65.15.187 14.01.501, NM-249-79 65.15.184 014.01.487 og NM-249-80 65.15.186 14.01.478.

Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Niðurgröftur.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Skotgrafirnar þrjár eru neðan til á hæð þar sem fallbyssuskotstæði NM-249-77 er og tengjast því væntanlega.



Mynd 37

Lýsing: V-laga skotgrafir sem eru 3m x 1,5m að flatarmáli en jarðsil hefur að hluta fyllt upp í grafirnar.

Heiti: NM-249-81
Hnit: 65.15.169 14.01.529
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Steinsteypa.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Arinn sem liggur ofaná braggagrunni ofarlega í Haga rétt austan við golfvöllinn.



Mynd 38

Lýsing: Arinn er 1,7m x 1,7m að flatarmáli, 1,6m að hæð en hann hefur oltið af upprunalegum undirstöðum sínum. Skammt frá liggja leifar af reykháfi ofan á braggagrunni sem er 10m x 15m að flatarmáli. Grunnurinn sem arinn stendur á er mjög gróinn og sést lítið í hann.

Heiti: NM-249-82
Hnit: 65.15.205 14.01.569
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rofs.

Staðhættir: Vegslóði sem liggur um nýræktina í Haga og í átt að Jókugili.



Mynd 39

Lýsing: Hleðslan er 1,6m á hæð og 4,5m á lengd en tilgangur hennar hefur verið að gera all djúpan læk akfæran. Járnrör hefur verið lagt í gegnum hleðsluna til að hleypa læknum í gegn. Rörið er nú fallið saman að hluta þannig að lækurinn hefur runnið upp fyrir hleðsluna á austurhlið og rofið hana. Hernámsliðið lagði veg um Hagann á milli athafnasvæða sinna og er hleðslan hluti af þeim vegaframkvæmdum. Grjótið í hleðslunni hefur verið tilslegið.

Heiti: NM-249-83
Hnit: 65.15.173 14.01.491
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rofs.

Staðhættir: Hleðsla á vegslóða sem liggur um nýræktina í Haga og í átt að Jókugili.

Lýsing: Hleðslan er um 2m á lengd, 3m á breidd og um 0,5m á hæð og er hlaðin í lækjarfarveg til að gera hann ökufærann. Vegurinn var lagður um Hagann af hernámsliðinu á stríðsárunum í tengslum við athafnasvæði hersins.

Heiti: NM-249-84

Hnit: 65.15.207 14.01.475

Hlutverk: Herminjar.

Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rofs.



Mynd 40

Staðhættir: Steypt fyrirstaða í lækjarfarvegi ofarlega í Haga.

Lýsing: Steinsteypdur stíflugarður um 10m langur, 0,5m breiður og 1,8m á hæð. Hlutverk hans var að safna saman neysluvatni fyrir braggabyggðina sem var á svæðinu. Lækurinn hefur rofið skarð í bakkann og rennur nú framhjá steypum garðinum.

Heiti: NM-249-85

Hnit: 65.15.169 14.01.458.

Hlutverk: Herminjar.

Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 41

Staðhættir: Skálabyggð eða kampur í Haga.

Lýsing: Um 100m x 300m svæði þar sem hinar ýmsu

byggingar sem tengdust hernum stóðu og eru margir steyptir grunnar enn sjáanlegir. Svæðið er mjög gróið og hefur töluvert verið brotið af grunnunum. Þeir sjást betur í efri parti svæðisins en hverfa meira í gróðurinn á neðri parti og eða verið fjarlægðir.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-86
Hnit: 65.15.134 14.01.493
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Niðurgroftur.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rasks.



Mynd 42

Staðhættir: Skotstæði austan megin við golfvöllinn í Haga á milli vegar og lækjar.

Lýsing: Hringlaga tóft um 4m x 3m að flatarmáli með steiptum járnfæti í miðju sem notaður var til að festa niður 122mm eða 155mm fallbyssur sem ameríski herinn kom fyrir á svæðinu. Ofar í skriðunni eru þrjú önnur álíka byssustæði en tvö af þeim eru þó utan skráningasvæðisins. Heimildir herma að á svæðinu hafi verið ein stórskotaliðssveit sem telur fjórar fallbyssur og eru skotstæðin í samræmi við þann fjölda. Helmingur skotstæðisins hefur þó verið grafið í burtu þegar teknir voru drengurðir á svæðinu.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-87
Hnit: 65.15.062 14.01.357
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hættu.



Mynd 43

Staðhættir: Upphækkun í læk fyrir veg sem liggur um gamla braggahverfið og upp að Jókugili.

Lýsing: Hlaðin uppfylling í læk sem vegur liggur yfir en hún er um 2m að lengd, 3m að breidd og um 1,2m að hæð. Ræsi er í gegnum hleðsluna og rennur lækurinn enn þar í gegn. Vegurinn var upphaflega lagður af hernámsliðinu því er líklegt að hleðslan hafi verið gerð af þeim.

Heiti: NM-249-88
Hnit: 65.15.043 14.01.301
Hlutverk: Mógröf.
Tegund: Svarðagröf.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Mógröfin er NV við Seyðisfjarðarveg rétt fyrir neðan golfvallarsvæði.



Mynd 44

Lýsing: Greinilegar mógrafir um 25m x 9m að flatarmáli og um 1,6m að dýpt að jafnaði.

Heiti: NM-249-89
Hnit: N 65.15.008 V 14.01.311
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Steinsteypa.
Ástand: Greinilegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Flotasjúkrahús fyrir ofan Seyðisfjarðarveg í Kúahaga.



Mynd 45

Lýsing: Tveir allstórir grunnar um 17m x 8m að flatarmáli og eru þeir hluti af sjúkrahúsi sem var í Kúahaga. Þegar Bandaríkjamenn tóku við hervörnum á Seyðisfirði 5. september 1942 stækkuðu þeir sjúkrahús sem Bretar áður starfræktu og gerðu úr því flotasjúkrahús. Þjónaði sjúkrahúsið flotadeildum Bandamanna á Atlantshafi til stríðsloka.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-90
Hnit: 65.14.995 14.01.266
Hlutverk: Herminjar.
Tegund: Steinsteypa.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Steypt mannvirki sem stendur norðan við Seyðisfjarðarveg.



Mynd 46

Lýsing: Steypt mannvirki sem er 1,4m á lengd, 1,3m á breidd og 1,5m á hæð. Opið að ofan þar sem er holrúm. Í daglegu tali hjá Seyðfirðingum er um arinn að ræða en ekki er að sjá neitt eldhólf. Hugsanlegt er að búið sé að raska mannvirkinu töluvert, sem var hluti af þeirri starfsemi sem hernámsliðið var með í Kúahaganum.

Heiti: NM-249-91

Hnit: 65.14.965 14.01.372

Hlutverk: Mógröf.

Tegund: Svarðargröf.

Ástand: Greinilegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna trjáræktar.



Mynd 47

Staðhættir: Þriðja og stærsta mógröfin sem sést á mælingakorti frá 1929 og er staðsett innan golfvallarsvæðis.

Lýsing: Mógröfin er 31m x 18m að flatarmáli og um 0,5m að dýpt en bakkar hennar eru nokkuð farnir að falla saman.

Heiti: NM-249-92

Hnit: 65.14.972 14.01.360

Hlutverk: Herminjar.

Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hættu.



Mynd 48

Staðhættir: Stíflugarður í læk sem rennur yfir golfvallarsvæðið.

Lýsing: Langur stíflugarður sem er 4mlangur og 1,6m á hæð gerður úr steinsteypu til að safna saman neysluvatni. Það má sjá járnleiðslu sem liggur út úr stíflunni sem hugsanlega hefur verið inntak fyrir vatnsveitu flotasjúkrahúsins. Um 3 m SV af stífluenda niður með lækjarfarvegi er hleðsla úr grjóti sem líklega tengist stíflugarðinum á einhvern hátt. Sú hleðsla er um 2m á lengd og 1m á hæð.

Heiti: NM-249-93
Hnit: 65.15.072 14.01.422
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Niðurgröftur.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Niðurgröftur í holti ofarlega á golfvallarsvæði.

Lýsing: Niðurgröftur um 3,5m x 3,5m að flatarmáli og um 0,4m að dýpt með um 4m langri rás sem er um 0,8m á breidd og liggur undan halla til suðurs. Umhverfis gryfjuna örlar fyrir vegghleðslum sem eru um 0,5m á hæð. Gæti hugsanlega verið um herminjar að ræða en hermennirnir voru sífellt að grafa sig inn í holt og hæðir um allan fjörð meðan á hernáminu stóð.

Heiti: NM-249-94
Hnit: 65 15. 035 14.01.688
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Niðurgröftur.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rasks.
Staðhættir: Niðurgröftur í holti ofarlega á golfvallarsvæði.

Lýsing: Niðurgröftur sem er um 3,5m x 4m að flatarmáli með um 6m löngum skurði sem vísar á móti suðri. Svæðið er mjög gróið sinu en ekki er að sjá neitt sem bendir til veggja.

Heiti: NM-249-95
Hnit: 65.15.013 14.01.704
Hlutverk: Heygeymsla.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Ofarlega í holti á golfvallarsvæði.

Lýsing: Um 5,5m x 5,5m þúst með sjáanlegu grjóti á allnokkrum stöðum í útjaðri tóftar þó svo að hún sé mikið gróin. Erfitt er að greina útlínur mannvirkisins.

Heiti: NM-249-96
Hnit: 65.14.982 14.01.670
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Þúst.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Óregluleg þúst á golfvallarsvæði.

Lýsing: Þústin er 4m x 3m að flatarmáli og má sjá töluvert af grjóti í henni. Hugsanlega er um að ræða haug af grjóti sem tekinn hefur verið úr túninu þegar það var sléttað.

Heiti: NM-249-97

Hnit: 65.14.937 14.01.755

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Jarðræktarsvæði.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Manngerð þúst í útjaðri golfvallar í vestanverðum Kúahaga..

Lýsing: Um 10m x 6m að flatarmáli með um 0,5m bakka.

Garðabrot eru í ofanverðri töftinni, eru þó lítt áberandi og ekki er að sjá neitt grjót í henni.

Mannvirkið liggur í lágri brekku og er efri hlutinn grafinn inn í hana. Hugsanlega er um að ræða matjurtagarð eða reit undir ræktun. Líklega ekki eldra en frá miðri 20. öld.

Heiti: NM-249-194.

Sérheiti: Merkilækur.

Hnit: 65.14.882 14.01.436

Tegund: Heimildir.

Hlutverk: Landamerki.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir: Smálækur sem fellur um Kúahagamýrar rétt innan við skála Golfklúbbs Seyðisfjarðar.

Lýsing: Lækurinn var engjamerki Fjarðarsels og Framparts Fjarðar, lækurinn hefur þó breyst nokkuð vegna skurðagraftrar.

Heimildir: Jón Jónsson (1943). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson.


Heiti: NM-249-195

Sérheiti: Partur.

Hnit: 65.14.946 14.01.558

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Slægjuland.



Teikning 26

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Slægjuland rétt utan Merkilækjar þar sem nú er golfvallarsvæði.

Lýsing: Slægjulandið tilheyrði Firði. Nú slá menn með golfkylfum þar sem áar þeirra slógu með orfi og ljá.

Heimildir: Jón Jónsson (1943). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson.

Heiti: NM-249-98

Hnit: 65.14.675 14.01.824

Hlutverk: Varnargarður.

Tegund: Hleðsla.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna landbrots.



Mynd 49

Staðhættir: Varnargarður fyrir neðan húsið Bjarmaland í Fjarðarseli.

Lýsing: Um 23m langur hlaðinn garður sem er um 0,4m á hæð. Garðurinn á að koma í veg fyrir jarðrask fyrir neðan íbúðarhús af völdum Fjarðarár þá einkum í miklum vatnavöxtum. Bjarmaland var ekki byggt fyrr en árið 1918 þannig að garðurinn er hugsanlega frá svipuðum tíma. En á staðnum hefur verið göngubrúarstæði mun lengur en frá því að húsið var reist og gæti hleðslan tengst því.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Jón Jónsson (1943).

Heiti: NM-249-182

Sérheiti: Dagmálalækjarvað.

Hnit: 65.15.445 14.00.696

Tegund: Náttúruminjar.

Hlutverk: Vað.

Ástand: Illgreinanlegar fornleifa, vegna rasks.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Grynningar fyrir neðan þar sem Dagmálalækur rennur í Fjarðará.

Lýsing: Fólk notaði vað þetta til að fara yfir Fjarðará.

Heimildir: Jón Jónsson (1943).

Heiti: NM-249-183
Sérheiti: Helluvað.
Hnit: 65.14.924 14.01.219
Tegund: Náttúruminjar.
Hlutverk: Vað.
Ástand: Illgreinanlegar fornleifar, vegna rasks.
Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Grynningar á milli Langatangahyls og Helluhyls.

Lýsing: Nokkru fyrir neðan helluhylinn eru grynningar sem notaðar voru sem vað til að krossa ána. Ánni hefur mikið verið raskað á síðustu öld og er farvegur hennar nú þrengri og um margt breyttur frá þeim tíma sem fólk óð á vöðum yfir hana.

Heimildir: Jón Jónsson (1943).

Heiti: NM-249-99
Hnit: 65.15.133 14.00.914
Hlutverk: Braggahverfi.
Tegund: Steinsteypa.
Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda og jarðrasks.

Staðhættir: Skálahverfi á Langatanga.

Lýsing: Á svæðinu var mikið af herskálum sem aðallega voru birgðaskemmur fyrir hernámsliðið. Nú er ekki mikið sjáanlegt en töluverðar framkvæmdir hafa átt sér stað á tunganum. Mikið af steypubrotum má sjá í jaðri svæðisins þá einkum við árbakka Fjarðarár.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-100
Hnit: 65.15.154 14.00.618
Hlutverk: Mógröf.
Tegund: Svarðargröf.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Mógröf í mýrlendi fyrir ofan Þórsmörk.

Lýsing: Mógröfin er nokkuð óregluleg um 12m x 14m og eru bakkar hennar farnir að gefa sig. Sjálfsprottin víðitré vaxa í gryfjunni ásamt öðrum gróðri.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-101

Hnit: 65.15.208 14.00.526

Hlutverk: Mógröf.

Tegund: Svarðagröf.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 50

Staðhættir: Mógröf í mýrlendi fyrir ofan Garðarstjörn.

Lýsing: Mógröfin er um 8m x 6m að flatarmáli og um 1m

að dýpt og er hún vel gróin.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-102


Hnit: N 65.15.217 V 14.00.518

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Niðurgroftur.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Teikning 27

Staðhættir: Í holti fyrir ofan Garðarstjörn.

Lýsing: Niðurgroftur inn í hlíðina sem er um 4m x 3m að flatarmáli. Dýptin er mest 1,2m á móts við brekkuna, en um

0,3m undan halla. Upp úr austurhorni er um 0,2m löng rás sem er um 1,5m að lengd og liggur hún í átt að læk. Hugsanleg er um að ræða inngang. Erfitt er ákvarða aldur eða tilgang mannvirkisins. Svæðið er mjög gróið og þýft.


Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-103
Hnit: 65.15.264 14.00.539
Hlutverk: Matjurtagarður.
Tegund: Jarðræktarsvæði.
Ástand: Greinilegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Jarðræktarsvæði fyrir ofan Garðarstjörn.

Lýsing: Reiturinn er 17m x 24m að flatarmáli. Það hefur verið sneitt af honum á norðvesturenda. Svo virðist sem einhvern tíman hafi verið hlaðinn garður í kring. Sjáanlegir eru stórir steinar í jaðrinum á svæðinu en síðar hefur verið notast við vírgirðingu. Á loftmynd frá árinu 1965-66 er reiturinn vel sýnilegur og hugsanlega ennþá í notkun.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.




Teikning 28

Heiti: NM-249-104
Hnit: 65.15.364 14.00.434
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinilegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Tóftin er vestan við Dagmálalæk.

Lýsing: Sá hluti tóftarinnar sem sést er um 2m x 3m að flatarmáli en hluti af henni er ekki sýnilegur vegna sinugróðurs. Hæð veggja er um 0,3m og er hún mest á þeirri hlið sem snýr að Dagmálalæk.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.



Teikning 29

Heiti: NM-249-105
Hnit: 65.15.369 14.00.472
Hlutverk: Fjárhús og hlaða.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Grunnur af fjárhúsi sem stóð á vesturbakka Dagmálalækjar.

Lýsing: Leifar fjárhúss sem brann í kringum 1990 en tóftin er 15m x 7m að flatarmáli. Engin steypa er sjáanleg sem hlaðinn er úr grjóti og mól.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-174

Hnit: 65.15.424 14.00.457

Tegund: Steinsteypa.

Hlutverk: Herminjar.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna fyllingar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á íþróttavelli bæjarins þar sem nú er grasvöllur knattspyrnudeildar Hugins.

Lýsing: Á íþróttavelli bæjarins reistu Bretar fjölda skála en síðar þegar Bandaríkjamenn komu þá var bætt við þessa byggð íþróttamönnum bæjarins til mikils ama. Skálabyggð þessi náði á endanum frá sjúkrahúsi Seyðisfjarðar og að Dagmálalæk. Fjöldi grunna frá skálabyggð þessari eru enn á svæðinu undir sverði og hafa verið mikil vandræði vegna vatnssöfnunar af þeirra sökum síðan.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977)

Heiti: NM-249-106

Hnit: 65.15.608 14.00.498

Hlutverk: Brúarstæði.

Tegund: Hleðslur.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Brúarstæðið yfir Fjarðará.

Lýsing: Fyrsta brúin yfir Fjarðará var gerð fyrir tilstuðlan Ottos Wathnes en síðan þá hafa verið gerðar tvær brýr á sama stað.



Mynd 51

Heimildir: Sigurður Magnússon (1981).

Heiti: NM-249-107

Hnit: 65.15.457 -14.00.703

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa.

Staðhættir: Mannvirkið stóð á árbakkanum norðan megin við Fjarðará um 80 m innan við húsið Hól.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Ýmsar minjar í kaupstaðnum



Mynd 52. Horft úr suðurátt yfir kaupstaðinn úr Botnum.

Við brúun Fjarðarár tengdust byggðarkjarnarnir í botni Seyðisfjarðar með aðgengilegum samgöngum sem voru óháðar vatnavöxtum og veðri. Eðlilegt framhald á þessari samgöngubót var að byggðirnar byrjuðu að vaxa saman. Nú er svo komið að þungamiðja þjónustu í kaupstaðnum er í nágrenni brúarinnar og hefur íbúabyggð tengt Búðareyri og Fjarðaröldu óslitið. Fyrir aldamótin 1900 er byggðin strjál inn til landsins en fljótlega á 20. öldinni þéttist byggðin hratt. Á þessu svæði eru fjölbreytilegar minjar en eðlilega ber dreifing og þéttni þeirra þess merki að þær fylgja hinum eldri götum bæjarins svo sem Vesturvegi, Suðurgötu og Austurvegi. Grösug slægjulönd og tún voru víðfem sunnan ár en á óvart kemur að mjög fáar heimildir um búskap eru á þeim svæðum. Það litla sem kom fram á elstu loftmyndum var að mestu ógreinilegar eða mikið sokknar tóftir sem undantekningalaust voru horfnar undir nýbyggingar. Má einnig í þessu samhengi nefna að örnefni sem tengjast búskap sunnan ár fyrir 20. öldina eru nánast engin, litlar ritaðar heimildir um mannabústaði og engar munnlegar frásagnir.

Heiti: NM-249-121

Hnit: 65.15.596 14.00.559

Sérheiti: Sólvangur (Norðurgata 1)

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs, vegna bygginga.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 53

Staðhættir: Þar er nú verslunin Samkaupa og bílastæði.

Lýsing: Norðmaðurinn Sigurd Johansen sem var verslunarstjóri hjá norsku versluninni byggði húsið 1893. Fjarðarselsbændur seldu Sigurd landið undir húsið en einungis hann og Otto Wathne fengu að kaupa land af bændunum, aðrir þurftu að borga leigu. Á tímabili þótti húsið eitt það glæsilegasta í bænum og stóð það á fögrum túnbletti með fallegum garði umhverfis. Húsið var byggt úr bindingsverki, klætt að utan með borðum og undir húsinu öllu var kjallari. Það þótti fréttæmt árið 1895 að Sigurd lét leggja málþráð milli íbúðarhúss síns og verslunarhúsa sem voru staðsett undir Liverpool og var það drjúgur spölur. Í blaðinu Austra sem fjallaði um málið segir að skýrt megi tala gegnum málþráðinn og þykir „höfuðstaðarbragur á slíkum fyrirtækjum“. Árið 1904 keypti Eyjólfur Jónsson ljósmyndari og bankastjóri húsið en hann var bróðir Stefáns Th Jónssonar, Eyjólfur byggði annað hús á lóðinni sem kallað er Ljósmyndahúsið. Kaupfélag Héraðsbúa eignaðist Sólvang 1980 og seldi það Stefáni Jónssyni frá Þrándarstöðum til niðurrifs árið 1982 sem notaði timbrið úr því í fjárhús.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-122

Hnit: 65.15.597 14.00.575

Sérheiti: Ljósmyndastofa Eyjólf Jónssonar.

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Vinnustofa.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs og sléttað yfir.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á bílplani norðan við Samkaup.

Lýsing: Eyjólfur Jónsson reisti sér ljósmyndastofu við Sólvang skömmu eftir að hann festi kaup á húsinu en hann var einnig með klæðskerastofu undir sama þaki. Húsið var smíðað úr bindingsverki með plægðum borðum. Árið 1952 var Ljósmyndastofan rifin og viðir hennar notaðar til að lengja húsið að Vesturvegi 13 og var ljósmyndaplötum Eyjólf Jónssonar sturtað í sjóinn við Liverpool.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Húsvirðing frá 1904.

Heiti: NM-249-123

Sérheiti: Miðbær (Vesturvegur 5).

Hnit: 65.15.559 14.00.583

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs, sléttað yfir.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Innan við Elverhöj þar sem húsið Björgvin stendur nú.

Lýsing: Miðbær var byggður á bökkum Fjarðarár árið 1896 af bræðrum suður úr Reykjavík þeim Oddfreði og Jóhannesi.

Þetta var nokkuð fábrotið og lágreist timburhús byggt úr bindiverki en með mjög merkilega sögu



Mynd 54

Því fyrsta verkamannafélag (Verkamannafélag Seyðisfjarðar) á Íslandi var stofnað innan veggja þess árið 1897. Húsið var rífið árið 1949. Húsið Björgvin var flutt frá Strönd og inn á bakka Fjarðarár þar sem Miðbær áður stóð. Þegar grafið var fyrir stólpum þeim er húsið stendur á var komið niður á hleðslur úr grunni Miðbæjar og voru þær látnar ósnertar eins og kostur var á.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Húsvirðing frá 1904. Munnleg heimild, Pétur Jónsson.

Heiti: NM-249-124

Sérheiti: Snæhvammur.

Hnit: 65.15.541 14.00.605

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Ekki sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs, sléttað yfir.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Húsið stóð þar sem nú er skrudgarður á milli Hvamms (Vesturvegur 11) og Bakka (Vesturvegar 7). Á mælingakorti frá 1928 stendur húsið ásamt útihúsi.

Lýsing: Snæhvammur hét torfhús sem stóð við árbakka Fjarðarár. Enn var búið í húsinu á árunum 1930-1940 en þetta var líklega síðasta íbúðarhúsið úr torfi í kaupstaðnum.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Svanhvít Hávarðsdóttir.

Heiti: NM-249-125

Hnit: 65.15.534 14.00.608

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Útihúsið stóð innan við Snæhvamm þar sem nú er steyp tjörn í skrudgarði.

Lýsing: Útihús úr torfi og grjóti þar sem íbúar í Snæhvammi voru með búpening sinn.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-126

Sérheiti: Bjargholt.

Hnit: 65.15.543 14.00.682

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Norðan við Vesturveg fyrir ofan Skrúðgarð.

Lýsing: Óvíst er hvenær húsið var byggt en fyrsti skráði eigandinn var Gísli Jónsson árið 1878. Bjargholt var frekar lítið timburhús með áföstu eldhúsi og veggjum úr torfi og grjóti. Húsið var brennt rétt eftir árið 1960.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-127

Sérheiti: Árbær.

Hnit: 65.15.481 14.00.678

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Við árbakka Fjarðarár rétt utan við húsið Hól.

Lýsing: Húsið var lítið viðarhús byggt í kringum 1906 en það stóð á steingrunni með kjallara. Húsið var upphaflega annarstaðar en var síðar flutt. Það var rífið um miðjan sjöunda áratuginn.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-128

Hnit: 65.15.710 14.00.553

Tegund: Niðurgröftur-hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Fyrir aftan Stefánshús.

Lýsing: Útihús á lóð Stefáns Th. Jónssonar sem sést á mælingarkorti frá árinu 1928.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-131

Hnit: 65.15.701 14.00.761

Tegund: Hlaða.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Við úthlið Þorsteinshús.

Lýsing: Enn má sjá ummerki eftir byggingu sem byggð var upp að Þorsteinshúsi og þjónaði síðast sem hlaða Erlendar sýslumanns sem bjó í Firði 4.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Karl Svavarsson.

Heiti: NM-249-132

Sérheiti: Bjarki (Austurvegur 2).

Hnit: 65.15.601 14.00.417

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa. Vegna niðurrifs, sléttað yfir.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 55

Staðhættir: Undir bílaplani fyrir framan félagsheimilið Herðubreið.

Lýsing: Húsið var byggt árið 1897 yfir blaðið Bjarka og ritstjóra þess. Það voru samfélagsstólparnir Sigurd Johansen og Stefán Th. sem stóðu fyrir byggingu húsins og útgáfu blaðsins en þeim fannst þeir knúnir til að koma upp málgagni í þessu unga samfélagi. Húsið var rifið árið 1974. Bjarki var reisulegt timburhús byggt úr bindingsverki með kjallara.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-185

Hnit: 65.15.625 14.00.565

Tegund: Lausafundur.

Hlutverk: Hestasteinn.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir: Steinninn stendur á umferðareyju við Norðurgötu.

Lýsing: Hestasteinninn er um 1,4 m á lengd, 0,8 m á breidd og um 0,5 m á hæð með járnhring festan í miðju. Steinninn var upphaflega á hlaði Fjarðarselsbæjarins en var fluttur niður í bæ og stóð um tíma við Gamla Apótekið (Suðurgötu 2)

Heiti: NM-249-187

Sérheiti: Sögusvið Vélstjórans frá Aberdeen.

Hnit: 65.15.587 14.00.447

Tegund: Frásögn.

Hlutverk: Sögustaður.

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir: Innan veggja Gamla Apóteksins (Suðurgötu 2) gerðist þekkt draugasaga um Vélstjóran frá Aberdeen.



Mynd 56

Lýsing: Axel var settur sýslumaður í N -

Múlasýslu 1894. Meðal þeirra mála sem fyrir honum lá, er hann tók við, var hvarf vélstjóra af togaranum M. A. Dodd frá Aberdeen, sem viðdvöl hafði haft á Seyðisfirði um vorið. Hafði hann horfið af skipinu á leiðinni út, og þótti eitthvað grunsamlegt við það. Í september slæddist síðan lík upp á línu úti í mynni Seyðisfjarðar og reyndist það vera af vélstjóranum. Var líkið illa farið, framhandleggirnir dottnir af því og aðeins eftir beinþípurnar. Auk þess vantaði allt hold á hauskúpuna. Sannaðist við krufningu að maðurinn hefði verið dáinn eða meðvitundarlaus er hann fór í sjóinn. Var líkið síðan jarðað með viðhöfn. Rannsakaði Axel síðan málið að nýju og komst þá að því að óregla og áflog höfðu verið á skipinu og það hefði morrað lengi stjórnlaust úti á Seyðisfirði. Þýddi Axel síðan málskjöl sín á ensku og sendi til lögreglustjórans í Aberdeen. Sannaðist þar úti að vélstjóranum hefði verið varpað fyrir borð og járn bundið við framhandleggi hans. Kvöldið eftir að þetta var allt um garð gengið gekk Axel snemma til náða en gat ekki sofið. Klukkan 3 eða 4 um nóttina sá hann herbergishurðina opnast og skoska vélstjóran koma inn. Var hann þá eins ásýndum og líkið var. Þóttist Axel sjá að hann væri reiður og bæri illan hug til sín. Réðst draugurinn á hann af heljarafli en Axel hafði betur og komst út. Gekk draugur þessi svo ljósum logum á neðri hæðinni næstu tvo daga.

Heimildir: Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson (1962).

Heiti: NM-249-133

Sérheiti: Líkhúsið.

Hnit: 65.15.482 14.00.274

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Hættumat: Hætta, vegnaframkvæmda.

Staðhættir: Fyrir ofan Gamla sjúkrahús.

Lýsing: Líkhúsið var lítil óupphituð bygging þar sem lík voru látin standa uppi þangað til nýtt sjúkrahús reis og ný kæligeymsla tók við sem líkhús árið 1987. Húsið var steyppt, einlyft, gluggalaust og með inngangi sem sneri mót vestri.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Sigrún Ólafsdóttir.

Heiti: NM-249-134

Hnit: 65.15.504 14.00.554

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bygging sem sést á mælingakorti fyrir neðan veg á Árstíg.

Lýsing: Byggingin er ein af tveimur óskilgreindum mannvirkjum sem eru sjáanleg á mælingakorti frá árinu 1928 en ekki á loftmynd frá árinu 1965-66.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-135

Hnit: 65.15.489 14.00.579

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bygging sem sést á mælingakorti fyrir neðan veg á Árstíg rétt hjá húsinu Álfhóli.

Lýsing: Byggingin er ein af tveimur óskilgreindum mannvirkjum sem eru sjáanlegar á mælingakorti frá árinu 1928 en ekki á loftmynd frá árinu 1965-66.

Heiti: NM-249-136

Sérheiti: Árnastaðir.

Hnit: 65.15.438 14.00.630

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Stóð við enda Árstígs.

Lýsing: Ekki er vitað um byggingarár hússins en fyrsti skráði eigandinn er Árni Sigurðsson árið 1899. Húsið var 25m² einlyft timburhús með tveimur áföstum skúrum en það brann til kaldra kola árið 1947.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-137

Sérheiti: Sólheimar.

Hnit: 65.15.404 14.00.652

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna bygginga.

Staðhættir: Sólheimar stóðu rétt fyrir neðan þar sem nú er Garðarsvegur 20.

Lýsing: Á Sólheimum voru lengi vel tvö hús; Gömlu- og nýju Sólheimar. Það eldra var einlyft hús, portbyggt en það nýrra var tvílyft með lágu risi. Ekki er ljóst hvenær eldri bærinn var byggður en húsin á Sólheimum voru brennd árið 1965.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-181

Hnit: 65.15.648 14.00.345

Tegund: Frásögn.

Hlutverk: Lausafundur.

Staðhættir: Í landfyllingu við Lón fyrir neðan húsið Ós.

Lýsing: Á áttunda áratug 20. aldar fannst forlata öxi eða atgeir þegar verið var að gera kartöflugarð við Lónið sem Fjarðará rennur í. Þegar grafið var fyrir húsum á Leirubakka rétt eftir 1970 var jarðvegur notaður þaðan til að gera landfyllingu við Lónið sem gripurinn fannst síðar í. Ekki hefur fengist skorið um síðan hvenær öxin er en Þjóðminjasafnið skráði hana árið 2007.

Heimildir: Munnleg heimild, Steinunn Kristjánsdóttir.

Heiti: NM-249-138

Hnit: 65.15.633 14.00.228

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Fjós.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna bygginga.

Staðhættir: Austan við hið svokallaða Elliheimili á Austurvegi.



Mynd 57

Lýsing: Á mælingakorti frá 1928 sést einhverskonar útihús sem tilheyrði Imslandshúsinu sem í dag er þekkt undir nafninu Elliheimilið. Á svæðinu má sjá bungu í landslaginu þar sem húsið stóð.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-139

Sérheiti: Efri Borgarhóll.

Hnit: 65.15.665 14.00.246

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Hættumat: Hætta, vegna bygginga.

Staðhættir: Rétt fyrir ofan Borgarhól þar sem nú er bílastæði og nýbygging.

Lýsing: Húsið var 70m² timburhús með kjallara byggt árið 1890. Árið 1973 brann húsið og varð mannskaði er fjórar manneskjur létust.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-140

Sérheiti: Geymsluhús Páls Arnasonar.

Hnit: 65.15.683 14.00.189

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Fyrir neðan Pálshús við ströndina.



Mynd 58

Lýsing: Geymsluhús sem útgerðarmaðurinn Páll Árnason byggði árið 1903, húsið var byggt úr bindingsverki með kjallara undir öllu húsinu. Húsið var brennt um 1987.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-141

Hnit: 65.15.689 14.00.148

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna rasks.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bygging á mælingakorti fyrir neðan Gömlu bókabúðina við strandlínuna. Sést einnig á loftmynd frá 1965-66.

Lýsing: Um miðja öldina voru enn uppistandandi veggir hússins en íbúar í nágreninu notuðu grunninn meðal annars til að losa sig við sorp. Nú hefur svæðið verið rutt og ekki sést móta fyrir veggjunum lengur.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-142

Sérheiti: Kristínarskúr.

Hnit: 65.15.679 14.00.117

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á móti Steinholti hinumegin við Austurveg, utan við bílaplan bókabúðar.

Lýsing: Ekki er vitað um byggingarár hússins en fyrsti skráði eigandinn er Kristín Jónsdóttir árið 1900. Skúrinn var rifinn rétt fyrir 1940 og síðar voru reistir tveir skálar frá breska hernum á staðnum.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-176

Hnit: 65.15.680 14.00.102

Tegund: Steinsteypa.

Hlutverk: Herminjar.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna fyllingar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Fyrir neðan húsið Steinholt sem hýsir Tónlistaskóla Seyðisfjarðar á Austurvegi.

Lýsing: Nokkrir skálar voru byggðir á svæðinu en tveir af þesum skálum stóðu enn árið 1965-66.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977), Loftmynd 1965-66.

Heiti: NM-249-143

Sérheiti: Egilsskúr.

Hnit: 65.15.689 14.00.042

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Skúr stóð á móts við húsið Heklu við fjöruborðið nokkuð utan við Vinaminni, þar sem nú er landfylling.

Lýsing: Egilsskúr var einlyft timburhús byggt árið 1898, húsið var rifið kringum 1975.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-144

Hnit: 65.15.654 14.00.099

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornlefa.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bygging sem sést á mælingakorti fyrir ofan Steinholt og einnig á loftmynd frá 1965-66. Í dag hefur risið nýbygging á staðnum.

Lýsing: Útihús og hjallur frá Steinholti en þar var verkstæði í kringum 1960.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). 1965-66.

Heiti: NM-249-175

Hnit: 65.15.645 13.59.904

Tegund: Steinsteypa.

Hlutverk: Herminjar.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna framkvæmda.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Fyrir ofan húsin Breiðablik og Árblik þar sem nú er Baugsvegur.

Lýsing: Myndarlegt Skálahverfi auk skotstæða til loftvarna.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977)

Heiti: NM-249-145

Sérheiti: Kommahöllin.

Hnit: 65.15.737 13.59.838

Tegund: Niðurgröftur - Hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Útihús fyrir neðan Gíslahús (Austurvegur 51).

Lýsing: Húsið var upphaflega geymsluhús, hjallur og fjós en síðar var innréttað íbúð og fékk húsið viðurnefnið sitt "Kommahöllin" vegna stjórnmálaskoðana íbúanna. Húsið var rífið stuttu eftir 1995.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995). Loftmynd frá árinu 1965-66.

Heiti: NM-249-146

Hnit: 65.15.731 13.59.853

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Útihús fyrir neðan nýju brauðbúðina.

Lýsing: Útihús sem stóðu þar til í lok 20. aldar og voru notuð til ýmiskonar brúks. Áður var strandlínan rétt við útihús þessi en um árið 1970 var gerð uppfylling út af “gamla” austurveginum.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-147

Hnit: 65.15.745 13.59.823

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Útihús við gömlu strandlínuna fyrir neðan Austurveg 53.

Lýsing: Á mælingakorti frá 1928 sjást húsin.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-148

Hnit: 65.15.755 13.59.707

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Byggingar sem stóðu fyrir ofan Járnhúsið og eru á mælingakorti frá 1928.

Lýsing: Fjós, hlaða og hjallur sem íbúar í Járnhúsinu nýttu sér.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Búðareyri



Mynd 59. Verkaþólk vaskar saltfisk á bryggju Fiskfélagshússins. Í Baksýn sést í Wathnestorfuna.

Engar staðfestar heimildir eru um nafngiftina á Búðareyri en nafnið virðast hafa verið nokkuð rótgróið í lok 19. aldar þegar norskir sálveiðimenn komu sér þar fyrir. Það gæti gefið til kynna að verslað hafi verið á eyrinni eða í það minnsta gerð tilraun til þess, fyrir komu þeirra. Elstu heimildir um verslun í firðinum eru á Hánefsstaðaeyrum í kringum aldamótin 1800, sú verslun var þó ekki löggild.⁵² Búðareyrinn er sunnan fjarðar og var lengi vel annar af tveimur byggðarkjörnum í botni Seyðisfjarðar. Byggð á Búðareyrinni hófst ekki að neinu marki fyrr en í kringum árið 1867 þegar fyrstu Norðmennirnir komu sér þar fyrir. Uppbyggingin var hröð og sífellt fleiri síldveiðistöðvar risu á eyrinni, sem urðu um ellefu talsins fyrir aldamótin 1900. Óhætt er að segja að norðmenn hafi rutt brautina fyrir þéttbýlismyndun í firðinum á þessum árum. Í kringum útgerðirnar reistu athafnamennirnir sér hús og húsabyrping Ottos Wathne á Búðareyrinni er dæmi um það. Einnig risu upp þurrabúðir víða í kringum þessi umsvif sem í bjuggu Íslendinga er byggðu alfarið afkomu sína á fiskveiðum. Seyðisfjörður hefði í rauninni getað byggst upp fyrr í kringum verslun og veiðar sem

⁵² Hjörleifur Guttormsson. Ferðafélags Íslands árbók 2005. Bls 211-212.

var þegar hafin á fyrstu áratugum 19. aldar á Fjarðaröldu. Löggjöf sem bannaði tómthúsmönnum að setjast að við sjávarsíðuna án þess að grasnyt fylgdu, stóðu í vegi fyrir þeirri þróun.⁵³ Á fyrstu áratugum 20. aldarinnar hófu hinir ýmsu aðilar starfsemi á eyrinni þar á meðal skipasmíðastöð, vélsmiðja og sæsími svo eitthvað sé nefnt. Byggðin hefur tekið töluverðum breytingum frá aldamótum og hafa margar byggingar horfið. Enn stendur þó töluvert af aldamótabyggðinni sem setur svip sinn á svæðið. Líkt og byggðarkjarninn á Fjarðaröldu þá hefur Búðareyrin minja- og menningarlegt gildi á landsvísu.

Heiti: NM-249-108

Hnit: 65.15.900 13.59.511

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Tóft.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Tóftin er í barði um 30m ofan við vesturenda skrifstofuhúss Tækniminjasafns Austurlands.

Lýsing: Lítil tóft um 2,5m x 2,5m að flatarmáli með 0,4m háum veggjabrotum og er inngangur sjáanlegur sem vísar í austur. Tóftin er vel sinu vaxin.

Heiti: NM-249-109

Hnit: 65.15.849 13.59.549

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garður.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Túngarður ofan við heimatún sem tilheyrði húsinu Berlín.




Mynd 60

Lýsing: Um 1,2m há vegghleðsla sem liggur frá austri til vesturs með fjallshlíðinni um 81m leið og beygir síðan niður að sjó um 27m leið. Á loftmynd frá 1965-66 sést að garðurinn hefur þá verið meiri um sig, nú rúmum 40 árum síðar stendur um það bil 1/3 eftir af honum. Hrúnið hefur úr veggnum á nokkrum stöðum. Veggurinn er nokkuð hár og sterkbyggður.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

⁵³ Hjörleifur Guttormsson. Ferðafélags Íslands árbók 2005. Bls 211.

Heiti: NM-249-110
Hnit: 65.15.851 13.59.544
Hlutverk: Fjárhús.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.



Teikning 30

Staðhættir: Tóftin er um 100m ofan við húsið Berlín.

Lýsing: Tóftin er 9m x 6m að flatarmáli með 1,5m vegghæð og er hún hlaðin úr grjóti. Svo virðist sem seinna hafi verið gerðar endurbætur á byggingunni og hleðslan múrhuðuð að hluta til. Enn má sjá bárujárn og timbur í einu horni byggingarinnar sem er frá síðasta byggingarstigi hennar.

Heiti: NM-249-111
Hnit: 65.15.840 13.59.566
Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Tóft.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Um 90m ofan við húsið Berlín.

Lýsing: Tóft sem er 6m x 9m að flatarmáli með tilhöggnu grjóti í jöðrum en veggir eru útflattir. Seinna hefur tóftin verið nýtt sem matjurtargarður en þar má sjá rabbarbara. Tóftin er mjög gróin sinu.

Heiti: NM-249-112
Hnit: 65.15.832 13.59.585
Hlutverk: Traðir.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Í fjallshlíð ofan við húsið Berlín.

Lýsing: Hleðslan er um 5m á breidd, 7m á lengd og 1,3m á hæð. Hlaðið hefur verið í lækjarfarveg og ræsi lagt í gegnum sem vegslóði liggur á.

Heiti: NM-249-113
Hnit: 65.15.834 13.59.690
Hlutverk: Gerði.
Tegund: Garðlag.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Garðalag fyrir neðan Múla.



Mynd 61

Lýsing: Hlaðinn garður um 14m langur austur-vestur og 12m langur norður-suður. Það má sjá á mælingakorti frá árinu 1928 að garðurinn var ekki stærri en hann er nú og innan hans var matjurtagarður. Hleðslurnar eru farnar að láta á sjá og eru steinar úr lagi gegnir.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-114
Hnit: 65.15.924 13.59.486
Hlutverk: Sorphaugur.
Tegund: Ruslahaugur.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Ruslahaugur fyrir ofan Vélsmiðju Seyðisfjarðar.



Mynd 62

Lýsing: Ruslahaugurinn nær yfir um 25m x 15m svæði. Í haugnum má finna ýmislegt sem féll til við starfsemi fyrirtækisins frá stofnun þess og fram eftir 20. öldinni. Vélsmiðja Jóhanns Hanssonar var stofnuð árið 1907 en varð síðar Vélsmiðja Seyðisfjarðar. Fyrirtækið varð fljótlega öflugt á landsvísi og árið 1918 stækkaði húsakostur þess til muna og bættist þá við málmbraðsla. Nú er Tæknimínjasafn Seyðisfjarðar með umsjón yfir húsum vélsmiðjunnar og er þar starfrækt safn.

Heimildir: <http://www.tekmus.is/>, 02.11.2009.

Heiti: NM-249-115
Hnit: 65.15.967 13.59.442
Hlutverk: Gosbrunnur.
Tegund: Steinsteypa.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Tjörn í garði á milli Sólbakka og Símsstöðvar
(Hafnargata 44).



Mynd 63

Lýsing: Hringlaga steyppt tjörn um 2,5m að þvermáli með járnörri sem liggur frá læk og inn í miðja tjörnina. Á járnörinu er skrúfgangur fyrir stút sem vísað hefur upp í loftið og veitt vatninu upp í gosbrunninn. Í kringum 1955 var gosbrunnurinn notaður sem blómabeð.

Heiti: NM-249-116
Hnit: 65.15.963 13.59.452
Hlutverk: Garðlag.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Hleðsla fyrir ofan Símsstöð (Hafnargata 44).



Mynd 64

Lýsing: Hlaðið garðlag um 37m langt og um 1m á hæð sem liggur frá austri til vesturs. Það er þunn múrhuð á hluta veggisins sem er eftir byggingu sem stóð upp við hann og hýsti kamra.

Heiti: NM-249-188
Hnit: 65.15.960 13.59.487
Tegund: Lausafundur.
Hlutverk: Fallbyss.
Ástand: Heillegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Fallbyssan stendur rétt innan við Símsstöðina (Hafnargata 44).

Lýsing: Kanónan var framleidd í Stafssjö í Svíþjóð 1854 fyrir stórskotalið danska landhersins, í tíð Friðriks 7 en hún er svokallaður sexpundari. Ekki er ljóst hvenær hún var flutt til landsins. Elstu heimildir um hana er á ljósmynd frá árinu 1907 þar sem hún stendur á bryggju norðanmegin í Seyðisfirði þegar skotið var úr henni til heiðurs Friðriks 8. sem heimsótti þá Seyðisfjörð. Saga kanónunar er hulin móðu, þangað til á stríðsárunum, þegar nokkrir strákar rekast á hana grafna í fjörusandi á milli Þórshamars og Garðarsbryggju. Ekki var hún tekin úr flæðamálinu fyrr en um 1950 og var þá notast við vinnuvél sem bandaríski herinn hafði skilið eftir sig. Var kanónan nýtt sem bryggjupolli um 25 ára skeið á Angróbryggju, þar sem hún var steyppt niður. Það var ekki fyrr en kringum árið 1975 sem hún var tekin til handagagns af þeim Einari Sigurgeirsyni og Friðriki

Aðalbergssyni sem nostruðu við hana og gáfu henni nýtt líf. Hún hefur staðið fyrir framan Ráðhús Seyðisfjarðar síðan 1980 og er skotið úr henni á 17. júní ár hvert og við önnur hátíðleg tækifæri.

Heimildir: Jóhann Sveinbjörnsson. Ávarp til gesta Tækniminjasafns Austurlands árið 1996. Munnleg heimild, Jóhann Sveinbjörnsson.

Heiti: NM-249-117

Hnit: 65.15.964 13.59.457

Sérheiti: Magasín.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir: Í garði fyrir ofan Símstöð (Hafnargata 44).

Lýsing: Grunnurinn er um 4m x 9m að flatarmáli. Byggingin stóð fyrst við vesturgötu Símstöðvar en var síðar flutt upp fyrir hús. Magasín þjónaði í fyrstu sem kamrar fyrir starfsfólk og fjölskyldu stöðvarstjóra, sem hafði aðsetur upp á efri hæð Símstöðvar. Síðar var byggingin notuð sem skjalageymsla og var rifin rétt eftir 1971, þegar símstöðin var flutt í nýtt húsnæði að Hafnargötu 4.

Heimildir: Munnleg heimild, Karl Svavarsson.

Heiti: NM-249-118

Hnit: 65.15.969 13.59.452

Hlutverk: Radiomastur.

Tegund: Steinsteypa.

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir: Steyptur fótur undir radiostaur á lóð

Símstöðvarinnar (Hafnargata 44).



Mynd 65

Lýsing: Steyptur fótur undir radiostaur aftan við Símstöðina með járntitum sem standa um 5sm upp úr steyptri undirstöðunni. Annar eins staur var aftan við bústað símrítara í húsinu Garði (Hafnargata 42) hann var 0.5m í þvermál þrjár stagahöldur eru enn sjáanlegar austan og norðan við þar sem staurinn stóð.

Heimild: Munnleg heimild, Jóhann Grétar Einarsson.

Heiti: NM-249-119
Hnit: 65.15.920 13.59.571
Hlutverk: Bryggja.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Hleðslan er í fjöru fyrir neðan þar sem Skipasmíðastöð Austfjarða var til húsa.



Mynd 66

Lýsing: Hlaðinn 30m kantur sem liggur austur-vestur og 34m kantur sem liggur norður-suður en í honum eru 13 staurar úr tré reknir lóðrétt niður. Þetta eru leifar af bryggju frá aldamótunum 1900 en á þeim árum og langt fram eftir 20. öldina var skipasmíðastöð starfrækt í húsunum sem standa fyrir ofan hana.

Heiti: NM-249-149
Hnit: 65.15.837 13.59.748
Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.
Hlutverk: Pakkhús.
Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.
Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Lítil bygging innan við Imslandsbúð (Hafnargötu 11) sem síðast þjónaði sem Vínbúð ÁTVR.

Lýsing: Á mælingarkorti frá 1928 er lítil bygging við ströndina þar sem nú er smábátahöfn en svæðinu var mikið raskað við hafnarframkvæmdir. Eftir 1923 var innréttuð lítil íbúð í húsinu og kallaðist það Litla-Framhús

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Svanhvít Hávarðsdóttir.

Heiti: NM-249-150
Hnit: 65.15.808 13.59.654
Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.
Hlutverk: Útihús.
Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Um 35m fyrir ofan húsið Múla austanmegin við Múlalæk.

Lýsing: Við Múlalæk má sjá blett þar sem gróður er frábrugðinn öðrum gróðri í kring og mótur óljóst fyrir byggingu. Á mælingakorti frá árinu 1928 sést bygging þessi og á loftmynd frá árinu 1965-66.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-151

Sérheiti: Pettersenshús.

Hnit: 65.15.844 13.59.684

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Húsið stóð á milli Steinshúss (Hafnargata 14) og Bláhúss (Hafnargata 18) sem er núna horfið. Nú er malbikaður vegur þar sem húsið stóð.

Lýsing: Pettersenshús var timburhús byggt 1892 eða fyrr úr bindingsverki með kjallara undir hálfu húsinu. Húsið var rífið 1985.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-152

Sérheiti: Bakhús og Bláhús. (Hafnargata 18 og 18B)

Hnit: 65.15.851 13.59.665

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Húsin stóðu rétt austanmegin við Pettersenshús.

Lýsing: Bláhús var byggt árið 1882 og Bakhús var byggt árið 1893 og voru þau sambyggð. Bláhús var um 37m² úr bindingsverki með sementssteypu á tvo vegu og var kjallari undir öllu húsinu, húsið var rífið árið 1965. Bakhús var 25m² timburhús gert úr bindingsverki með kjallara undir nokkru af húsinu. Húsið var rífið árið 1989.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-153

Hnit: 65.15.851 13.59.711

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Sjóhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna rasks.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Bygging sem liggur við sjávarsíðuna utan við Imslandsbúð (Hafnargötu 11), hún er á mælingakorti frá 1928.

Lýsing: Byggingin var aflöng og gekk bryggja út frá henni. Mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu þegar gerð var smábátahöfn og strandlínunni var umturnað.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-154

Sérheiti: Sæból.

Hnit: 65.15.861 13.59.689

Tegund: Niðurgroftur - Hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Nú stendur slysavarnarhúsið Sæból á þeim stað sem Gamla Sæból áður stóð. Leifar húsins eru því af öllum líkindum horfnar.

Lýsing: Upphaflega var Sæból sjóhús en síðar breytt í íbúðarhús um aldamótin 1900. Það er óvíst hvenær sjálft sjóhúsið var byggt. Þetta smáa hús var gert úr bindingsverki og ekki var neinn kjallari undir því. Húsið var rífið árið 1943.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-189

Hnit: 65.15.880 13.59.674

Tegund: Herminjar.

Hlutverk: Fallbyssa.

Ástand: Heillegar fornleifar.

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir: Rétt utan við slysavarnarhúsið Sæból stendur fallbyssa sem áður var um borð í Olíuskipinu El Grillo sem sökkt var í firðinum.

Lýsing: Á styrjaldarárunum lá ávallt olíubirgðarskip í firðinum, sem sáu skipum Bandamanna fyrir olíu. Þegar skipið tæmdist yfirgaf það fjörðinn og annað kom í stað þess. Á haustdögum árið 1943 kom eitt slíkt í fjörðinn og lagðist um 300-400m frá landi inn við Háubakka. Hét skipið El Grillo. Þann 10. febrúar árið 1944 sem þýskar flugvélar sökktu olíuskipinu sem liggur nú á botni fjarðarins. Kafarar hafa farið margar ferðir niður að flakinu og var fallbyssan tekin upp í einum af þessum túrum. Í dag stendur fallbyssa þessi við sjávarsíðuna til sýnis ásamt djúpsprengju og tundurdufli.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-156

Hnit: 65.15.839 13.59.668

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á mælingakorti frá árinu 1928 er útihús rétt ofan við Pettersenshús (Hafnargata 16).

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-157

Hnit: 65.15.856 13.59.585

Tegund: Niðurgröftur - Hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Fyrir ofan húsið Berlín (Hafnargata 24) sést á mælingakorti frá árinu 1928 útihús á miðjum túnbletti sem er girtur af með hlöðnum túngarði.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-158

Hnit: 65.15.876 13.59.661

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Sjóhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna rasks.

Hættumat: Hætta, vegna rasks.

Staðhættir: Á mælingakorti frá árinu 1928 má sjá sjóhús fyrir neðan húsið Berlín (Hafnargata 24). Einnig sést að þar hefur verið bryggja út frá húsinu og renna til að draga báta á land. Enn þann dag í dag eru aðstæður á staðnum til að draga báta á land. Á loftmynd frá árinu 1965-66 er sjóhúsið farið en enn má sjá bryggjuna.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-159

Sérheiti: Arnbjargarhús.

Hnit: 65.15.877 13.59.579

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Arnbjargarhús stóð örlítið utan og ofan við Þórshamar þar sem síðar var byggt verslunarhús KHB.

Lýsing: Húsið var timburhús úr bindingsverki byggt árið 1904 með kjallara undir öllu húsinu. Húsið var rífið árið 1954 og kjallaranum var líklega öllum mokað í burtu þegar grafið var fyrir verslunarhúsinu.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-160

Sérheiti: Hafnargata 32 B.

Hnit: 65.15.881 13.59.542

Tegund: Niðurgröftur - Hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Húsið stóð rétt fyrir ofan Sandfell (Hafnargata 32) fyrir utan olíutank sem stendur þar enn.

Lýsing: Húsið er eitt af þeim húsum á Seyðisfirði sem flutt voru úr stað en það var upphaflega byggt á Fjarðaröldu fyrir aldamótin 1900 en fært inn á Búðareyri árið 1921. Húsið var járnvarið timburhús, einlyft og portbyggt það var rífið árið 1989.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-161

Hnit: 65.15.931 13.59.512

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Hjallur fyrir neðan eystri enda Vélsmiðju Jóhanns Hanssonar sem sést á mælingakorti frá 1928. Hjallurinn sést ekki á loftmynd frá 1965-66.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-162

Hnit: 65.15.946 13.59.506

Tegund: Niðurgröftur - Hleðsla.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á mælingakorti frá 1928 má sjá allstórt útihús fyrir neðan húsið Garð þar sem í dag er bílastæði, húsið sést ekki á loftmynd frá árinu 1965-66.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-163

Sérheiti: Stefánshús. (Hafnargata 35)

Hnit: 65.15.946 13.59.530

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 67

Staðhættir: Stefánshús stóð rétt fyrir innan og ofan Anglo (Hafnargata 37), fyrir neðan Hafnargötuna á móts við Garð (Hafnargata 42). Nú er malarplan þar sem húsið stóð.

Lýsing: Stefánshús var 11 álna langt og 9 álna breitt timburhús með kjallara undir húsinu öllu. Byggt árið 1878 og var rífið um 1942.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).



Mynd 68. Wathnetorfan á Búðareyri um 1910.

Heiti: NM-249-164

Hnit: 65.15.967 13.59.406

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Útihús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Samkvæmt mælingakorti frá árinu 1928 var útihús fyrir utan húsið Sólbakka (Hafnargata 44 B).

Lýsing: Stór hjallur og geymsluloft sem tilheyrði Litla-Wathneshúsi (Hafnargötu 46) og Símsstöð (Hafnargötu 44).

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Munnleg heimild, Svanhvít Hávarðsdóttir.

Heiti: NM-249-165

Hnit: 65.15.983 13.59.396

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Fjós.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á mælingakorti frá árinu 1928 má sjá útihús fyrir ofan þann stað þar sem Litla Wathneshúsið stóð (Hafnargata 46).

Lýsing: Fjós sem tilheyrði Litla Wathneshúsi (Hafnargata 46), en það var byggt úr hlöðnu grjóti í steinsteypu.

Heimildir: Tutein & Koch (1928).

Heiti: NM-249-166

Sérheiti: Stóra Wathneshús. (Hafnargata 48)

Hnit: 65.15.990 13.59.431

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Greinilegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Stóra Wathneshúsið stóð aðeins utar en Litla Wathneshúsið og má sjá leifar af grunni þess í dag.

Lýsing: Byggingarár húsins er óvíst en það er fyrst virt árið 1896, en þá er það staðsett á Reyðarfirði og í eigu Friðriks Wathne. Árið 1906 er það síðan flutt til Seyðisfjarðar. Friðrik Wathne var bróðir Ottós Wathne og rak hann Wathnesverslunina á Reyðarfirði frá 1891 þar til hann fluttist til Seyðisfjarðar 1898, þegar Ottó bróðir hans lést. Húsið þótti mjög glæsilegt. Það var um 128m² að stærð úr bindingsverki, allt klætt að utan með plægðum borðum með kjallara undir hálfu húsinu. Þegar húsið stóð á Reyðarfirði var kjallari undir því öllu. Árið 1992 brann húsið og var rífið eftir það.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-177

Hnit: 65.16.000 13.59.406

Tegund: Steinsteypa.

Hlutverk: Herminjar.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna fyllingar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Á túnblettinum fyrir utan Wathneshúsin á Hafnargötunni þar sem nú er bílastæði fyrir ofan fiskvinnslu Brimbergs.

Lýsing: Töluvert magn af skálum voru á þessu svæði.

Heimildir: Hjálmar Vilhjálmsson (1977).

Heiti: NM-249-167

Sérheiti: Wathnesbúð. (Hafnargata 43)

Hnit: 65.15.993 13.59.471

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Verslunarhúsnæði.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs, vegna bygginga.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Húsið var hluti af Wathnestorfunni þar sem Wathne fjöldskyldan reisti fjölda húsa. Það var neðan við götuna til móts við litla Wathneshús. Nú er spennustöð rafveitunnar og athafnasvæði fiskvinnslunnar Brimbergs á þeim stað sem húsið stóð.

Lýsing: Húsið var byggt í sveitastíl og var í raun smækkuð útgáfa af íbúðarhúsum Wathnes bræðra. Það var byggt rétt fyrir 1894 og var einlyft, portbyggt með kvisti og það var hlaðinn kjallari undir 2/3 af húsinu. Húsið var upphaflega byggt sem krambúð og þjónustuverslun við sjómenn. Framan við húsið var bryggja. Það var rífið árið 1966.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).



Mynd 69. Byggðin rétt innan við Antoniusarbugt.

Heiti: NM-249-168

Sérheiti: Nýja Kompaní. (Hafnargata 49)

Hnit: 65.16.042 13.59.412

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Fiskverkunarhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Gamla og nýja Kompaníð sneru endum saman og voru gaflar þeirra austur og vestur en eldra húsið var utar. Stóðu þau á lóð utan við fiskverkunarhús Brimbergs, ekkert hús hefur verið byggt á staðnum.

Lýsing: Þetta var annað af tveimur húsum sem bar heitið Kompaníð. Nýrra húsið var byggt af Friðrik Wathne árið 1920. Húsið var 12,8m á lengd, 17,55m á breidd. Húsið var notað sem fiskverkunarhús þar sem síld var söltuð og saltfiskur verkaður. Það brann árið 1963.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-169

Sérheiti: Gamla Kompaní (Hafnargata 49).

Hnit: 65.16.055 13.59.391

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Fiskverkunarhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna niðurrifs.

Staðhættir: Gamla og Nýja Kompaníið sneru endum saman og voru gaflar þeirra austur og vestur en eldra húsið var utar. Stóðu þau á lóð utan við fiskverkunarhús Brimbergs, ekkert hús hefur verið byggt á staðnum.

Lýsing: Gamla Kompaníið var byggt af Mandals Fiskeriselskab árið 1868 og var Albert Jakobsen í forsvari fyrir félagið. Hann var einn af upphafsmönnum síldveiða við Ísland. Húsið var 20m á lengd, 18m á breidd og 6,4m á hæð. Húsið tók mörgum breytingum á þeim rúmlega 100 árum sem það stóð en í upphafi var það tvö samsíða gaflhús sem síðar voru sett undir sama þak. Húsið brann 1981.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-170

Sérheiti: Fisksölufélagshúsið (Hafnargata 53).

Hnit: 65.16.068 13.59.366

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Fiskverkunarhús.

Ástand: Greinilegar fornleifar.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: En sést örla á steypum á plani neðan við veg utan við fiskvinnslu Brimbergs.

Lýsing: Síldveiðifélag Jakobsen og Lund byggðu sér pakk- og fiskhús á staðnum árið 1868. Árið 1893 reisti Pöntunarfélag Fljótsdalshéraðs sér pakk- og verslunarhús á staðnum. Síðar eru þessi tvö hús sameinuð sem eitt hús. Árið 1919 eru gerðar töluverðar breytingar á húsinu. Það brann 1992.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-171

Sérheiti: Pöntun. (Hafnargata 55)

Hnit: 65.16.065 13.59.340

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Pöntun stóð rétt fyrir ofan ytri enda Fisksölufélagshúsins.

Lýsing: Húsið var byggt árið 1898 úr bindingsverki með tvöfaldri borðaklæðningu og með steinlímum kjallara. Strax frá upphafi urðu vandræði vegna staðsetningar húsins, en mikið ónæði

var af skriðuföllum og vatnsflaumi. Árið 1985 var húsið flutt norður í Bjarnarfjörð á Ströndum þar sem það var sett saman og lagfært.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-172

Sérheiti: Skuld.

Hnit: 65.16.058 13.59.319

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Skuld var litlu ofar en Pöntun rétt fyrir ofan Hafnargötuna.

Lýsing: Húsið var byggt árið 1878 og var þá einungis 20m að stærð með lágum kjallara. Skömmu eftir 1900 var húsið stækkað og var starfrækt þar veitingahús. Hús þetta var kallað Steinholt en árið 1911 brann húsið og reist var annað hús á grunninum sem kallaðist Skuld en það var einlyft, portbyggt með kvisti. Húsið var brennt á æfingu slökkviliðs Seyðisfjarðar stuttu eftir 1970.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).



Mynd 70. Antoniusarbugt áður landfylling breytti ásjón svæðisins.

Í tengslum við fornleifaskráninguna var augljóst að þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé síðan að nokkur fjöldi fólks bjó og starfaði við Strandveg, í fjölda þurrabúða og fiskverkana yrði meiri part þessara minja ekki hægt að skrá þar sem þær hafa gersamlega verið fjarlægðar. Eins veldur vöntun á heimildum óvissu um nákvæma staðsetningu þeirra. Mjög miklar breytingar átt sér stað á svæðinu með byggingu fiskimjölverksmiðju þeirrar sem nú er í eigu SVN. Af þeim sökum var útséð með að von væri til að nokkrar minjar leynist á stærstum hluta núverandi og fyrirhugaðs athafnasvæðis á aðalskipulagi. Þrátt fyrir að ekki séu margar minjar skráðar á svæðinu vottar fyrir nokkrum á jaðri þess svæðis þar sem minnst hefur verið umbylt af stórvirkum vinnuvélum og sprengiefni. Athafnasvæði það sem þrátt fyrir allt má enn finna minjar um, er áhugavert í samhengi við atvinnusögu bæjarins þegar hann var að hefja vöxt sinn.

Heiti: NM-249-39
Hnit: 65.16.349 13.58.754
Hlutverk: Fjárhús.
Tegund: Tóft.
Ástand: Vel greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Tóft hlaðin úr grjóti í hlíð fyrir ofan Norðursíld.

Lýsing: Tóftin er 10m x 8m að flatarmáli með hlaðinn vegg upp í brekkuna sem er allt að 1.6m hár. Í tóftinni má sjá nokkuð af ryðguðu bárujárnri og spýtnabraki frá síðasta byggingarstigi.

Heiti: NM-249-40
Hnit: 65 16.495 13 58.241
Hlutverk: Uppsátur.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Greinanlegar fornleifar.
Hættumat: Mikil hætta, vegna landbrots.

Staðhættir: Uppsátrið er staðsett í fjöruborðinu um 100m utan við Imslandshús.



Mynd 71

Lýsing: Í fjörunni er um 14m svæði þar sem áberandi rás er upp í fjöruna með hlöðnum gördum á báða vegu. Austari garðurinn nær um 14m fram í sjóinn og er um 6m breiður, hleðslurnar eru þó ekki reglulegar heldur virðist sem grjótinu hafi verið hrúgað frá uppsátrinu. Garðurinn sem er til vesturs er svipaður í gerð og sá austari en mun smærri í sniðum eða um 10m langur og 4m breiður. Rétt austan við uppsátrið stendur staur um 2m hár sem líklega hefur verið partur af bryggju sem stóð við söltunarplanið Neptún á síldarárunum. Svæðið fyrir ofan uppsátrið hefur verið sléttað út með vélum og jarðvegi hefur verið sturtað niður í fjöru sem uppfyllingu. Þarna gætu leynst einhver mannvirki undir sverði.

Heiti: NM-249-41
Hnit: N 65.16.481 V 13.58.258
Hlutverk: Sjóhús, fiskverkun, lifrarbræðsla.
Tegund: Hleðsla.
Ástand: Illgreinanlegar fornleifar.
Hættumat: Mikil hætta, vegna landbrots og framkvæmda.

Staðhættir: Í fjöruborði 50-80m utan við Imslandshús. *Mynd 73*

Lýsing: Hleðslan er um 1m á hæð og er hægt að sjá hana í sniði sem myndast hefur vegna rofs eftir ágang sjávar.

Jarðvegi hefur verið rutt yfir rústina þegar svæðið var sléttað um miðja 20. öldina og er því ekki hægt að sjá hana með góðu móti á yfirborðinu. Í fjöruborðinu fyrir neðan hleðsluna

má sjá ýmsar leifar um umsvif á svæðinu til að mynda járnarusl, múrsteinar, þakplötur úr leir og einhverskonar málmgrýti sem gæti hugsanlega hafa verið notað í ballest skips. Í sniðinu má sjá viðarstokk sem gengur undan

byggingunni og niður í fjöru. Áberandi í sniðinu eru tvö 5cm þykk lög sem bæði eru svartleit og grófkorna. Lögin tengjast ef til vill þeim iðnaði sem var stundaður á svæðinu í kringum

aldamótin 1900. Í fasteignamati frá 1918 segir að á svæðinu hafi meðal annars verið lifrabræðsla og smiðja sem gæti skýrt út svörtu lögin í sniðinu.

Heimild: Þóra Guðmundsdóttir (1995).



Mynd 72



Mynd 73

Óhnitsettar Minjar

Hér eru þær minjar sem er getið í heimildum en fundust ekki við skráningu eða eru með öllu horfnar og voru því ekki hnitsettar.

Heiti: NM-249-196

Sérheiti: Frosthús Otto Wathne (Strandarvegur 1).

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Íshús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Froshúsið stóð á þeim slóðum þar sem Mjölverksmiðja SVN stendur nú.

Lýsing: Frosthúsið var byggt í kringum 1895 og rúmaði 600 tonn af frosinni síld. Síðar var húsið vélvætt og drifu þær vélar síðar áfram fyrstu síldarbræðsluna á staðnum. Svæðinu þar sem húsið stóð á hefur verið umturnað og engar sjáanlegar leifar eru eftir af því. Búin var til tjörn inn með Fjarðará þar sem ís var tekinn, og hann mulinn og geymdur í íshúsinu. Tjörn þessi var nefnd Garðarstjörn og var lengi nokkuð vatnsmikil, en hún var meðal annars notuð til sundkennslu um miðja 20. öldina.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-197

Sérheiti: Madesenshús.

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Síldarhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Rétt fyrir utan Forvaðavík sem var og hét en nú stendur skrifstofuhús SVN á uppfyllingu í vikinni.

Lýsing: Hakon Madesen frá Stafangri byggði sér nokkur hús á svæðinu í kringum 1880 sem hann notaði undir síldarvinnslu sína, sem Otto Wathne eignaðist síðar og bætti við þar húsum og bryggjum.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-198

Sérheiti: Hlaðir.

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Hlutverk: Hlaða.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga og rasks.

Staðhættir: Hlaðir stóðu á þeim slóðum þar sem Mjölverksmiðja SVN stendur nú.

Lýsing: Húsið tilheyrði líklega eignum Ottos Wathnes og hefur verið hluti af Madesenshúsunum. Svæðið er mikið raskað í dag vegna framkvæmda.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995)

Heiti: NM-249-199

Sérheiti: Garðhús (Strandarvegur 5)

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbýli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna framkvæmda.

Staðhættir: Húsið var á þeim stað þar sem nú er athafnarsvæði Mjölverksmiðju SVN.

Lýsing: Garðhús var einlyft portbyggt timburhús með kjallara. Húsið var upphaflega byggt árið 1900 þar sem Strandasíld stendur í dag og var flutt árið 1906. Á nýja staðnum hlaut það sömu örlög og önnur hús þar, þegar það lenti á athafnasvæði Síldarbræðslunnar um miðja 20. öldina.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-200

Sérheiti: Køhlershús (Strandarvegur 7)

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Síldarhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa.

Staðhættir: Nokkru fyrir utan Madesenshús þar sem nú er athafnasvæði Mjölverksmiðju SVN.

Lýsing: Óvíst er hvenær húsið var byggt. Á það er fyrst minnst í grunnleigusamningi árið 1882. Køhler kompaní frá Stavangri kom til Seyðisfjarðar árið 1880, en það ár bættust fjórar útgerðir við þær sem voru fyrir í firðinum. Örlög hússins réðust þegar það lenti á miðju athafnasvæði Síldarbræðslunnar um miðja 20. öld og var rifið.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-201

Sérheiti: Kabelhús (Strandvegur 10).

Tegund: niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Sæsímahús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs og rasks.

Staðhættir: Kabelhúsið stóð rétt fyrir ofan þann stað sem mjöltankar Mjölverksmiðjunnar SVN standa.

Lýsing: Húsið var reist árið 1906 við komu sæsímans til Íslands og þjónaði sem endastöð þar sem strengurinn kom í land. Í húsinu fóru fram mælingar og eftirlit með sæsímanum og voru vaktir í húsinu þegar bilun kom upp í sæsímastrengnum sem kallaðar voru kabelvaktir. Öll fjarskipti Íslendinga við útlönd fóru í gegnum þetta litla hús í 58 ár. Nú hefur svæðinu verið mikið raskað af framkvæmdum í tengslum við mjölverksmiðjuna sem er á staðnum og óvíst hvort nokkuð sé eftir af húsinu.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Munnleg heimild, Jóhann Grétar Einarsson.

Heiti: NM-249-202

Sérheiti: Nagli (Strandarvegur 11).

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Síldarhús.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Húsið stóð þar sem nú er athafnasvæði mjölverksmiðju SVN.

Lýsing: Húsið var byggt árið 1880 af Dominikus Nagel frá Noregi, sem kom til Seyðisfjarðar til að freista gæfunnar með síldveiðum við landið. Húsið þjónaði sem fiskverkunarhús alla tíð með aðsetur fyrir starfsfólk á efri hæðinni, þangað til það lenti inn á athafnasvæði Síldarbræðslunnar og var rífið.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995)

Heiti: NM-249-203

Sérheiti: Sæbjargarhús (Strandarvegur 20).

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna niðurrifs og bygginga.

Staðhættir: Húsið stóð undir Strandatindi, þar sem síðar var reist verbúð Norðursíldar.

Lýsing: Húsið var borðaklætt timburhús með steinlímdu kjallara og var rífið um 1940.

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995).



Mynd 74

Heiti: NM-249-204

Sérheiti: Fjarðarbær.

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Híbyli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Meira og minna allt svæðið þar sem Þorsteinshús og Fjörður 4 standa nú.

Lýsing: Á gamalli ljósmynd frá 1901 má sjá gamla bæinn í Firði sem saman stóð af baðstofu, göngum frá bæjardyrum, búi og eldhúsi undir sama þaki, fjósi, hlöðu, tveimur fjárhúsum auk hesthúss. Árið 1906 var svo byggður nýr Fjörður nærri þeim stað sem gamli bærinn stóð. Búið að raska gamla bæjarstæðinu. Þegar grunnur var grafinn fyrir Firði 4 grófu menn sig niður í gegnum ruslahaug/hlaðvarpa gamla bæjarins

Heimildir: Þóra Guðmundsdóttir (1995). Munnleg heimild, Jóhann Grétar Einarsson

Heiti: NM-249-205

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Vatnsmylla.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna gróðurs.

Staðhættir: Norðan undir Mylluholti við Myllulæk.

Lýsing: Guðmundur Ólafur fornleifafræðingur skráði tóft af líklegum myllukofa þegar gerð var frumrannsókn á minjum í Seyðisfirði vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna undir fjallinu Bjólfi. Guðmundur lýsir tóftinni sem 2m x3m að flatarmáli með manngerðri aðfallsrás. Ekki tókst að staðsetja tóftina með hniti, þar sem skrásetjarar gátu með engu móti rekið augun í tóftina en svæðið er gróið hárri sinu.

Heimildir: Sigurður Magnússon (1981). Jón Jónsson (1943). Guðmundur Ólafsson (1998).

Heiti: NM-249-206

Sérheiti: Naustið.

Tegund: Rutt svæði.

Hlutverk: Naust.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna fyllingar.

Staðhættir: Við sjóinn þar sem núna er Ránargata 8-9.

Lýsing: Samkvæmt örnefnum var naust í botni fjarðarins á Fjarðaröldu sem nú er horfið vegna landfyllinga. Sem voru gerðar þegar svæðið var sléttað fyrir síldarplanið Hafölduna. Efni hefur verið rutt út í sjó svo ekki er lengur hægt að greina gömlu strandlínuna.

Heimildir: Sigurður Magnússon (1981). Jón Jónsson (1943).

Heiti: NM-249-207

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Fiskireitur.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna ræktunar.

Staðhættir: Í garði fyrir neðan Vesturveg 7 við Fjarðará.

Lýsing: Fyrrum íbúi í húsinu að Vesturvegi 7 að nafni Hávarður Helgason varð ítrekað fyrir því þegar hann var stinga upp í garðinum að lenda á stétt hlaðna úr flötum grjótum. Sagði hann síðan barnabörnum sínum að á þessum reit hafi konur af svæðinu náð sér í auka tekjur með því að verka saltfisk.

Heimildir: Munnleg heimild, Karl Svavarsson.

Heiti: NM-249-208

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Tættur sem sjást á loftmynd inn í Þórsmörk.

Lýsing: Tættarnar eru hugsanlega eftir hús sem var byggt á staðnum árið 1927 og nefndist Þórsmörk en var síðar flutt inn í bæ árið 1938. Nú hefur svæðið verið sléttað og byggt þar einbýlishús þannig að engar minjar eru þar sjáanlegar.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66. Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-209

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Túngarður.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna sléttunar.

Staðhættir: Garðalög í kringum Bjargholt sem sjást á loftmynd frá árinu 1965-66. Einnig má sjá garðinn á mælingakorti frá 1928.

Lýsing: Garðalögin sjást greinilega umhverfis þann stað sem áður stóð Bjargholt. Nú hefur svæðið verið sléttað og tré verið gróðursett ásamt hellulögn sem hefur verið lögð yfir þann stað sem Bjargholt áður stóð. Gras er þó nokkuð grænna og kröftugra á staðnum hugsanlega vegna þess að íbúar í Bjargholti voru með skepnuhald.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66. Tutein og Koch (1928).

Heiti: NM-249-210

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Túngarður.

Ástand: Ekki sést til fornleifa. Sléttað yfir.

Staðhættir: Garðalög þar sem nú er skrudgarður í kringum kirkju.

Lýsing: Greinileg garðalög sem afmarka túnblett en ekki sést móta fyrir þeim í dag. Á svæðinu er nú ræktaður garður með töluvert af trjám og öðrum gróðri. Gæti hugsanlega verið leifar af túngörðum hjáleigunnar Odda.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-211

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Túngarður.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Sést á loftmynd frá árinu 1965-66.

Lýsing: Garðalög sem sjást allvel á loftmynd, en hefur verið rutt í burtu þegar framkvæmdir hófust við gerð síldarverksmiðjunnar Hafsíldar á sjöunda áratugi 20. aldar. Á loftmynd má sjá tvo kofa við garðalögin en þeir virðast vera yngri en garðurinn sjálfur.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-212

Séreiti: Oddi.

Tegund: Heimild

Hlutverk: Býli.

Ástand: Ekki sést til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Í Árbók hins íslenska Ferðafélags er þess getið að það sé talið að hjáleigan Oddi hafi staðið efst á Oddatanga sem gengur út úr Fjarðaröldu milli Lóns og Leiru.

Lýsing: Oddi var ein af tveimur hjáleigum frá Firði en hin var Fjarðarsel sem átti land innst í fjarðarbotninum. Blómleg byggð myndaðist á og í kringum Oddatanga í lok 19. aldar en allt til 1940 stóð hús á tanganum sem kallað var Oddi. Á hús þetta er minnst í húsvirðingu frá 1884 en þar er sagt: *Hús þetta er ætlað til íbúðar, hefur áður verið notað við ábúð á jörð.*

Heimildir: Hjörleifur Guttormsson (2005). Sigurður Magnússon (1981). Jón Jónsson (1943). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-213

Sérheiti: Fornistekkur.

Hlutverk: Býli.

Tegund: Heimild.

Ástand: Ekki sést til fornleifa. Vegna byggingar.

Staðhættir: Sést á loftmynd frá 1965-66. Á Fornastekk er einnig minnst í örnefnaskrá. Flestir Seyðfirðingar sem komnir voru til vits og ára um 1965 muna eftir tættum á svæðinu.

Lýsing: Upphaflega var þetta lambastekkur, sem síðar var gerður að býli. Þar bjó meðal annars árið 1882 Stefán Th Jónsson sem var kaupmaður, útgerðarmaður og fógeti á Seyðisfirði. Stefán byggði mörg af fallegri húsum bæjarins og var einn af foristumönnum í atvinnulífi á Seyðisfirði í upphafi síðustu aldar. Svæðinu var umbylt á sjöunda áratuginum þegar síldarbræðslan Hafsild var byggð. Fornastekks er getið í Snjóflóðum og skriðuföllum í Seyðisfirði sem tekið er saman af Árna Stefánsyni. Þar er sagt að 2. febrúar árið 1885 hafi snjóflóð hafi brotið kofa við Fornastekk og borið út í sjó. Sex dögum síðar eða 8. febrúar tók annað snjóflóð skúra við Fornastekk sem í var hey og smíðatól. Þann 3. febrúar 1914 hélt náttúran áfram að hrella íbúa Fornastekks þegar snjóflóð féll á íbúðarhúsið og fjósið sem hvort tveggja stórskemmdist svo íbúar þurftu að flýja. Húsið var síðar flutt yfir fjörðinn þar sem aurskriða grandaði því.

Heimildir: Sigurður Magnússon (1981). Jón Jónsson (1943). Kristján Róbertsson (1995). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson. Munnleg heimild, Gunnar Ragnarsson.

Heiti: NM-249-214

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Ekki sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Á loftmynd sést tóft þar sem nú hefur risið íbúðarblokk að Múlavegi 41.

Lýsing: Greinileg tóft er á loftmynd frá árinu 1965-66 en á mælingakorti frá 1928 er engin mæld bygging á svæðinu sem þýðir að notkun á henni hefur verið hætt fyrir þann tíma. Djúpur grunnur var grafinn fyrir íbúðarblokk rétt eftir 1990 sem hefur án vafa eyðilagt það sem eftir var af tóftinni.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-215

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Ekki sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Á loftmynd sést greinileg tóft þar sem nýja sjúkrahúsið stendur í dag.

Lýsing: Það er greinileg tóft samkvæmt loftmynd frá 1965-66 nokkru innar en Gamla sjúkrahúsið en þar hefur verið byggð vegleg viðbygging sem hýsir Sjúkrahús Seyðisfjarðar í dag.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-216

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Ekki sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Á loftmynd sést móta fyrir tóft þar sem raðhúsið Árbakki stendur nú.

Lýsing: Það sést móta fyrir tóftinni í túni og virðist sem búið sé að slétta úr henni árið 1965-66 svo einungis útlínur sjást. Í kringum 1970 var svo grafið fyrir raðhúsi á svæðinu sem hefur hugsanlega eyðilagt tóftina algjörlega.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-217

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Ekki sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Á loftmynd frá árinu 1965-66 er greinileg tóft þar sem nú stendur Leikskólinn Sólvellir.

Lýsing: Á loftmynd sést móta fyrir tóftinni en á mælingakorti frá 1928 er ekki mæld inn nein bygging á svæðinu sem bendir til að hún hafi verið fallin um það leiti. Árið 1974 var grafið fyrir grunni Leikskólans Sólvalla og þar með var tóftin fjarlægð.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-218

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Kirkja og kirkjugarður.

Ástand: Sést ekki til fornleifa. Fannst ekki.

Staðhættir: Kirkja sem nefnd er í heimildum.

Lýsing: Í Prestatali og próföstu segir svo " Í Seyðisfirði var Maríu kirkja " og einnig er sagt " Fram um 1600 var kirkja í Firði og bænhús var í Brimnesi, löngu aflagt". Hvergi eru til heimildir um hvar nákvæmlega kirkja þessi stóð og ekki er vitað til þess að fundist hafi mannabein á svæðinu. Samkvæmt Árna Scheving Stefánssyni var talið að hún hefði staðið í túninu ofan við Fjörð 7.

Heimildir: Sveinn Níelsson (1950). Munnleg heimild, Árni Scheving Stefánsson.

Heiti: NM-249-219

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Óþekkt.

Ástand: Ekki sést ekki til fornleifa, vegna bygginga.

Staðhættir: Á loftmynd sést greinileg tóft þar sem Sjúkrahús Seyðisfjarðar stendur í dag.

Lýsing: Það er greinileg tóft samkvæmt loftmynd frá 1965-66 nokkru innar en Gamla sjúkrahúsið en þar hefur verið byggð vegleg viðbygging sem hýsir Sjúkrahús Seyðisfjarðar í dag.

Heimildir: Loftmynd frá 1965-66.

Heiti: NM-249-130

Sérheit: Glasgow (Ránargata 4).

Tegund: Niðurgröftur - hleðsla.

Hlutverk: Pakkhús.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, vegna fyllingar og bygginga.

Staðhættir: Nýja Glasgow stóð þar sem áður stóð skrifstofuhús Vélsmiðjunnar Stál.

Lýsing: Fyrsta Glasgow húsið var byggt árið 1848 af dōnunum Thomsen og Pedræus sem versluðu þar á árunum 1848 til 1859, þá keyptu Englendingarnir Henderson og Anderson húsin og versluðu þar til ársins 1875. Húsið varð frægt eftir viðureign sína við snjóflóðið mikla en það klauf flóðið og

stóð eitt eftir, en syðri enda húsins bar út á sjó. Húsið brann árið 1898. Árið eftir var nýtt hús byggt á grunninum, sem bar einnig nafnið Glasgow og stóð til 1957, þegar það var rífið.

Heimildir: Tutein & Koch (1928). Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Heiti: NM-249-179

Sérheiti: Fjarðarsels fornbær.

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Býli.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, sléttað yfir.

Staðhættir: Rétt utan við Merkilæk, neðst í Partinum á þeim slóðum sem skáli Golfklúbbs Seyðisfjarðar stendur.

Lýsing: Í byrjun 20. aldarinnar sáuust gamlar tóftir á svæðinu nú sést ekkert þar.

Heimildir: Jón Jónsson (1943).

Heiti: NM-249-180

Tegund: Flak.

Hlutverk: Skip.

Ástand: Sést ekki til fornleifa, undir vatni.

Hættumat: Mikil hætta.

Staðhættir: Undir bæjarbryggjunni við Hafnargötu 47 er flak af skútu. Viðir úr henni voru sýnilegir á háfjöru á 7. áratug 20. aldar.

Heimild: Munnleg heimild, Haraldur Már Sigurðsson

Heiti: NM-249-192

Sérheiti: Hörmung (Hafnargata 59)

Hlutverk: Híbyli.

Tegund: Niðurgroftur - hleðsla.

Ástand: Ekki sést til fornleifa.

Staðhættir: Rétt utan við læk sem rennur í Antoníusarbugt þar sem nú er athafnasvæði SVN.

Lýsing: Upphaflega hét húsið Fornistekkur sem hefur verið fjallað um áður í kaflanum og stóð norðanmegin í firðinum þar sem síðar var byggð síldarbræðsla. Þegar húsið var flutt árið 1907 hafði það orðið fyrir mörgum sjóflóðum en hlálegt er að segja frá því að húsið endaði æfi sína á nýju staðsetningunni árið 1959 í snjóflóði. Húsið var byggt utan í sjóhús og var það einlyft og portbyggt timburhús.

Heimild: Þóra Guðmundsdóttir (1995).

Samantekt og Niðurlag

Samantekt

Seyðisfjörður í heild sinni sem minjasvæði er mjög fjölbreytilegur og hefur vissa sérstöðu á landsvísu. Í botni fjarðarins var 19. aldar bær í hröðum vexti þar sem nútíminn knúði dyra í rótgrónu landbúnaðarsamfélagi. Útræði var stundað af krafti úr firðinum um aldir og ber strandlínan þess merki með fjölda minja frá ýmsum tímum. Einungis eru nú fjórar jarðir í ábúð í firðinum og er töluvert landsvæði sem ekki hefur verið nýtt til landbúnað í hartnær hálfa öld. Nútíma jarðarbætur náðu ekki yfir mikið af þessum svæðum sem gerir það að verkum að minjalandslag hefur fengið að halda sér nánast ósnortið. Einnig spilaði Seyðisfjörður stórt hlutverk í styrjaldarbrölti bandamanna og er fjörðurinn ríkur minja frá þeirri tíð. Olíuskipið El Grillo sem liggur á botni fjarðarins er minnismerki um þann hildarleik sem skók heiminn. Minjar Síldaráranna í kringum aldamótin 1900 eru áberandi í firðinum. Þó urðu margar þeirra að víkja fyrir seinni tíma síldarmannvirkjum og þörfum atvinnulífsins. Hvert ofangreindra skeiða hafa haft áhrif á heildarsvip bæjarlandsins og samsetningu mannvirkja sem þar má finna. Ekki eru öll þessi mannanna verk fornminjar samkvæmt landslögum en eru þó öll mikilvæg fyrir sögu byggðarþróunar í kaupstaðnum. Skráningasvæðið skiptist í afmarkaðar minjaheildir.

Langahlíð í Vestdal

Er það svæði sem er líklega minnst raskað í skráningunni. En það samanstendur nær eingöngu af minjum tengdum landbúnaði og að einhverju leyti af hernámi. Engin tóftanna var af þeirri gerð sem telst vera hefðbundinn mannabústaður og voru þær flestar smáir og einfaldar að gerð. Áberandi var þéttleiki mannvirkja í kringum votlendi upp af Lönguhlíð sem eflaust hefur verið nýtt sem slægjuland og til mótekju. Austast í skráningasvæðinu voru áberandi eldri mannvirki en annars staðar í bæjarlandinu. Á sama stað vakti áhuga skrásetjara röð smárra þústa með reglulegu og stuttu millibili sem skar sig verulega úr þeim tegundum minja sem skýrsluna spanna. Vert er að taka fram að skráning þessi í Vestdal var að mestu háð fyrirhuguðum landnýtingarreitum þar sem einungis lítið brot dalsins var skráð. Sýna því fyrirbyggjandi gögn ekki heildstæða mynd af mannvist í dalnum en endurspeglar þó umfang minja á svæðinu.

Fjarðaralda

Minjar á svæðinu eru nánast eingöngu tengdar þéttbýlismyndun og næstum einungis skráðir mögulegir húsgrunnar á svæðinu. Þrátt fyrir það hefur reynslan sýnt að við framkvæmdir í bænum, sem og annarstaðar að oft leynist glettilega mikið eftir af slíkum minjum.

Fjörður

Innan skráningarsvæðisins var það sem eftir er af bæjarstæði Fjarðar, en mikið af þeim minjum sem tengjast því hefur þegar verið raskað eða með öllu horfnar. Mjög mikið af augljósum minjum eru nærri Fjarðartorfunni, en eru þær ekki innan marka aðalskipulagstillögu og voru því ekki skráðar. Af öllu umhverfi svæðisins má ráða að búseta þar hefur verið um langa tíð. Áhugaverðar eru heimildir um guðshús með hugsanlegum grafreit í Firði, eina vitneskjan um staðsetningu þess eru þó einungis getgátur.

Kúahagi og Fjarðarselsland

Tvennt einkennir Kúahaga: stórfelld umsvif hernámsliðsins og hefðbundnar en strjálar leifar mannvirkja tengdum landbúnaði. Myllutóft sem staðsett var í fyrri rannsókn Guðmundar Ólafssonar er mannvirki sem vert væri að gefa nánari gaum. Sagnir um tættur sem nefndust Fjarðarselsfornbær sést ekki tangur né tetur af vegna túnasléttunar, er gott dæmi um horfnar minjar sökum breytilegra búskaparháttar. Bæjarhóll í miðjum kirkjugarði kaupstaðarins er hugsanlega leifar löngu yfirgefinnar hífýla sem voru einungis örnefni í hugum manna í lok 19. aldar og því líklega nokkuð fornar. Að lokum má nefna að oft þykir fengur fyrir ýmsa grúskara að komast í góðan ruslahaug. Einn slíkan má finna frá hernámsliðinu fyrir utan kirkjugarð. Sérstaklega ber þó að taka fram að ekki voru skráðar minjar í og við heimatún Fjarðarselsbæjar þess er var í byggð á 19. öld. Þar er mjög sýnileg minjaheild sem lítið eða ekkert hefur verið raskað.

Bæjarland sunnan Fjarðarár

Lýkt og á Fjarðaröldu eru nær eingöngu minjar tengdar þéttbýli skráðar á svæðinu, þá einna helst húsgrunnar. Eitthvað af minjum tengdum landbúnaði fundust einnig, þá gjarnan í tengslum við stök hús í þorpinu. Allt fram á áttunda áratug 20. aldar var algengt að fólk héldi búfénað til búdrýginda, eins konar sveit í bæ. Líkt og áður hefur verið nefnt í skýrslunni hefur mikið rask átt sér stað í bænum. Í því samhengi má nefna að strandlínan frá brúnni yfir Fjarðará og allt út fyrir Strandarsíld hefur orðið fyrir algerum breytingum frá því sem áður var. Áhugaverðar minjar í samhengi við

Þróun atvinnuhátta í firðinum eru sýnilegar í flæðarmáli utan við Imslandshús og bera þær glögg merki þeirra umsvifa sem erlendir athafnamenn stóðu fyrir í firðinum.

Niðurlag

Þó svo að heimildir séu fáorðar um Seyðisfjörð fyrstu árhundruðin verður sprenging í framboði þeirra á 19. öld þegar umsvif í bænum byrja að aukast. Dæmi um það er stórt safn ljósmynda frá 19. aldar samfélaginu í firðinum sem er feiknar mikilvæg heimild um mannlíf þess tíma. Heildar fjöldi skráðra minja voru 219 þar af voru óhnitsettar 30, þó nokkur hluti horfinna húsgrunna í þéttbýli var mögulegt að hnitsetja með fjarkönnun.

Þau mælingakort sem notast var við skráningu eru frá árinu 1925 til 1929 sem gerir það að verkum að ekki var hægt að skrá byggingar sem horfnar voru fyrir þann tíma. Einungis var hægt að skrá það sem heimildir eru til um og eða sést á jörðu.

Skýrsla sem þessi er eitt af þeim verkfærum sem íbúar bæjarins geta nýtt sér til hagræðingar í ákvarðanatöku tengt landnýtingu, minjavernd eða einfaldlega sér til gagns og gamans til fróðleiks um svæðið. Skýrslan verður aldrei tæmandi listi yfir allar mögulegar minjar enda ekki til heimildir um öll mannvirki frá landnámi né heldur svo að þau sjáist á yfirborði.

Skrár og Töflur

Myndaskrá

Myndanúmer	Höfundur.	Eigandi
Mynd 1. Endimörk skráningarsvæðis í Vestdal sem sýnir vel þéttni minja á svæðinu.	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 2: Hleðsla NM-249-4	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 3: Mógröf NM-249-12	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 4: Mógröf NM-249-15	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 5: Tóft NM-249-16	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 6: Hleðsla NM-249-17	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 7: Vörður NM-249-18, NM-249-19, NM-249-20 og NM-249-21	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 8: Tóft NM-249-22	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 9: Tóft NM-249-25	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 10: Garðlag NM-249-28	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 11: Mógröf NM-249-29	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 12: Hleðsla NM-249-31	Bjarki Borgþórsson	Andri Borgþórsson
Mynd 13: Matjuratgarður NM-249-35	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 14: Tóft NM-249-36	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 15: Fjarðaralda rétt fyrir aldamótin 1900	Óþekktur	Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Mynd 16: Hleðsla NM-249-42	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 17: Norska Búð NM-249-44.	Eyjólfur Jónsson.	Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Mynd 18: Skaftabær NM-249-45.	Óþekktur	Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Mynd 19: Liverpool NM-249-46	Óþekktur	Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Mynd 20: Neðri-Tangi NM-249-51	Óþekktur	Héraðsskjalasafn Austurlands
Mynd 21: Oddi NM-249-52	Óþekktur	Svanbjörg Sigurðardóttir
Mynd 22: Imbuhús og Bóndastaðir NM-249-55	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 23: Skálanes NM-249-56	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 24	Óþekktur	Bókasafn Seyðisfjarðar

Myndanúmer	Höfundur.	Eigandi
Mynd 25: Skálahverfi á Fjarðaröldu NM-249-178	Óþekktur	Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Mynd 26: Brunnur NM-249-60	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 27: NM-249-62	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 28: Niðurgroftur-Hleðsla NM-249-67	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 29: Tún NM-249-186	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 30: Stöðvarhús Fjarðarselsvirkjunar í smíðum.	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 31: Öskuhaugar NM-249-70	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 32: Bæjarhóll NM-249-71	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 33: Mógröf NM-249-72	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 34: Niðurgroftur NM-249-73	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 35: Niðurgroftur NM-249-74	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 36: Niðurgroftur NM-249-77	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 37: Niðurgroftur NM-249-78, NM-249-79 og NM-249-80	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 38: Arinn NM-249-81	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 39: Hleðsla NM-249-82	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 40: Stífla NM-249-84	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 41: Herminjar NM-249-85	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 42: Fallbyssustæði NM-249-86	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 43: Hleðsla NM-249-87	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 44: Mógröf NM-249-88	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 45: Skálar NM-249-89	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 46: Óþekkt NM-249-90	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 47: Mógröf NM-249-91	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 48: Stífla NM-249-92	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 49: Hleðsla NM-249-98	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 50: Mógröf NM-249-101	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 51: Fyrsta brúin yfir Fjarðará NM-249-106	Eyjólfur Jónsson	Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Mynd 52: Seyðisfjarðarbær	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 53: Sólvangur og til hægri Ljósmyndastofa Eyjólfs Jónssonar NM-249-121	Eyjólfur Jónsson	Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Mynd 54: Miðbær NM-249-123	Óþekktur	Einkasafn

Myndanúmer	Höfundur.	Eigandi
Mynd 55: Bjarki NM-249-132	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 56: Vélstjórinn frá Aberdeen Nm-249-187	Eyjólfur Jónsson	Þjóðskjalasafn Íslands
Mynd 57: Útihús við Elliheimili NM-249-138	Óþekktur	Tækniminjasafn Austurlands
Mynd 58:Geymsluhús Páls Arnarssonar brennt NM-249-140	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 59: Búðareyri	Óþekktur	Tækniminjasafn Austurlands
Mynd 60:Hleðsla NM-249-109	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 61: Hleðsla NM-249-113	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 62: Ruslahaugur NM-249-114	Bjarki Borgþórsson	Ólafur Örn Pétursson
Mynd 63: Gosbrunnur NM-249-115	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 64: Hleðsla NM-249-116	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 65: Steinsteypa NM-249-118	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 66:Hleðsla NM-249-119	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 67: Stefánshús	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 68: Wathnetorfan	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 69: Byggðin rétt innan við Antoniusarbugt.	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 70: Frá Antoniusarbugt	Óþekktur	Einkasafn
Mynd 71: Hleðsla NM-249-40	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 72: Öskulag NM-249-41	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 73:Hleðsla NM-249-41	Bjarki Borgþórsson	Bjarki Borgþórsson
Mynd 74: Fjarðarbær NM-249-204	Óþekktur	Einkasafn

Teikningaskrá

Teikning 1: Tóft NM-249-3	Teikning 27: Niðurgröftur NM-249-102
Teikning 2: Tóft NM-249-3	Teikning 28: Garður NM-249-103
Teikning 3: Tóft NM-249-5	Teikning 29: Tóft NM-249-104
Teikning 4: Tóft NM-249-6	Teikning 30: Tóft NM-249-110
Teikning 5: Tóft NM-249-7	
Teikning 6: Tóft NM-249-8	
Teikning 7: Tóft NM-249-9	
Teikning 8: Tóft NM-249-10	
Teikning 9: Tóft NM-249-11	
Teikning 10: Tóft NM-249-13	
Teikning 11: Tóft NM-249-14	
Teikning 12: Tóft NM-249-26	
Teikning 13: Tóft NM-249-27	
Teikning 14: Tóft NM-249-32	
Teikning 15: Tóft NM-249-33	
Teikning 16: Tóft NM-249-34	
Teikning 17: Garðalag NM-249-37	
Teikning 18: Garðalag NM-249-38	
Teikning 19: Tóft NM-249-50	
Teikning 20: Tóft NM-249-59	
Teikning 21: Tóft NM-249-62	
Teikning 22: Tóft NM-249-65	
Teikning 23: Garðlag NM-249-69	
Teikning 24: Niðurgröftur NM-249-75	
Teikning 25: Niðurgröftur NM-249-76	
Teikning 26: Matjurtagarður NM-249-97	

Hnitatafla

Hnit voru skráð með Garmin Oregon 550 í WSG 84. Gera skal ráð fyrir vikmörkum allt að 10m frá skráningu vegna innbyggðrar skekkju og mismunandi skilyrða í gervihnattasambandi þegar fornleifar voru skráðar.

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-1	65.16.857	14.00.302
NM-249-2	65.16.872	14.00.298
NM-249-3	65.16.864	14.00.202
NM-249-4	65.16.926	13.59.863
NM-249-5	65.16.927	13.59.832
NM-249-6	65.16.974	13.59.646
NM-249-7	65.16.983	13.59.622
NM-249-8	65.16.980	13.59.600
NM-249-9	65.16.974	13.59.560
NM-249-10	65.16.955	13.59.518
NM-249-11	65.16.965	13.59.496
NM-249-12	65.16.991	13.59.617
NM-249-13	65.17.020	13.59.404
NM-249-14	65.17.042	13.59.443
NM-249-15	65.17.041	13.59.468
NM-249-16	65.17.057	13.59.270
NM-249-17	65.17.080	13.59.238
NM-249-18	65.17.016	13.59.235
NM-249-19	65.17.016	13.59.220
NM-249-20	65.17.018	13.59.199
NM-249-21	65.17.021	13.59.179
NM-249-22	65.17.022	13.59.217
NM-249-23	65.17.050	13.59.204
NM-249-24	65.16.953	14.00.024
NM-249-25	65.16.955	13.59.928
NM-249-26	65.16.947	13.59.955
NM-249-27	65.16.958	13.59.926
NM-249-28	65.16.963	13.59.863

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-30	65.15.974	13.59.761
NM-249-29	65.17.023	13.59.693
NM-249-31	65.16.951	13.59.553
NM-249-32	65.16.952	13.59.508
NM-249-33	65.16.947	13.59.496
NM-249-34	65.16.911	13.59.761
NM-249-35	65.16.859	13.59.895
NM-249-36	65.16.841	13.59.966
NM-249-37	63.16.657	14.00.460
NM-249-38	65.16.590	14.00.439
NM-249-39	65.16.349	13.58.754
NM-249-40	65.16.495	13.58.241
NM-249-41	65.16.481	13.58.258
NM-249-42	65.16.068	14.00.734
NM-249-43	65.15.856	14.00.833
NM-249-44	65.15.911	14.00.736
NM-249-45	65.15.914	14.00.694
NM-249-46	65.15.975	14.00.703
NM-249-47	65.16.005	14.00.791
NM-249-48	65.15.049	14.00.717
NM-249-49	65.16.047	14.00.696
NM-249-50	65.16.058	14.00.683
NM-249-51	65.15.707	14.00.393
NM-249-52	65.15.728	14.00.459
NM-249-53	65.15.744	14.00.496
NM-249-54	65.15.715	14.00.500
NM-249-55	65.15.708	14.00.504
NM-249-56	65.15.705	14.00.582
NM-249-57	65.15.718	14.00.597
NM-249-58	65.15.756	14.00.607
NM-249-59	65.15.778	14.00.884
NM-249-60	65.15.765	14.00.868

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-61	65.15.748	14.00.838
NM-249-62	65.15.746	14.00.844
NM-249-63	65.15.723	14.00.751
NM-249-64	65.15.687	13 59.955
NM-249-65	65.15.718.	14.00.800
NM-249-66	65.15.716	14.00.789
NM-249-67	65.15.685	14.00.785
NM-249-68	65.15.685	14.00.804
NM-249-69	65.15.431	14.01.025
NM-249-70	65.15.354	14.00.881
NM-249-71	65.15.291	14.00.919
NM-249-72	65.15.232	14.00.996
NM-249-73	65.15.298	14.01.341
NM-249-74	65.15.318	14.01.325
NM-249-75	65.15.303	14.01.360
NM-249-76	65.15.347	14.01.361
NM-249-77	65.15.185	14.01.505
NM-249-78	65.15.187	14.01.501
NM-249-79	65.15.184	14.01.487
NM-249-80	65.15.186	14.01.478
NM-249-81	65.15.169	14.01.529
NM-249-82	65.15.205	14.01.569
NM-249-83	65.15.173	14.01.491
NM-249-84	65.15.207	14.01.471
NM-249-85	65.15.169	14.01.545
NM-249-86	65.15.134	14.01.493
NM-249-87	65.15.062	14.01.357
NM-249-88	65.15.043	14.01.301
NM-249-89	65.15.008	14.01.311
NM-249-90	65.14.995	14.01.266
NM-249-91	65.14.574	14.01.220
NM-249-92	65.14.972	14.01.360

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-93	65.15.072	14.01.422
NM-249-94	65.15.035	14.01.685
NM-249-95	65.15.031	14.01.704
NM-249-96	65.14.982	14.01.670
NM-249-97	65.14.937	14.01.755
NM-249-98	65.14.675	14.01.824
NM-249-99	65.15.133	14.00.914
NM-249-100	65.14.154	14.00.618
NM-249-101	65.15.208	14.00.526
NM-249-102	65.15.217	14.00.515
NM-249-103	65.15.264	14.00.539
NM-249-104	65.15.364	14.00.434
NM-249-105	65.15.369	14.00.472
NM-249-106	65.15.608	14.00.498
NM-249-107	65.15.701	14.00.761
NM-249-108	65.15.900	13.59.511
NM-249-109	65.15.849	13.59.549
NM-249-110	65.15.851	13.59.544
NM-249-111	65.15.840	13.59.566
NM-249-112	65.15.832	13.59.585
NM-249-113	65.15.834	13.59.690
NM-249-114	65.15.924	13.59.486
NM-249-115	65.15.967	13.59.442
NM-249-116	65.15.963	13.59.452
NM-249-117	65.15.964	13.59.457
NM-249-118	65.15.969	13.59.452
NM-249-119	65.15.920	13.59.571
NM-249-120	65.15.693	13.59.858
NM-249-121	65.15.596	14.00.559
NM-249-122	65.15.597	14.00.575
NM-249-123	65.15.559	14.00.583
NM-249-124	65.15.541	14.00.605

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-125	65.15.534	14.00.608
NM-249-126	65.15.543	14.00.682
NM-249-127	65.15.481	14.00.678
NM-249-128	65.15.710	14.00.553
NM-249-129	65.15.713	14.00.729
NM-249-130	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-131	65.15.701	14.00.761
NM-249-132	65.15.601	14.00.417
NM-249-133	65.15.482	14.00.274
NM-249-134	65.15.504	14.00.554
NM-249-135	65.15.489	14.00.579
NM-249-136	65.15.438	14.00.630
NM-249-137	65.15.404	14.00.652
NM-249-138	65.15.633	14.00.228
NM-249-139	65.15.665	14.00.246
NM-249-140	65.15.683	14.00.189
NM-249-141	65.15.689	14.00.148
NM-249-142	65.15.679	14.00.117
NM-249-143	65.15.689	14.00.042
NM-249-144	65.15.654	14.00.099
NM-249-145	65.15.737	13.59.838
NM-249-146	65.15.731	13.59.853
NM-249-147	65.15.745	13.59.823
NM-249-148	65.15.755	13.59.707
NM-249-149	65.15.837	13.59.748
NM-249-150	65.15.808	13.59.654
NM-249-151	65.15.844	13.59.684
NM-249-152	65.15.851	13.59.665
NM-249-153	65.15.851	13.59.711
NM-249-154	65.15.861	13.59.689
NM-249-155	65.16.998	14.00.124
NM-249-156	65.15.839	13.59.668

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-157	65.15.856	13.59.585
NM-249-158	65.15.876	13.59.661
NM-249-159	65.15.877	13.59.579
NM-249-160	65.15.881	13.59.542
NM-249-161	65.15.931	13.59.512
NM-249-162	65.15.946	13.59.506
NM-249-163	65.15.946	13.59.530
NM-249-164	65.15.967	13.59.406
NM-249-165	65.15.983	13.59.396
NM-249-166	65.15.990	13.59.431
NM-249-167	65.15.993	13.59.471
NM-249-168	65.16.042	13.59.412
NM-249-169	65.16.055	13.59.391
NM-249-170	65.16.068	13.59.366
NM-249-171	65.16.068	13.59.340
NM-249-172	65.16.058	13.59.319
NM-249-173	65.15.693	14.00.726
NM-249-174	65.15.424	14.00.457
NM-249-175	65.15.645	13.59.904
NM-249-176	65.15.680	14.00.102
NM-249-177	65.16.000	13.59.406
NM-249-178	65.15.739	14.00.600
NM-249-179	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-180	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-181	65.15.648	14.00.345
NM-249-182	65.15.648	14.00.345
NM-249-183	65.14.924	14.01.219
NM-249-184	65.15.737	14.00.856
NM-249-185	65.15.625	14.00.565
NM-249-186	65.15.678	14.00.809
NM-249-187	65.15.263	14.00.539
NM-249-188	65.15.217	14.00.518

Minjar	Breiddargráða	Lengdargráða
NM-249-189	65.15.208	14.00.526
NM-249-193	65.15.153	14.00.617
NM-249-194	65.16.955	14.00.617
NM-249-195	65.16.848	14.00.321
NM-249-196	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-197	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-198	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-199	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-200	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-201	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-202	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-203	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-204	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-205	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-206	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-207	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-208	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-209	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-210	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-211	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-212	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-213	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-214	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-215	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-216	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-217	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-218	Óhnitsett	Óhnitsett
NM-249-219	Óhnitsett	Óhnitsett

Heimildaskrá

Heimildamenn:

Árni Scheving Stefánsson: Fæddur 1928 á Seyðisfirði og uppalinn þar. Ólst upp í húsinu Brekku sem var í húsaþyrpingunni í Firði.

Gunnar Ragnarsson: Fæddur 1940 á Seyðisfirði og uppalinn þar.

Haraldur Már Sigurðsson: Fæddur 1949 á Seyðisfirði og uppalinn þar.

Jóhann Grétar Einarsson: Fæddur 1939 á Seyðisfirði og uppalinn þar. Loftskammtamaður og síðar stöðvarstjóri Pósts og síma.

Jóhann Sveinbjörnsson: Fæddur 1934 á Seyðisfirði og er uppalinn þar.

Karl Svavarsson: Fæddur 1950 á Seyðisfirði og uppalinn þar.

Pétur Jónsson: Fæddur 1953 í Reykjavík.

Sigrún Ólafsdóttir Fædd 1953 í Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir 1965 í V-Barðastrandasýslu. Doktor í fornleifafræði. Gerði fornleifarannsókn á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði.

Svanhvít Hávarðsdóttir. Fædd 1924 á Seyðisfirði og uppalin þar.

Kort:

Jón Víðis. Mælingakort af Seyðisfjarðarkaupstað. 1:500. 1925.

Tutein & Koch. Mækingakort af Seyðisfjarðarkaupstað. 1:2000. Kortið er gert í smækkaðri mynd eftir korti Jóns Víðis. 1928.

Pálmi Einarsson. Túnakort af Fjarðar og Fjarðarselslandi. 1:2000. Reykjavík. 1929.

Loftmyndir:

Loftmynd af Seyðisfjarðarkaupstað. 1:2000 1965-66.

Loftmynd af Seyðisfjarðarkaupstað. 1:2000. Landmælingar Íslands. Reykjavík. 1989.

Ritheimildir:

Ármann Halldórsson (ritstjóri). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnanesi 1975.

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga: Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð. Byggðasafn Skagfirðinga. 2007 (Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007:62).

Brunabótarmat frá 1916-1944.

Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir: Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Byggðasafn Skagfirðinga. Sauðárkrókur. 2005.

Guðmundur Ólafsson. Frumrannsókn á minjum á Seyðisfirði vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna. Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík. 1998.

Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins. Þjóðminjasafn Íslands, Landsvirkjun. Reykjavík. 2003.

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Byggðarsafn Skagfirðinga. Sauðárkrókur. 2007.

Hjalti Hugason: “Kristnir trúarhættir”, Íslensk þjóðmenning V. Trúarhættir. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík. 1988.

Hjalti Þórisdóttir. Horft af Bæjarbrún, Af forsögu kaupstaðarlands Seyðisfjarðar. Hjalti Þórisson. Reykjavík. 1995.

Hjálmar Vilhjálmsson. Seyðfirskir hernámsþættir. Bókaútgáfan Örn og Örlygur. Reykjavík. 1977.

Hjörleifur Guttormsson. Ferðafélag Íslands árbók 2005, Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar. Ferðafélag Íslands. Prentsmiðjan Oddi. Reykjavík. 2005.

Húsvirðingar frá 1878-1912.

Hörður Ágústsson: Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940. Húsafriðunarnefnd ríkisins. Reykjavík. 1998.

Jónas Jónsson: "Landbúnaður á Íslandi", Rafræn útgáfa. Sjá
<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/fbdc911b0ee259d500256cbb005789b4?OpenDocument&Highlight=0,framr%C3%A6sla>

Kristján Róbertsson. Byggðarsaga Seyðisfjarðar. Fyrri bindi. Steinholt hf. Seyðisfjörður. 1995.

Lúðvík Kristjánsson. Íslenzkir sjávarhættir III. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík. 1983.

Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson. Gráskinna hin meiri. Reykjavík. 1962.

Sigríður Sigurðardóttir. Torf til bygginga. Byggðasafn Skagfirðinga. Skagafirði. 2006. (Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VII).

Sveinn Níelsson. Prestatal og prófata I. 2. útgáfa. Hið Íslenska bókmenntafélag. Reykjavík. 1950.

Þóra Guðmundsdóttir. Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar. Safnastofnun Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaður. Ísafoldarprentsmiðjan hf. Seyðisfjörður. 1995.

Sveinn Níelsson. Prestatal og prófata I. 2. útgáfa. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík. 1950.

Óútgefið efni:

Árni Stefánsson. Snjóflóð og skriðuföll í Seyðisfirði.

Guðmundur Ólafsson, Orri Vésteinsson: Fornleifaskráning. Skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir. Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. 1997.

Hjálmar Vilhjálmsson. Bænda- og húsfeðratal í Seyðisfjarðarhreppi. 1977.

Jóhann Sveinbjörnsson. Ávarp til gesta Tækniminjasafns Austurlands árið 1996.

Jón Jónsson. Örnefni í Fjarðarlandi í Seyðisfjarðarkaupstað. Örnefnaskrá byggð á minni Haraldar Guðmundssonar sem er innfæddur Seyðfirðingur. 1943.

Sigurður Magnússon. Samtíningur örnefna í Seyðisfirði. 1981.

Sigurður Vilhjálmsson. Örnefnaskrá Seyðisfjarðar með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands. 1981.